




Ársskýrsla 2023

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn



Ársskýrsla 2023

| Landsbókasafn Íslands
| Háskólabókasafn



Kvennaverkfallið á Arnarhóli 2023. Mynd Heiðrún Fivelstad

Konur og kvár lögðu niður störf á Íslandi þann 24. október 2023 undir yfirskriftinni *Kallarðu þetta jafnrétti?* Starfsfólk safnsins sótti fundinn sem haldinn var á Arnarhóli í Reykjavík, en safnið var opið.

Rakel Adolphsdóttir fagstjóri Kvennasögusafns, átti sæti í Framkvæmdaráði um kvennaverkfall og margt starfsfólk tók þátt í undirbúningi. Fundurinn í Reykjavík varð stærsti fundur Íslandssögunnar.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

ÁRSSKÝRSLA 2023.

ISSN 2298-8785.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot: Íslenska auglýsingastofan og Ólafur J. Engilbertsson.

Prentun: Háskólaprent.

Forsíðumynd: Heiðrún Fivelstad. Frá Kvennaverkfallinu á Arnarhóli 2023.

Aðrar myndir: Ólafur Jóhann Engilbertsson, Helgi Braga og

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.



Efnisyfirlit

Ársskýrsla 2023	1
Frá landsbókaverði	4
Stjórnsýsla	6
Innra starf	7
Samskipti við Háskóla Íslands	13
Innlent samstarf	14
Erlent samstarf	17
Rannsóknir og þróun	18
Samningar	19
Skipurit	20
Rekstur og upplýsingatækni	21
Aðföng og skráning	28
Varðveisla og stafræn endurgerð	33
Þjónusta og miðlun	43
Árstölur	50

Frá landsbókaverði

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Við breytingar á Stjórnarráði Íslands, sem samþykkt var á Alþingi í janúar 2022 færðist safnið undir nýtt menningar- og viðskiptaráðuneyti ásamt fleiri menningarstofnunum. Vegna tvískipts hlutverks safnsins hefur það einnig tengiliði við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.

Ný stjórn safnsins var skipuð og er Fanný Gunnarsdóttir áfram formaður. Sjá nánar á bls. 6. Endurskoðað skipurit var samþykkt og helstu breytingar eru á Aðfangasviði í kjölfar innleiðingar nýs Gagnis.

Rekstur var áfram yfir áætlun og staðan neikvæð um rúmlega 100 m.kr. í árslok. Afkoman er erfið og helsta skýringin er að framlög á fjárlögum hafa verið skörin niður undanfarin ár, en að öll útgjöld t.d. varðandi rekstur Þjóðarbókhöðunnar hafa hækkað verulega. Landsaðgangur var færður á sér fjárlaganúmer. Ársverkum fækkaði um rúmlega þrjú. Ferðir, ráðstefnur, sýningarhald og dagskrár voru áfram í lágmarki. Nokkuð var um endurnýjun á búnaði í húsrekstri.

Edda – hús íslenskunnar og Árnastofnunar, sem reist var við hlið Þjóðarbókhöðunnar, var opnuð 19. apríl á degi íslenskunnar. Þá var haldin heilsdags vorráðstefna Upplýsingar og Landskerfis bókasafna 25. maí. Borgarbókasafn hélt upp á 100 ára afmæli sitt með fjölbreyttri dagskrá m.a. ráðstefnunni *Nordic Libraries Together / Almenningsbókasafnið sem samfélagsvettvangur* 18.-20. okt.

Starfsfólk frá háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu hélt fund með starfsfólki safnsins 30. mars og þar var fjallað um opinn aðgang, IRIS, Gagnís og fleira sem tengist opnum aðgangi. Ráðuneytið auglýsti sérstaka styrki til aukins samstarfs háskóla og Lbs-Hbs tók þátt í umsókn allra háskólanna vegna að samþættingar og þróunar á IRIS (PURE) kerfinu, þvert á háskóla og rannsóknastofnanir. Verkefnið fékk 28 m.kr. til næstu tveggja ára m.a. vegna starfsmanns sem tekur þátt í að setja inn efni og þróa verkefnið áfram. Lbs-Hbs fékk úthlutað úr Bókasafnasjóði 7 m.kr. til átaksverkefnis um skráningu nafnmynda í Gagni og samstarfsverkefni háskólabókasafna vegna *Viku opins aðgangs 2023* fékk 2 m.kr. Þá fékk Landskerfi bókasafna einnig styrk til að þróa rafræn bókasafnaskort. Undirbúningur að flutningi Menntavísindasviðs HÍ á Sögu og sameiningu bóksafns sviðsins og Lbs-Hbs hélt áfram. Sameiningin var samþykkt í

háskólaráði 1. júní. Ráðinn var s.k. „grisjari“ til að grísa efni í báðum söfnum og undirbúa flutning safnkostsins. Sameiningin er talsverð áskorun, en jafnframt opnast ný tækifæri til þróunar og samvinnu.

Hugbúnaðurinn PyWb 2.7 fyrir *vefsafn.is* var innleiddur í upphafi árs og leysti af hólmi Open Wayback leitarvélina. Honum fylgdi ný ítarleit sem leitar eftir hluta slóðar og takmarkar tímabil leitar. Nýr *Inn-gangur* var opnaður og þar er safnað saman margvíslegu efni sem starfsfólk notar við dagleg störf, en var áður dreift. Þá voru fengnar kynningar á skjalakerfum á markaði og tekinn prufuaðgangur að rafrænum undirskriftum. Gengið var til samninga um nýtt skjalakerfi frá One Systems í nóv. að loknu útboði.

Safnið tók aukinn þátt í rannsóknum og haldið er sérstaklega utan um það, sjá bls. 18. Fundur NNG (Nordic Networking Group on Bibliographic and Infrastructure Topics var haldinn 25.-26. apríl í Bókhöðunni. Ennfremur var haldinn fundur NING (Nordic Information Network Gender) í safninu 25. september. Safnið tekur þátt í rannsóknaverkefninu Transkribus ásamt Þjóðskjalasafni Íslands. Þá fékkst styrkur úr Innviðasjóði til að vinna að skráningu og lýsingu efnis á *handrit.is*. Safnið kom afar vel út í þjónustukönnun ríkisstofnana sem gerð var 2022. Lokið var við nokkrar aðgerðir í Grænu skrefi 3.

Stefna ríkisaðila 2023-25

Rekstraráætlun fyrir 2023 var unnin skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF), auk árlegrar stefnumótunar til næstu þriggja ára, í samvinnu við menningar- og viðskiptaráðuneytið. Áhersluverkefni safnsins næstu árin, falla undir málaflokk *18.1 Safnamál* í fjárlögum, en einnig er tekið mið af málafnasviðum *7 Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar* og *21 Háskólastig*. Markmið og verkefni safnsins voru endurskoðuð á síðasta ári og vinna við þau heldur áfram. Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi á árunum 2022-2024 eru:

Kjarnastarfsemi:

1. Húsnæði – stafræn yfirfærsla – vernd menningararfs
2. Skráning og rannsóknir
3. Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Rekstrarþættir:

1. Veita betri og skilvirkari opinbera þjónustu.
2. Efla góðan vinnustað og veita góða þjónustu.
3. Stunda öflugan og vistvænan rekstur.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framgangi einstakra verkefna, en vakinn er athygli á að stefnan nær til þriggja ára, og er endurskoðuð árlega.

Kjarnastarfsemi

1. Húsnæði – stafvæðing – vernd

Menningar- og viðskiptaráðherra undirritaði í desember 2023 þriggja ára samning við Akureyrarbæ um greiðslur til Amtsbókasafnsins vegna hlutverks þess sem skylduskilasafns. Þá undirrituðu ráðherra og sveitarstjórn Borgarbyggðar viljayfirlýsingu í janúar 2024 um að finna hentugt húsnæði í sveitarfélaginu fyrir varaeintakasafnið sem nú er í Reykholti.

Hafin er úttekt á magni hliðræns efnis, öðru en prenti, sem þarf að koma í stafrænt form. Um er að ræða tónlistarefni (frumupptök úr hljóðverum), viðtöl, þáttagerð, smáprent, myndir, bréfasöfn o.fl.

Koma þarf stafrænu efni í öruggar gagnageymslur. Skoða þarf núverandi varðveislukosti við varðveislu stafræns efnis, gera greiningu á verði, öryggi o.fl. Fylgst er með varðveislukostum á markaði, og framundan er markaðskönnun.

2. Skráning og rannsóknir

Unnið er að skráningu og söfnun á frumupptökum íslenskrar tónlistar. Tekið er við því efni sem berst t.d. úr hljóðverum eða frá einstaklingum og einnig haft auga á þekktum söfnum í vörslu fyrirtækja og einstaklinga.

Þá er unnið að skráningu nafnmynda í Gegni, en verkefnið var sett af stað í lok árs 2023 eftir innleiðingu nýs bókasafnskerfis hjá Landskerfi bókasafna. Styrkur fékkst úr Bókasafnasjóði og Ragna Steinarsdóttir var ráðinn haustið 2023 til að sinna því.

Áhugi er á að taka við rekstri Open Journal Systems (OJS) sem er kerfi til að halda utan um íslensk vísindatímarit í opnum aðgangi. Beiðni kom frá Háskóla Íslands um að safnið taki við verkefninu og samkomulag náðist um það. Ganga þarf frá samningum milli aðila og kostnaðarskiptingu. Stefnt er að kaupum á öflugri útgáfu af kerfinu en nú er í notkun.

3. Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Vonir standa til að miðlæg fjármögnun Landsaðgangs hafi verið tryggð, en verkefnið hefur fengið sérstakt fjárlaganúmer. Nægilegt fjármagn þarf til að takast á við gengissveiflur íslensku krónunnar.

Sérfræðingar frá Lbs-Hbs tóku þátt í mótun stefnu um opinn aðgang og opin vísindi á vegum háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins. Stefnt er að því að þróa margvíslega þjónustu við háskóla- og vísindasamfélagið vegna birtinga í opnum aðgangi.

Safnið rekur rannsóknupplýsingakerfið IRIS og fékk það verkefni frá gamla mennta- og menningar- málaráðuneytinu. Það fékk styrk á árinu frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu (Samstarf háskóla) til þess að ráða starfskraft tímabundið í skráningu upplýsinga um íslenskar rannsóknir aftur í tímann. Samstarf er við Rannís og Gæðaráð háskóla.

Rekstrarþættir - áhersluverkefni

1. Betri og skilvirkari opinber þjónusta

Innleiðing *Betri vinnutíma* tókst afar vel og starfsfólk er sátt við niðurstöðuna. Sífellt er unnið að því að auka stafræna þjónustu við almenna notendur og safnið rekur m.a. 20-30 þjónustuvefi. Farið var í útboð á skjalakerfi með það að leiðarljósi að geta veitt betri stafræna þjónustu s.s. stafrænt pósthólf. Rafrænar undirskriftir eru í skoðun og verða innleiddar 2024. Þá verða tekin skref í öryggisflokkun gagna. Upplýsingatæknisamningar eru í stöðugri endurskoðun og teknar hafa verið í notkun skýjaþjónustur fyrir stafrænt efni. Unnið er eftir netöryggisstefnu stjórnvalda.

2. Efla sig sem vinnustað / góð þjónusta

Safnið hefur sett sér mannauðsstefnu og nýtir mannauðstorg ríkisins. Starfsþróunaráætlanir eru gerðar og starfsþróunarsjóðir nýttir, auk námskeiða frá Microsoft365, Landskerfi bókasafna og sérhæfðum námskeiðum sem standa til boða. Jafnlaunavottun er viðhaldið. Innleiðing upplýsingastefnu stjórnvalda er í skoðun. Aukin áhersla er á skjalastjórnun og skráningu og varðveislu upplýsinga. Unnið er að aukinni skilvirkni í afgreiðslu upplýsingabeiðna. Þá er örugg meðferð upplýsinga höfð að leiðarljósi við skjalastjórn og afgreiðslu mála. Kappkostað er að auðvelda almenningi aðgang að efni og gögnum safnsins. Lögð er áhersla á virka fræðslu um upplýsingarétt almennings og gestum leiðbeint um leit og notkun gagna.

3. Öflugur og vistvænn rekstur

Vinna við skref 3 í *Grænum skrefum* var komin vel áleiðis í lok árs og vinna við skref 4 í skoðun. Loftlagsstefna er í mótun. Stafræn þjónusta er umtalsverð og meginhlutinn snýr að stafrænu aðgengi að safnkostinum á netinu. Hluti starfsfólks er bæði í fjarvinnu og staðvinnu. Þrif eru komin í útboðsferli hjá Ríkiskaupum. Samrekstur og samnýting á kerfum er með öðrum bókasöfnum í landinu. Einnig áskriftir að rafrænu erlendu efni. Lausnir Microsoft365 eru notaðar þegar hentar starfsemi safnsins.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

Stjórnsýsla

Stjórn

Ný stjórn var skipuð frá 1. febrúar 2023 til 31. janúar 2027. Í stjórn sitja: Fanný Gunnarsdóttir formaður, skipuð af menningar- og viðskiptaráðherra, Guðmundur Hálfðánarson varaformaður og Freyja Hreinsdóttir, tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Magnús Már Halldórsson tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, Erla Hulda Halldórsdóttir tilnefnd af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, tilnefnd af Upplýsingum og Erlendur Már Antonsen, tilnefndur af starfsfólki safnsins. Í varastjórn sitja Agnar Bragi Bragason, Ebba Þóra Hvanberg, Stefán Hrafn Jónsson, Þórný Hlynisdóttir, Viðar Pálsson, Halldór Marteinson og Magný Rós Sigurðardóttir. Stjórnarfundir sátu einnig landsbókavörður og fjármálastjóri safnsins. Haldnir voru átta stjórnarfundir. Fundargerðir eru birtar á *Inngangi* og sendar menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega, en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæft og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sátu landsbókavörður og sviðsstjórnar, Edda Guðrún Björgvinsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Ragna Steinarsdóttir og Örn Hrafnkelsson, auk Guðrúnar Halldóru Sveinsdóttur mannauðsstjóra. Edda Guðrún lét af störfum í september og Matthías Einarsson kom í hennar stað.

Ragna Steinarsdóttir lét af störfum í nóvember, og Hallfríður Hrönn Kristjánsdóttir tók við sem sviðsstjóri aðfangasviðs þann 1. desember.

Ráðið fundaði 33 sinnum á árinu og eru fundargerðir birtar á *Inngangi*.

Lagaumhverfi

Engar beinar breytingar urðu á lagaumhverfi safnsins á árinu. Sendar voru umsagnir um frumvarp til laga um tónlist og þingsályktun um tónlistarstefnu fyrir árin 2023-2030. Ennfremur um þingsályktun um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025 og þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu.

Áfram var unnið að endurskoðun laga um skylduskil.

Stefnumótun safnsins

Ný stefna safnsins var kynnt síðla árs 2022. Stefan ber yfirskriftina *Þekkingarveita í allra þágu*, eins og síðasta stefna. Áhersla er lögð á uppbyggingu starfæns umhverfis og þjónustu, aukna þátttöku í rannsóknarverkefnum og heilsusamlegu og hvetjandi vinnu umhverfi. Gæðamál og bættir verkferlar eru einnig í forgrunni. Bæklingur með styttri útgáfu af stefnunni var gefinn út, en hún er einnig aðgengileg á vef safnsins.

Skipurit

Breyting var gerð á skipuriti haustið 2023. (sjá bls. 20). Það var einfaldað, en Rekstrarsviði skipt upp í tvær einingar, stjórnsýslu annarsvegar og fjármál / rekstur hinsvegar. Einnig er aukin áhersla á kjarnaverkefni safnsins.

Innra starf

Rekstraráætlun

Framlag til safnsins á fjárlögum 2023 og vegna rannsóknarleyfa og kjarasamninga var kr. 1.161.5 millj. kr. (1.119.200) millj. kr. Framlagið skýrist af kröfum um aukið aðhald og minni framlögum frá samstarfsaðilum. Við þetta bætast sértekjur safnsins kr. 329.000 (311.200) millj. kr., þannig að framlög og sértekjur safnsins voru 1.490.500 (1.430.400) millj. kr. Vegna frekar hagstæðs gengis krónunnar voru útgjöld vegna erlendra aðfanga hófleg, en innlend aðföng og þjónusta hækkaði. Fasteignagjöld hækkuðu enn og útgjöld vegna ýmissa verkefna voru hærri en gert var ráð fyrir.

Verkefnaáætlanir

Verkefnaáætlanir taka mið af nýrri stefnu safnsins 2023-2027. Verkefni og aðgerðir eru tengdar stefnunni og vinna við mörg verkefni hófst. Á síðasta ári var gefinn út einfaldur bæklingur með málaflokkum og helstu verkefnum. Haldið er utan um framgang verkefna í Teymi (Teams).

Innleiðingar og nýjungar

Rafrænar undirskriftir

Innleiðing rafrænna undirskrifa hófst. Áskrift var tekin hjá Taktikal fyrri hluta árs og hún hugsuð sem n.k. tilraunaverkefni, fyrir undirritanir á samningum um stafræna endurgerð. Fyrsti samningurinn sem var undirritaður rafrænt, var við Embætti landlæknis vegna stafrænnar endurgerðar.

Nýr - Inngangur

Nýr endurskoðaður *Inngangur*, var opnaður í ársbyrjun með nýtt útlit. Hann er í s.k. Sharepoint lausn, en er ekki lengur eiginlegur vefur. Þar er nú aukinn aðgangur að innri kerfum og nýju efni sem starfsfólk hefur aðgang að, m.a. gæðakerfinu og skjalakerfinu.

Nýtt skjalakerfi

Þann 10. nóv. var eftir útboð, undirritaður samningur við One Systems Ísland um kaup á afnotarétti á hugbúnaðarkerfunum OneCrm samskiptakerfi og One Records málástýringarkerfi, auk fleiri kerfiseininga. Hér er um að ræða nýtt skjalakerfi fyrir safnið, í stað Gopro frá Hugviti, sem hefur verið í notkun frá 2006. Öll gögn voru flutt á milli kerfa í lok árs og .

Leiðbeiningar um rafræna vöktun

Leiðbeiningar um fræðslu vegna rafrænnar vöktunar voru samþykktar 22. nóv. Tilgangurinn með vöktun er að tryggja öryggi starfsfólks, gesta, safnkosts og eigna.

Fræðsla

Haldin voru 3 örnámskeið og kynningar og 1 námskeið eða formleg fræðsla innanhúss. Safnið greiddi þátttöku 8 starfsmanna á samtals 9 málþing, námskeið eða ráðstefnur. Auk þess sótti starfsfólk fjölda fræðsluerinda, ráðstefna og funda á netinu á árinu. Formlegar kynningar og fræðsla voru m.a.:

- Á vef – fræðsla um notkun eftirlitsmyndavéla.
- Kynning á gagnagrunnum á vegum Miðstöðvar stafrænna hugvísinda og lista.
- Kynningar á skjalakerfum.
- Kynning á Erasmus verkefninu Student Starter Kit.
- Kynning á gæðakerfi safnsins.
- Kynning á rannsóknaverkefninu *Rannsóknaháskóli verður til*.

Greitt var fyrir átta starfsmenn á málþing, námskeið og ráðstefnur.

Námsleyfi

Skv. kjarasamningum BHM frá 2011 hefur starfsfólk sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun rétt á leyfi til endurmenntunar eða framhaldsnáms, enda sé það í samræmi við endurmenntunar- eða starfsþróunaráætlun stofnunar eða starfsmanns. Safnið mótaði reglur um námsleyfi til að framfylgja þessu ákvæði á sínum tíma.

Telma Rós Sigfúsdóttir á Aðfangasviði, lauk meistaraþrófi í upplýsingafræði í júní. Lokaritgerðin ber heitið *Af hverju finn ég ekki allt efni eftir höfundinn? Rannsókn á vensluðum gögnum og nafnmynda-stjórnun*. Markmið rannsóknarinnar, sem er eigindleg, er að finna mögulegar leiðir til að opna gagnasöfnin sem eru leitarbær í leitir.is og tengja þau saman. Tilgangurinn er m.a. að notendur geti fundið allt efni eftir sama aðila óháð því hvaða nafnmynd einstaklings er notuð í leitinni og stuðla þannig að betra aðgengi notenda að upplýsingum.

Rannsóknarleyfi

Félagar í Félagi háskólakennara hafa getað sótt um rannsóknarleyfi með nokkurra ára millibili. Með breytingum á skipan ráðuneyta á síðasta ári, var þetta fyrirkomulag felld niður og er stofnunum sem hafa fengið úr þessum sjóði ætlað að kosta endurmenntun. Ekki fylgdi fjárveiting með breytingunni.

Helstu ráðstefnur, málþing og fundir

Málþing um Gunnlaug Briem

18. aldar félagið hélt vel sótt málþing um Gunnlaug Briem sýslumann þann 14. jan. en hann er ættfaðir Briem ættarinnar. Sett var upp lítil sýning í skáp við fyrirlestrasal. Þjóðminjasafn Íslands setti einnig upp vefsýningu af þessu tilefni og er hún aðgengileg í [Sarpi](#).

Málþing um Leiklistarskóla SÁL

Þann 2. febrúar var haldið málþing fyrir fullum fyrirlestrasal um Leiklistarskóla SÁL (Samtaka áhugafólks um leiklistarnám), en Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra opnaði dagskrána. Málþingið er haldið samhliða sýningunni Leiklistarskóli SÁL – 50 ár sem stóð yfir í safninu, en þar voru sýndar myndir og gögn sem nemendur og kennarar skólans gáfu Leikminjasafni Íslands til varðveislu í tilefni 50 ára afmælisins. SÁL var leiklistarskóli stofnaður og rekinn af nemendum sjálfum, á tímabilinu 1972-1975. Þarna fór fram mikið hugsjónastarf og bakvið tjöldin mikil barátta nemenda fyrir nýjum aðferðum í leiklistarkennslu og ríkisreknum leiklistarskóla. Sjá nánar á Fésbók Leikminjasafns.

Upplýsinga- og miðlalæsi – fræðsluvika

Fræðsluvika um upplýsinga- og miðlalæsi var haldin 13.-17. febrúar á vegum Tengslanets um upplýsinga- og miðlalæsi (TUMI) og Fjölmiðlanefndar. Þann 16. febrúar var haldið fjölsótt málþing í Grósku um málefnið og aðalfyrirlesari var Stephanie Comey frá írsku fjölmiðlastofnuninni (Broadcasting Authority of Ireland). Hún kynnti starfsemin BAI og sagði frá átaki á vegum hennar varðandi upplýsinga- og miðlalæsi. Þar komu írsk bókasöfn sterkt inn, með sínu samskipta- og upplýsinganeti, faglegum vinnubrögðum og samstarfi ólíkra aðila þar í landi.

Þá sat landsbókavörður í pallborði í lok ráðstefnunnar. Málefnið fékk kynningu í fjölmiðlum og Skúli Bragi Geirdal verkefnisstjóri hjá Fjölmiðlanefnd var í Kastljósi í vikunni. Einnig má nefna að komin er grein um upplýsingalæsi á Vísindavef HÍ. Sjá einnig ýmislegt efni á vef RÚV og vef safnsins.

Heimildir á vergangi : Fundur Sagnfræðingafélagsins um skjalamál

Þann 27. apríl boðaði Sagnfræðingafélag Íslands til fundar um málefni héraðsskjalasafna í fyrirlestrasal safnsins. Tilefnið var að Reykjavíkurborg og Kópavogsbær áforma að leggja niður skjalasöfn sín og fela Þjóðskjalasafni Íslands varðveislu og upplýsingagjöf úr söfnunum. Félagið hefur sent frá sér tvær yfirlýsingar vegna málsins. Fjölmennt var á fundinum, en fjórir framsögumenn reifuðu málin. Síðan var pallborð og fundargestir óskuðu eftir svörum og skýringum.

Maístjarnan

Ljóðabókaverðlaunin *Maístjarnan* voru afhent 24. maí og þau hlaut Bergþóra Snæbjörnsdóttir fyrir bókina *Allt sem rennur*. Útgefandi er forlagið Benedikt. Gjaldgengar voru allar útgefnar íslenskar ljóðabækur 2022 sem komu í skylduskil til Lbs-Hbs og fékk dómnefnd þær til umfjöllunar, alls 93 bækur. Í nefndinni sátu

Arnór Ingi Hjartarson fyrir hönd Rithöfundasambandsins og Emma Björk Hjálmarasdóttir fyrir hönd Lbs-Hbs.

Vorráðstefna Upplýsingar, Aleflis og Landskerfis

Þann 25. maí var heilmikil dagskrá í Háskólanum í Reykjavík á vegum Upplýsingar og Landskerfis bókasafna. Dagskráin skiptist í þrennt:

- Upplýsingadagur Clarivate

Í fyrsta hluta ráðstefnunnar voru Jessica Porter og Martin Blomkvist með kynningar á þjónustu og söluvörum fyrirtækisins Clarivate, m.a. á Alma, Primo og Leganto bókasafnskerfunum, sem fyrirtækið keypti af ExLibris. Þau kynntu einnig nýja vinnuferla, vörur og þjónustur sem eru í þróun í fyrirtækinu.

- Aðalfundur Upplýsingar og Aleflis

Þá voru haldnir aðalfundir Upplýsingar og Aleflis – notendafélags Gegnis. Starfsemi Upplýsingar var með hefðbundnum hætti og félagið stendur vel fjárhagslega. Alefli notendafélag Gegnis var stofnað þegar fyrsti Gegnir var settur á fót í upphafi aldarinnar og var hugsað sem hagsmunafélag bókasafnanna. Félagið stóð fyrir árlegum ráðstefnum og gætti hagsmuna safnanna gagnvart kerfissala. Þessi starfsemi hefur smám saman færst inn í Landskerfi bókasafna og því var samþykkt á fundinum að leggja félagið niður.

- Vorráðstefna Upplýsingar, Aleflis og Landskerfis

Eftir hádegi hófst vorráðstefnan sem Þórný Hlynisdóttir formaður Upplýsingar setti. Benedikt Hjartarson prófessor í bókmenntafræði við HÍ sagði frá rannsókninni *Kortlagning íslensks bókmenntakerfis : um fjarkönnun, gagnagrunna og íslenska menningarsögu*, en þar eru m.a. notuð gögn úr Gegni. Hallfríður Kristjánsdóttir Lbs-Hbs og Sveinbjörg Sveinsdóttir hjá Landskerfi fjölluðu um gæðamál tengd bókfræðigögnum í Gegni, sem voru notuð í rannsókninni, samráði um grunninn, ákvarðanatöku og gæði gagna. Linda Hrönn Þórisdóttir formaður Bókasafnaráðs fjallaði um hlutverk ráðsins og kynnti drög að stefnu um bókasöfn, Pálína Magnúsdóttir sagði frá framtíðarsýn Borgar-bókasafns og breytingum á húsnæði aðalsafns. Ráðstefnunni lauk með pallborði frummælenda, ásamt fulltrúum frá Kópavogi, Hafnarfirði og Akranesi.

Skjalasöfn – saga kvenna

Rætt var við Rakel Adolphsdóttur og Halldóru Kristinsdóttur í þættinum Sósíalískir femínistar á Samstöðinni þann 15. júní. Þátturinn er í umsjón Söru Stef Hildardóttur og Maríu Pétursdóttur. Umræðuefni þáttarins var fyrirhugaðar lokanir borgar- og héraðsskjalasafna í Reykjavík og Kópavogi og möguleg áhrif slíkra ákvarðana á varðveislu og aðgengi að skjölum kvenna.

Á rauðum sokkum í hálfa öld

Þann 7. sept. var haldið fjölmennt málþing um arfleifð Rauðsokkahreyfingarinnar í Þjóðminjasafni. Að því stóðu Lbs-Hbs, Kvennasögusafn, RIKK og HÍ. Fjallað var um áhrif Rauðsokka á íslenskt jafnréttissamfélag, jafnréttisbaráttu, menningarlegt landslag og framsetningu sögulegs efnis sem snýr að jafnréttisbaráttunni. Flutt voru sex fræðileg erindi um hreyfinguna og í lokin var pallborð með fulltrúum hennar. Frá Lbs-Hbs fluttu erindi Rakel Adolphsdóttir sem ræddi um rannsóknir og miðlun eigin sögu, og Karólína Rós Ólafsdóttir frá Íslenska teiknisetrinu sem rannsakaði teikningar og myndmál Rauðsokkanna með styrk frá Rannís.

Eru söfn einhvers virði? – um söfn og safnastarf

Haustið 2023 stóð yfir fyrirlestraröð um söfn og safnastarf á vegum HÍ, í samstarfi við Þjóðminjasafn. Jón Viðar Jónsson leikhúsgagnrýnandi var með erindið *Draumur sem brást – hversvegna á þjóðin ekkert leiklistar eða tónlistarsögusafn?* Þann 8. sept. Hann rakti sögu Leikminjasafnsins, sem hann veitti forstöðu um tíma, og einnig Tónlistarsafnsins í Kópavogi, en bæði þessi söfn eru nú flutt í Þjóðarbókhöðuna. Umræður urðu eftir fyrirlesturinn um söfn og safnastarf, fjármögnun, staðsetningar og samvinnu.

Bókasafnsdagurinn

Þann 8. sept. var bókasafnsdagurinn, sem Upplýsingastendur fyrir. Í Grófarhúsi Borgarbókasafns var dagskrá, sem einnig var streymt. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir var með hugvekju um lestur og læsi, en hún er rit- og myndhöfundur, myndlistarkona og söngkona. Þá voru veitt hvatningarverðlaun Upplýsingar 2023 og þau hlaut verkefnið Stofan á Borgarbókasafni. Það er samfélagsrými, en mánaðarlega er Stofan opnuð af samstarfsaðila sem hefur staðsett og hannað rýmið eftir sínu höfði.

Kynning á nýjum gagnagrunnum á vegum Miðstöðvar stafrænna hugvísinda og lista

Þann 13. sept. var kynning í fyrirlestrasal á tveimur gagnagrunnum sem unnir hafa verið undir hatti Miðstöðvar stafrænna hugvísinda og lista (MSHL). Fyrri verkefnið er samstarf Lbs-Hbs við Árnastofnun og Tíró og nefnist *Talgreining á Ísmús*, og snýst um þróun talgreinis, sem þjálfður er með upptökum úr Þjóðfræðisafni Árnastofnunar. Seinna verkefnið er þróun á *Transkribus* hugbúnaðinum, sem er ætlað að búa til grunn fyrir handskrifaðan texta frá 18. og 19. öld. Það er samstarf Þjóðskjalasafns og Lbs-Hbs, og Unnar Ingvarsson frá ÞÍ og Bragi Þ. Ólafsson frá Lbs-Hbs kynntu verkefnið.

Nordic Information Network Gender – NING

NING-hópurinn (Nordic Information Network Gender) hittist á árlegum staðfundi sínum í Bókhöðunni 25. sept. Norðurlöndin skiptast á að halda fundinn og skipulögðu Kvennasögusafn og Jafnréttisstofa fundinn í ár. Hann var síðast á Íslandi árið 2019. Það Norðurlandanna sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni heldur að jafnaði fundinn. NIKK–Norræna þekkingar- og upplýsingamiðstöðin um jafnréttismál (Nordisk Information för Kunskap om Kön) hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda frá árinu 1998 og hefur Kvennasögusafn tekið þátt síðan þá. Í kjölfar fundarins tóku meðlimir NING netverksins þátt í norrænu LGBTI ráðstefnunni sem Samtökin '78 héldu í samstarfi við forsætisráðuneytið, en ráðstefnan var einnig haldin í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

Borgarbókasafn 100 ára – ráðstefna

Í tilefni af 100 ára afmæli Borgarbókasafns var dagana 18.-20. október haldin norræna ráðstefnan *Nordic Libraries Together / Almenningsbókasafnið sem samfélagsvettvangur*. Ráðstefnan var haldin að frumkvæði samráðsvettvangs norrænna almenningsbókasafna, NINJA, í samstarfi við Amtsbókasafnið á Akureyri, Bókasafn Kópavogs, með stuðningi frá Bókasafnasjóði, Landskerfi bókasafna, Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna og Þjónustumiðstöð bókasafna. Helstu fyrirlesarar voru bandaríski félagsfræðingurinn Eric Klinenberg, en í bók hans, *Palaces for the People*, skilgreinir hann almenningsbókasöfn sem lykilstofnanir í blómlegum samfélögum. Einnig talaði hollenski arkitektin Jan David Hanrath sem hefur sérhæft sig í hönnun bókasafna, en arkitektastofa hans var valin til að þróa breytingar á Grófarhúsi Borgarbókasafns. Ráðstefnan var haldin í útibúi Borgarbókasafns í Úlfarsárdal, en þar mættast grunnskóli, bókasafn og sundlaug í sama húsnæði.

Alþjóðleg vika opins aðgangs

Dagana 23.-29. október var haldin alþjóðleg vika opins aðgangs 2023. Dagskráin í var sérstaklega fjölbreytt, þökk sé Bókasafnasjóði, sem styrkti vikuna veglega. Skipulagningu annaðist samstarfshópur háskólabókasafna um opinn aðgang/opin vísindi. Vefkynningar voru fjórar og allar á TEAMS, en auk þess var málstofa haldin 25. október í Grósku og á TEAMS. Opin vísindi /opinn aðgangur er mikilvægt málefni sem snertir alla rannsakendur og fékk samstarfshópurinn til liðs við sig erlenda fyrirlesara og sérfræðinga sem þekkja vel til þessara mála.

Fyrsti desember

Þjóðarabókhladan var opnuð 1. desember 1994 við hátíðlega athöfn og þann dag voru Landsbókasafn Íslands og Háskólasafn formlega sameinuð í eina stofnun eftir langan aðdraganda. Jafnan er haldið upp á daginn í safninu og starfsfólki sem hefur hætt vegna aldurs er boðið, auk stjórnar og nokkurra annarra gesta, svo og starfsfólki sem er við störf. Landsbókavörður og sviðsstjórar kynntu það helsta sem er á döfinni í safninu og Sigríður Jónsdóttir sagði frá sýningu um þýska leikmyndamálarann Lothar Grund. Að lokum var boðið í kaffi og spjall í mötuneyti.

Útgáfa

Stefnt er að því að útgáfa safnsins sé sem mest stafræn. Ársskýrslur frá 1994 og sýningarskrár frá 2007 eru á vef safnsins, en örfá eintök prentuð. Auk þessa eru *Árbók Landsbókasafns* 1945-1994 og *Ritmennt* 1996-2005 á *timarit.is*.

Bæklingar Þjónustusviðs Leiðarvísar

Bæklingar þjónustusviðs eru endurskoðaðir reglulega. Þeir bæklingar sem eru ætlaðir almennum notendum verða áfram á pappír, en efni um einstakar fræðigreinar hafa verið færðar í Leiðarvísasafnið, auk þess sem leiðarvísunum hefur verið fjölgað.

Sýningarskrár

Gefnar voru út tvær veglegar sýningarskrár í tengslum við sýningar um Lothar Grund leikmyndasmið og Ingólf Guðbrandsson kórstjóra og ferðamálafrömuð. Einblöðungar voru gefnir út í tengslum við aðrar sýningar og kynnt á vef. Um hönnun sá Ólafur J. Engilbertsson.

Vefir og samfélagsmiðlar

Vefir og vefþjónustur

Vefsafn.is hefur frá upphafi stuðst við hugbúnaðinn OpenWayback. Ljóst hefur verið síðustu ár að endurnýja þurfi hugbúnaðinn og finna nýja lausn. Upplýsingatæknihópur safnsins hefur því skoðað opna hugbúnaðinn PyWb sem arftaka OpenWayback. PyWb hefur verið í virkri þróun, en vantaði ýmsa möguleika, m.a. aðgangsstýringu, þýðingu á önnur tungumál o.fl.

International Internet Preservation Consortium (IIPC) styrkti viðbótarþróun á hugbúnaðinum á árunum 2020-21 m.t.t. að hann mæti betur þörfum meðlima samtakanna. Lbs-Hbs kom að þessari vinnu bæði við skilgreiningu á þörfunum og prófunum á nýjum útgáfum. Hefur UT-hópur unnið jafnt og þétt síðustu ár að aðlögun hugbúnaðarins og haft vefsafnið aðgengilegt í gegnum hann í "beta" aðgangi. Vinnan hélt áfram út 2022 og leyst var úr ýmsum málum sem komu í veg fyrir að PyWb leysti eldri hugbúnað af hólmi.

Með útgáfu PyWb 2.7 í lok nóv. og eftir nokkrar viðbótaraðlaganir leysti PyWb loksins OpenWayback af hólmi á Vefsafn.is í lok árs. Líklega er stærsta breytingin ný "ítarleit" sem gefur kost á að leita eftir hluta slóðar og takmarka tímabil. T.d. má finna allar slóðir sem byrja á bok.hi.is frá 1996-2000 (8.351 niðurstaða).

Vefmælingar

Fylgst var með notkun á 27 (28) vefjum á vegum safnsins á árinu. Notkunin var mæld með Google Analytics, en tölurnar yfirfarnar. Vefurinn ismus var fluttur til Árnastofnunar, en hann er samstarfsverkefni beggja stofnana. Samanlagður fjöldi heimsóknna er aftur á uppleið, en samdráttur varð eftir Covid-19 tímabilið. Heimsóknir voru rúmlega 3.8 millj. en síðuflettingar eru svipaðar og í fyrra og voru tæplega 15 millj. á árinu. Heimsóknum á síðurnar *timarit.is* og *skemman.is* fjölgaði, en fækkun varð m.a. á *handrit.is* og *hljodsafn.is*.

Að meðaltali voru vefir safnsins heimsóttir tæplega 10.500 sinnum á dag og um 41.000 síður sóttar daglega af notendum árið 2023. Rúmlega fjórðungur heimsóknna eru í gengum snjalltæki, en misjafnt eftir vefjum. Eins og áður eru *timarit.is* og *skemman.is* langvinsælustu vefir safnsins. Þá kemur aðalvefurinn *landsbokasafn.is* og *handrit.is*. Sjá nánar um heimsóknir og flettingar í töflu 2.13 í Árstölum.

Samfélagsmiðlar

Starfsfólk safnsins notar samfélagsmiðla til að koma á framfæri fréttum og lykilverkefnum, en einnig til að efla tengsl við notendur og samstarfsaðila. Búnir eru til viðburðir í tengslum við sýningar og opnanir. Samfélagsmiðlum hefur verið fækkað og innsetning efnis endurskipulögð. Tónlistarsafnið er einnig með talsvert efni á Vimeo. Sjá nánar í töflu 2.15.

Teymi – Teams

Notkun á Teams eða Teymi hefur verið nokkuð tilraunakennd eins og þegar ný tækni kemur fram. Fjöldi teyma er breytilegu, þar sem ný verða til vegna tímabundinna verkefna og önnur leggjast af.

Vinnan og fleiri miðlar

Samskiptamiðillinn Workplace eða *Vinnan* hefur verið notaður af starfsfólki safnsins síðan 2019. Vinnan er svipuð og Fésbókin og notuð til að halda utan um samskipti starfsfólks, einstakra hópa og vegna viðburða og verkefna. Hópar reka einnig Fésbókarsíður s.s. *Starfsmenn. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn* (77) og *Hlöðver – starfsmannafélag Þjóðarbókhlaðu* (47). Kristinn Sigurðsson heldur úti blogg-síðu, þar sem fjallað er um ýmislegt tengt vefsöfnun. Slóðin er <http://kris-sigur.blogspot.com/>.

Í vikulokin

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Þeir eru sendir til starfsfólks, stjórnar safnsins og starfsfólks bókasafns Menntavísindasviðs HÍ. Tilgangurinn er að draga saman það sem gerst hefur í vikunni og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 42 (31) vikulokapistlar árið 2023 og er þeim jafnframt safnað á *Inngang*.

Samgöngusamningar

Samgöngusamningar hafa verið gerðir síðan 2014, en þá var gerð samgöngustefna fyrir safnið. Starfsfólk er hvatt til að nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta sem hluta af Grænum skrefum. Því til stuðnings er veittur samgöngustyrkur sem felur í sér niðurgreiðslu á árskortum í strætó eða sambærilegur styrkur til þeirra sem skuldbinda sig til að sleppa einkabílum í amk 60% ferða til og frá vinnu. 40 starfsmenn nýttu sér samgöngusamningana.

Húsnæði og rými

Starf rýmishóps snerist að mestu um fyrirhugaðan flutning bókasafns Menntavísindasviðs HÍ úr Stakkahlíð og á háskólasvæðið. Megináherslan var á áframhaldandi grisjun efnis á 3. og 4.h. og í Stakkahlíð. Flutningur safnkosts var undirbúinn og skipulögð tilfærsla efnis og uppröðun hillna.

Sett voru upp fimm ný hækkanleg skrifborð hjá starfsfólki og eru þau orðin tíu. Einnig var útbúin aðstaða fyrir reiðhjól og rafskútur í vörumóttöku við starfsmannainngang og er þetta góð viðbót við hjóla-standana úti. Verkefnin eru hluti af Grænum skrefum.

Mötuneyti, kaffistofa og sjálfssalar

Háma sagði upp samningi um rekstur kaffiteríunnar á 2. hæð og ekki hefur fengist nýr rekstraraðili. Eftir lokun Hámu fær starfsfólk greitt fæðisfé.

Í byrjun árs 2023 kaus meirihluti starfsfólks fulla styttingu vinnutíma og miðast hann nú við 36 tíma á viku. Það fól í sér að matar og kaffitímar eru felldir niður og ekki er leyst af í mat eða kaffi. Þeir sem vinna amk. 6 tíma eiga rétt á 15 mín. ótímasettu hléi á vinnudeginum. Einnig að þeir sem fara úr húsi í einkaerindum stimpla sig alltaf út.

Í kjölfarið var eldhúsi á 1.h. var lokað, en aðstöðu í mötuneyti breytt og bætt verulega s.s. með nýrri uppþvottavél, ísskáp og grilli. Tveir sjálfssalar frá Ölgerðinni eru í veitingastofu á 2. hæð og í undirbúningi er að setja upp kaffisjálfsala.

Mjódd

Ekkert varðveisluefni er lengur í Mjódd, nema tíma-bundið, þegar stórar afhendingar eða gjafir berast.

Talsvert efni, sem ekki er varðveisluefni, hefur verið flutt úr Bókhöðunni í Mjódd. Þá eru nokkrar hillur leigðar út.

Öryggismál og tölvukerfi

Safnið notar netöryggissíur og vírusvarnir til að koma í veg fyrir óæskilega umferð eða innbrot í kerfi safnsins, auk eftirlitsbúnaðar sem fylgist með ástandi tölvukerfisins. Áhersla var á að auka þjálfun og koma af stað vitundarvakningu meðal starfsfólks, með fræðslu-myndböndum um vírusvarnir, nethegðun o.fl. Stór hluti af tölvurekstrinum er í sýndarumhverfi og fylgjast þarf vel með því, til að gæta fyllsta öryggis.

Eftirlitsmyndavélar

Á vef safnsins eru birtar [upplýsingar/fræðsla](#) um notkun eftirlitsmyndavéla í safninu, en þeim hefur verið fjölgað. Tilgangurinn er að tryggja öryggi starfsfólks, gesta, safnkosts og eigna. Fram kemur hvernig vöktuninni er háttað, hver hafi aðgang að myndefninu, varðveisla og eyðing efnis og réttindi þeirra sem sæta rafrænni vöktun.

Notendatölvur

Upplýsingatækisvið HÍ (UTS) hefur umsjón með notendatölvum og prenturum á 3. og 4. hæð. Aðeins notendur HÍ geta skráð sig á þær vélar. Ef upp koma vandamál með vélarnar og/eða prentun, sér UTS um þjónustu líkt og í öðrum tölvuverum Háskólans. Við hlið tón- og myndsafns á 4.hæð, er sérstök tölvuaðstaða fyrir nema úr öðrum skólum en HÍ, og aðra gesti. Í þeim tölvum er aðgengi að helstu forritum til ritvinnslu, en án internettenginga. Netið er aðgengilegt í tölvum á 2. hæð og einnig geta allir tengst Netinu í gegnum WiFi.

Öryggisnefnd

Rannver H. Hannesson og Sigríður Bjarnadóttir eru fulltrúar starfsfólks í öryggisnefnd sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Af hálfu safnsins sitja Matthías Einarsson og Jón Ingimar Jónsson í nefndinni.

Starfsmannafundir

Starfsmannafundur var haldinn 20. jan. Kynntur var uppfærður Inngangur og fjallað um matarmál og aðstöðu í matsal, en fyrirhugað er að setja upp innréttingu með vaski, uppþvottavél og ísskáp, auk skápa fyrir leirtau, glös og fleira. Ágæt umræða varð um mat og matartíma og enn frekari styttingu vinnutímans.

Þann 17. febrúar kynnti Guðrún Halldóra Sveinsdóttir Jafnlaunakerfi safnsins og launagreiðingu sem gerð var í október 2022. Ekki er marktækur óútskýrður munur á launum karla og kvenna. Einnig var rætt um yfirstandandi framkvæmdir í matsalnum.

Á fundi 24. mars rýndi mannauðsstjóri í niðurstöður úr Stofnun ársins 2022. Safnið hefur heldur lækkað í nokkrum flokkum og fengin var sérstök greining frá Gallup að þessu sinni, til að skoða þætti sem koma lakar út. Ákveðið var að setja saman hópa starfsfólks til að skoða sérstaklega þá þætti, s.s. samskipti starfsfólks, ánægju með matar- og kaffiaðstöðu, ánægju með tölvu- og tækjabúnað, svigrúm til að útrétta á vinnutíma, áhrif fólks á starf sitt, afstöðu viðskiptavina til safnsins, að geta mælt með vinnustaðnum við vini sína og jafnrétti. Einnig var rætt um matsalinn, en aðstaðan er nánast tilbúin. Í lokin sagði Jón Hrólfur frá samtölum við gervigreindina Siri á andvökunóttum og sýndi dæmi.

Á starfsmannafundi 6. okt. kynnti mannauðsstjóri tvo nýja sviðsstjóra, þau Matthías Einarsson á fjármála- og rekstrarsviði og Hallfríði Kristjánsdóttur á aðfanga- og skráningarsviði. Þá var sagt frá framvindu í Grænu skrefunum, næðisrýminu VIN á 3. hæð og auglýst eftir trúnaðarmanni fyrir Sameyki.

Sigríður Bjarnadóttir sagði frá ferð sinni og Krístrúnar Daníelsdóttur á IFLA 2023 sem haldið var í Rotterdam í ágúst. Þær skoðuðu háskólabókasöfn í Hollandi og hún sagði frá mótmælum vegna fyrirhugaðs þings í Dubai 2024.

Starfsmannafélagið Hlöðver

Aðalfundur Hlöðvers var haldinn 17. apríl. Í stjórn voru kosin Aðalheiður Erlendsdóttir og Sigurgeir Finnsson sem eru ný, en áfram voru Emma Björk Hjálmarsdóttir, Arna Matthildur Eggertsdóttir og Sólveig Lind Ásgeirsdóttir. Nokkrar lagabreytingar voru gerðar. Félagið stóð fyrir uppákomum s.s. árshátíð og gerð myndbanda, bauð upp á hamborgara frá Hagavagninum, skipulagði heimsókn til starfsmannafélags Árnastofnunar í Eddu, hamingjustund á Petersen, jólaskreytingadag og upplestur úr jólabókum. Hlöðver hefur verið með síðu á Inngangi, er einnig á Vinnustaðnum – Workplace. Þar er samskiptarás eða póstlisti og einnig ýmis skjöl, myndir og hugmyndakassi stjórnar.



Frá litlu jólum Hlöðvers.

Samskipti við Háskóla Íslands

Samstarfssamningur og samstarfsnefnd

Núverandi samstarfssamningur milli HÍ og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er frá 14. mars 2022. Samningurinn er gerður á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns nr. 142/2011. Í samningnum er lögð áhersla á aukið samstarf um opin aðgang og að safnið komi á fót rannsóknþjónustu m.a. til að miðla upplýsingum um opin vísindi og auðvelda birtingar í opnum aðgangi. Þá er áfram áhersla á að efla upplýsingalæsi nemenda og bæta aðgengi að rafrænum safnkosti m.a. í kennslukerfum skólans.

Í samstarfsnefnd voru af hálfu HÍ Halldór Jónsson sviðsstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviðs, Róbert Haraldsson sviðsstjóri Kennslusviðs og Jenný Bára Jensdóttir fjármálastjóri. Í lok árs hætti Róbert og við tók Kristinn Andersen. Frá safninu voru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Guðrún Tryggvadóttir sviðsstjóri Þjónustusviðs. Nefndin hittist ekki á árinu, en talsverð samskipti voru, vegna sameiningar bókasafns menntavísindasviðs og safnsins.

Háskólaþing

31. háskólaþing var haldið 26. apríl. Jón Atli Benediktsson rektor, sagði frá því sem var efst á baugi hjá Háskóla Íslands. Rætt var um sjálfbærniáherslur í stefnu skólans HÍ26, alþjóðlega stöðu HÍ og endurskoðun málstefnu skólans. Ennfremur var rætt um fyrirkomulag vinnurýma í húsnaði skólans, m.a. með hliðsjón af flutningi Menntavísindasviðs á Sögu.

32. háskólaþingi var frestað til 2024.

Ritver og verkefnavaka

Samstarf við Ritver HÍ hélt áfram og Ritverið mannar upplýsingaborð á 2. hæð safnsins. Verkefnavakan var haldin 23. mars í safninu, í samstarfi bókasafna HÍ, Ritvers og Náms- og starfsráðgjafar HÍ. Boðið var upp á dagskrá og leiðsögn fyrir nemendur HÍ sem eru í lokaverkefnum og einnig hagnýt ráð varðandi verkefnavinnu, EndNote, aðstoð við fræðileg skrif, sniðmát og frágang og við heimildaleit.

Turnitin ritfærniþing

Lbs-Hbs hefur haft umsjón með samningum og rekstri Turnitin frá 2017. Samningur um áskrift að kerfinu var

endurnýjaður til eins árs, en greiðendur eru mennta- og barnamálaráðuneytið, og háskóla- og nýsköpunaráðuneytið. Samningurinn tryggir miðlægan aðgang allra háskóla og framhaldsskóla á landinu.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur yfirmensjón með kerfinu og Hilma Gunnarsdóttir sér um verkefnið. Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri á kennslusviði HÍ, stýrir íslenska aðganginum og veitir tæknilega aðstoð upp að vissu marki. Sameiginlegur TEAMS hópur umsjónarmanna var stofnaður á samningstímanum og farin sú leið að beina fyrirspurnum og vangaveltum sem mest þangað með það fyrir augum að fólk geti deilt þekkingu sinni.

Samningur við söluaðila var endurnýjaður til eins árs, og áhugi er á að halda verkefninu áfram, en ýmsar tæknilegar breytingar eru í farvatninu.

Allir háskólarnir nota kerfið auk tveggja símenntunarstöðva. 37 framhaldsskólar voru með aðgang á árinu og 30 þeirra voru með aðgangsréttindi og í þeim skilningi virkir notendur. Notkun á kerfinu dróst heldur saman á landsvísi. Sjá töflu 2.12.

Skemman

Háskólarnir taka allir þátt í rekstri Skemmannar og í verkefnisstjórn sitja fulltrúar þeirra og Lbs-Hbs. Fulltrúar safnsins eru Guðrún Tryggvadóttir og Kristinn Sigurðsson. Viðræður við Þjóðskjalasafn um skil á vörsluútgáfu af Skemmunni standa yfir. Skemman styður staðla OpenAIRE Evrópuverkefnisins.

IRIS og Opin vísindi

Starfsfólk HÍ tekur virkan þátt í rekstri og notkun á CRIS kerfinu og á m.a. fulltrúa í stýrihópi um rekstur kerfisins, þá Halldór Jónsson, Guðmund Kjærnested og Baldvin Zarióh. Upplýsingatæknisvið HÍ sér um s.k. forsal, þar sem gögn frá þeim stofnunum sem taka þátt í verkefninu eru samþætt áður en þau renna inn í kerfið. Starfsfólk Vísinda- og nýsköpunarsviðs HÍ var öflugt við innsetningu á efni í kerfið.

Sameining bókasafna

Til að undirbúa sameiningu Lbs-Hbs og bókasafns Menntavísindasviðs var unnið að breytingum í Gegni og Leitum, grisjun efnis beggja safna, flutningur efnis úr Stakkahlíð í Bókhöfðu skipulagður og ný verkefni starfsfólks bókasafns menntavísindasviðs í sameinuðu safni undirbúin o.s.frv.

Auglýst var tímabundið starf frá og með 1. nóvember við uppflettingar, tilfærslu og uppröðun bóka og ráðin Þóra Sif Guðmundsdóttir. Starfshópur um verkefnið var í reglulegum samskiptum.

Innlent samstarf

Stjórnendur háskólabókasafna

Tveir fundir voru haldnir á árinu, en hópurinn hefur með sér margvíslegt samráð þess utan. Fyrri fundurinn var í bókasafni Menntavísindasviðs. Sveinbjörg Sveinsdóttir hjá Landskerfi kynnti kerfisskipti og innleiðingu Alma og tengingu við önnur kerfi m.a. Leganto námsbóksafnið, rætt var um IRIS og upplýsingalæsisvef og stefnu og Rialto, sem er sölusíðu rafbóka.

Seinni fundurinn var haldinn 5. nóv. í Bókhöðunni. Sara Stef. Hildardóttir kynnti IRIS verkefnið og næstu skref. Þá var rætt um rafræn bókasafnsskírteini, sameiningu bókasafns Menntavísindasviðs við Lbs-Hbs, fram komnar hugmyndir um sameiningu háskóla, þróun Landsaðgangs, hagnað af CKVIII ráðstefnunni 2016, Skemmuna, NUAS, Viku opins aðgangs, IFLA o.fl.

Landskerfi bókasafna

Landskerfi bókasafna hf hefur starfað frá 2001 og er hlutafélag í eigu ríkis og sveitarfélaga. Hluthafar eru um 60. Félagið rekur bókasafnskerfið *Gegni* og leitarvélina *Leitir*, *Rafbókasafnið* og gagnasafnið *Sarp*. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn. Viktor Jens Vigfússon hjá Umbru er formaður stjórnar, en aðrir í stjórn eru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Árni Konráð Bjarnason og Pálína Magnúsdóttir. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörg Sveinsdóttir, en aðrir starfsmenn voru tíu. Þeim fjölgaði tímabundið vegna innleiðingar nýs bókasafnskerfis.

Árið 2022 voru teknar í notkun skýjalausnir fyrir Gegni, Alma og Primo frá Ex Libris, sem nú er hluti Clarivate samsteypunnar. Þetta er hugbúnaðarþjónusta (e. SaaS – Software as a Service), þ.e. leigður er aðgangur að kerfunum sem eru hýst í gagnaveri Ex Libris í Frankfurt í Þýskalandi. Samningurinn er til 8 ára með möguleika á 4 ára framlengingu. Fjöldi endurmenntunar námskeiða var haldinn fyrir starfsfólk bókasafna.

Í árslok 2023 voru ekki til nákvæmar lykiltölur fyrir Gegni vegna kerfisskiptanna, en fjöldi eintaka var um 5.83 (5.78) milljónir. Útlán voru tæplega 2.3 milljónir og fækkaði. Fjöldi lánþega var tæplega 162 þúsund.

Skráningarráð, efnisorðaráð og nafnmyndaráð

Fulltrúi Lbs-Hbs í skráningarráði var Helga Kristín Gunnarsdóttir, en Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir gæðastjóri Gagnis sat einnig fundi. Í desember tók til starfa nýtt skráningarráð og þá tók Sigurgeir Finnsson við sem fulltrúi Lbs-Hbs. Í nýja ráðinu sitja einnig María Bjarkadóttir, Borgarbókasafni, Þorsteinn Jónsson frá Amtsbókasafni og Sigríður Vilhjálmsdóttir frá HA, auk Sigrúnar Hauksdóttur frá Landskerfi.

Í efnisorðaráði sátu Ragna Steinarsdóttir, formaður af hálfu safnsins, Guðný Ragnarsdóttir, Þórdís T. Þórarinsdóttir og Berglind Hanna Jónsdóttir frá Lbs-Hbs. Skrásetjarar á Landsbókasafni sjá um alla efnisorðavinnu og nafnmyndastjórnun í Gegni og frá árinu 2023 er starfandi sérstakt nafnmyndaráð sem tekur ákvarðanir um nafnmyndavinnu og þróun á nafnmyndagrunni Gagnis. Safnið heldur að auki úti veflægri *Lykilskrá* sem inniheldur tæplega 15.000 efnisorð og um 89.000 mannanöfn og stofnanaheiti, sem unnin hafa verið samkvæmt stöðlum og færð inn í nafnmyndaskrá Gagnis. Ný útgáfa af *Lykilskrá* leit dagsins ljós í byrjun árs 2023. Helstu breytingar eru að bætt var við landfræðiheimum og heitum á skipulagsheildum.

HASK – Handbók skrásetjara Gagnis

Lbs-Hbs sér um veflæga handbók skrásetjara Gagnis (HASK). Henni er ætlað að stuðla að samræmdum vinnubrögðum í skráningu og er notuð af öllum söfnum sem skrá í Gegni. Ritstjórn HASK 2023 var Hallfríður Kristjánsdóttir, Berglind Hanna Jónsdóttir, Kristín Lilja Th. Björnsdóttir og Rósfríður Sigvaldadóttir.

VIAF (Virtual International Authority File)

Landskerfi og Lbs-Hbs taka þátt í VIAF samstarfinu á vegum OCLC. Í VIAF eru nafnmyndaskrár sameinaðar. Tilgangurinn er að auka gagnsemi þeirra og auðvelda skráningarvinnu. Færslurnar fá alþjóðlegt auðkenni (kennitölu / permalink) og nýtast sem tengd opin gögn (Linked open data). Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir.

Rafbókasafnið

Rafbókasafnið opnaði 2017 sem samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna og Borgarbókasafns. Um 60 almenningabókasöfn eru aðilar að verkefninu. Landskerfi sér um tæknilega þáttinn, en bókasöfnin velja og kaupa efnið og sjá um samskipti við notendur.

Rafbókasafnið byggir á OverDrive rafbókaveitunni sem bókasöfn um allan heim nota. Í safninu eru bæði hljóðbækur og rafbækur og er meirihluti á ensku. Í byrjun gekk erfiðlega að fá frumsamið og þýtt efni á íslensku til útláns í safninu, en útgefendur þurfa að skrá efni sitt í kerfið og það hefur vafist fyrir mörgum. Borgarbókasafn býður nú upp á aðstoð og tók að sér að prufuskrá efni fyrir útgefendur sem þess óska í OverDrive og er verkefnið í mótnun. Útlánum fjölgaði á milli ára og voru 29.269 (25.422) á árinu. Framboð á íslenskum titlum og einnig tímaritum hefur aukist, sem skilar sér í útlánatölum.

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn

Landskerfi sér um daglegan rekstur Sarps og er starfsmaður Sarps hluti af teymi Landskerfis. Núverandi útgáfa Sarps 3.0, var smíðuð í samvinnu við

Þekkingu h.f. Á síðasta ári var auglýst útboð á nýju kerfi á Evrópska efnahagssvæðinu og tekið tilboði í kerfið MuseumPlus frá fyrirtækinu Zetcom. Áætlað er að innleiðingu ljúki 2025. Í Sarpi eru upplýsingar um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti, örnefni o.fl. frá um 60 söfnum og stofnunum. Í árslok voru skráð gögn rúmlega 1.14 (1.20) millj.

Aleflí

Aleflí var samstarfsvettvangur bókasafna sem eru aðilar að Gegni og njóta þjónustu Landskerfis bókasafna, en þau eru rúmlega 300. Aleflí var komið á fót þegar Landskerfið var stofnað og hugsað sem n.k. notendafélag. Nokkur umræða varð um tilgang og verkefni félagsins í tengslum við kerfissskiptin hjá Landskerfi bókasafna, en bókasöfnin manna flestar nefndir, starfshópa og ráð sem tengjast kerfunum. Ákveðið var að leggja félagið niður og einnig vefinn *Aleflí.is* sem var hýstur hjá Lbs-Hbs.

Samlag um áskrift að Vef-Dewey

Lbs-Hbs heldur utan um samlagsáskrift á landsvísu að vefútgáfu Dewey flokkunarkerfisins og úthlutar aðgangsorðum. Fimmtán söfn eru í samlaginu. Áskrift að Vef-Dewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslum kerfisins. Verkefnið er gæðamál og hefur jákvæð áhrif á samræmingu og þróun starfshátta bókasafna hér á landi. Lbs-Hbs er einnig aðili að Evrópusamtökum Dewey-notenda eða EDUG (European Dewey User Group). Rósfríður Sigvaldadóttir er tengiliður vegna Vef-Dewey og EDUG.

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum

Landsaðgangur snýst um innkaup á rafrænum erlendum gagna og tímaritasöfnum, sem eru opin gegnum íslenskar IP-tölur. Stjórnarnefnd er skipuð fulltrúum helstu hagsmunaaðila sem eru háskólar og rannsóknastofnanir. Viðræður við menningar- og viðskiptaráðuneytið um fjármögnun Landsaðgangs fóru fram á árinu. Í lok árs fékk Landsaðgangur sér fjárlaganúmer og skemkir því ekki fjárhag Lbs-Hbs ef miklar breytingar verða á gengi íslensku krónunnar.

Upplýsing

Starfsfólk safnsins gegnir að jafnaði einhverjum trúnaðarstörfum fyrir Upplýsingu og árin 2022-24 er Sigurgeir Finnsson gjaldkeri Upplýsingar og Berglind Hanna Jónsdóttir varamaður, en var áður gjaldkeri. Þórný Hlynsdóttir á háskólasafninu á Bifröst er formaður, en hún er fyrrum starfsmaður safnsins. Vorráðstefna Upplýsingar, Aleflis og Landskerfis var haldin 30. maí 2023 í Háskólanum í Reykjavík. Tímaritið Bókasafnið var endurvakið sem vefrit á slóðinni *bokasafnid.is*. Hallfríður Kristjánsdóttir er ritstjóri þess.

Bókasafnsdagurinn var haldinn 8. sept. á vegum Upplýsingar. Þema dagsins var *Lestur er bestur – frá A-Ö*. Morgunkorn var haldið í Grófarhúsi Borgarbókasafns og var aðgengilegt í fjarfundi. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir sagði frá upphaldsbókum sínum í æsku og hvernig þær hafa fylgt henni inn í fullorðinsárin og myndlistina.

Námsbraut í Upplýsingafræði

Nám í Bókasafns- og upplýsingafræði við HÍ er á meistarastigi og námsbrautin nefnist Upplýsingafræði. Starfsfólk safnsins kennir að fullu eða að hluta nokkur námskeið sem kennd eru á námsbrautinni. Árið 2023 tóku Hallfríður Kristjánsdóttir og Telma Rós Sigfúsdóttir að sér að halda utan um námskeiðið *Notkun upplýsingatækni í faglegu starfi – samspil gagna og upplýsingakerfa*, auk þess sem nokkrir starfsmenn komu inn í einstök námskeið s.s. Birgir Björnsson, Erlendur Már Antonsson og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Heilbrigðisvísindabókasafn

Samstarf við Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala hefur aukist á undanförunum árum og safnið tekur m.a. þátt í Landsaðgangi, Verkefnavöku og IRIS. Efni úr rannsóknasafninu Hirslan, sem heilbrigðisvísindabókasafn rak, færðist í IRIS og Opin vísindi.

Landsbókavörður hefur setið í stjórn safnsins frá árinu 2014 sem fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Aðrir í stjórn eru Magnús Gottfreðsson og Anna Sigríður Guðnadóttir, forstöðukona safnsins. Stjórn safnsins hittist 11. maí og á fundinum var farið yfir rekstur safnsins undanfarið ár, en rafræn þjónusta er orðin allsráðandi. Safnið er staðsett í Eirbergi, en meginhluti safnkostsins er rafrænn, ýmist keyptur af spítalanum eða í samlögum með öðrum heilbrigðisstofnunum. Keypt erlend vísindatímarit eru vel á sjötta hundrað titla, en síðan bætast við tímarit í landsaðgangi og fleiri samlögum.

Bókasafnaráð og bókasafnasjóður

Bókasafnaráði var komið á fót með Bókasafnalögum nr. 150/2012. Í bókasafnaráði 2021-2025 sitja Linda Hrönn Þórisdóttir formaður, en aðrir fulltrúar eru Njörður Sigurðsson, Hólmkell Hreinsson, Helgi Sigurbjörnsson og Siggerður Ólöf Sigurðardóttir. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Marín Guðrún Hrafnisdóttir sitja fundi ráðsins. Ráðið skal vinna að stefnumörkun, setja reglur um söfnun og vinnslu tölfraeðiupplýsinga, setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur, og veita umsagnir um styrkumsóknir í sjóðinn, en úthlutanir hófust 2021.

Auglýst var eftir umsóknum vegna ársins 2023. Ragna Steinarsdóttir hlaut 7.000.000 styrk fyrir verkefnið *Átaksverkefni við skráningu nafnmynda í Gegni*. Markmiðið er að stækka og bæta nafnmyndagrunn

Gegnis, en mikilvægi nafnmyndaskráningar eykst í nýju bókasafnskerfi. Mikilvægt er að grunnurinn innihaldi áreiðanlegar upplýsingar um íslensk heiti, nöfn, skipulagsheildir, viðburði, landfræðiheiti og hugverk.

Handbók um varðveislu safnkosts

Lbs- Hbs tekur þátt í þýðingu og staðfæringu raf-rænnar *Handbókar um varðveislu safnkosts* ásamt Þjóðminjasafni og Þjóðskjalasafni. Bókin er gefin út á vef Þjóðminjasafns. Smám saman er nýjum köflum bætt við, en handbókin er ætluð þeim sem starfa við varðveislu menningararfsins. Rannver H. Hannesson forvörður tekur þátt í samstarfinu af hálfu Lbs-Hbs og sér um kafla um varðveislu pappírsefnis.

Maístjarnan

Lbs-Hbs og Rithöfundasambandið standa að ljóðaverðlaununum *Maístjarnan*, en í maí ár hvert eru veitt verðlaun fyrir útgefna íslenska ljóðabók undanfarins árs, sem hefur skilað sér til safnsins. Rithöfundasambandið leggur til verðlaunafé, en báðir aðilar skipa í dómnefnd. Í ár var Arnór Ingi Hjartarson fulltrúi Rithöfundasambandsins og Emma Björk Hjálmarsdóttir fulltrúi Lbs-Hbs. Maístjörnuna hlaut Bergþóra Snæbjörnsdóttir fyrir bókina *Allt sem rennur* frá Benedikt útgáfu. Um hundrað ljóðabækur frá 2023 skiluðu sér.

Alþjóðlegi sumarskólinn

Alþjóðlegi sumarskólinn handritafræðum er haldinn á vegum Stofnunar Árna Magnússonar og Den Arnamagnæanske Samling, í samstarfi við Lbs-Hbs. Skólinn er haldinn til skiptis á Íslandi og í Danmörku. Nemendur kynnast heimi handritanna, s.s. textafræði, handritafræði, varðveislu og útgáfu. Nemendahópar hafa m.a. fræðst um varðveislu og skráningu síðari alda handrita sem eru í handritasafni Lbs-Hbs.

Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar

Úthlutað er úr sjóðnum annað hvert ár og styrktar rannsóknir á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðlað að útgáfu um þau efni. Styrktar voru 3 umsóknir af 9 sem bárust:

- Þáttur í íslenskri bókfræði á erlendra grundu: Bréfasafn Sveinbjarnar Egilssonar (1791-1852) / Clarence E. Glad
- Umbylting kortagerðar frá 1980 til 2020: Innlegg til landfræðisögu Íslands / Ingibjörg Jónsdóttir
- Breiðamerkursandur - herforingjaráðskortin í þrívíddarumhverfi / Þorvarður Árnason

Veitt er úr sjóðnum annað hvert ár og hann er í umsjón Rannís. Jökull Sævarsson er fulltrúi safnsins í úthlutunarnefnd. Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar rannsóknum á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu um efnið.

Rannsóknauplýsingakerfið IRIS

Rannsóknakerfið IRIS var opnað árið 2022. IRIS er gátt sem sýnir rannsóknavirkni íslenskra háskóla og stofnana sem eiga aðild að henni. Kerfið er rekið af Lbs-Hbs sem einnig heldur utan um fundi stýrihóps og annarra hópa sem vinna að framþróun kerfisins. Safnið fer einnig með verkefnastjórn og samningagerð vegna. Talsverð samskipti voru við háskóla-, iðnaðar- og vísindaráðuneyti vegna IRIS og stefnumótunar og upplýsingagjafar um opinn aðgang og opin vísindi og árlegrar alþjóðlegrar viku um OA.

S.l. haust auglýsti háskóla- iðnaðar- og nýsköpunaráðuneytið styrki til aukins samstarfs háskóla með það að markmiði að auka gæði námsins og samkeppnishæfni. 48 umsóknir bárust. Umsókn allra háskólanna og Lbs-Hbs, vegna starfsmanns til að taka þátt í að samþætta og þróa notkun PURE (IRIS) þvert á háskóla og rannsóknastofnanir hlaut tveggja ára styrk, 28 m.kr. vegna árána 2024-2025. Ætlunin er að ráða auka starfsmann, efla tengsl og gera rannsóknir sýnilegri innanlands og utan

Síðari hluta ársins kom í ljós að kerfið sem keypt var, PURE, hentar ekki fyrir margar stofnanir eins og allar áætlanir hafa gert ráð fyrir. Söluaðili hefur þróað nýja gerð, PURE Community, sem hentar betur fyrir slíkt umhverfi. Aðgangsstýringar í núverandi kerfi eru ekki nægilegar og ýmsar útfærslur eru önnugar. Stýrihópur verkefnisins ákvað að kanna málið betur í lok árs.

Stefnumótun um opin vísindi

Fundur með starfsfólki háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins var haldinn 30. mars og þar var rætt um samstarf vegna IRIS, opins aðgangs og opinna vísinda, Gagnís og fleiri atriða sem tengjast OA. Starfshópur á vegum ráðuneytisins hóf aftur vinnu við mótun stefnu um opin vísindi, en hann lagðist af í Covid og vegna breytinga á ráðuneytum. Sigurgeir Finnsson og Sara Stef. Hildardóttir voru tilnefnd í hópinn.

Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista - MSHL

Stafræn hugvísindi (e. digital humanities) er vaxandi rannsóknasvið á mörkum hugvísinda og upplýsingatækni. Í stafrænum hugvísindum er aðferðum upplýsingatækni beitt á viðfangsefni hugvísinda og lista, sem opnar fyrir nýjar þverfaglegar rannsóknir og ný tækifæri fyrir miðlun rannsókna og niðurstaðna þeirra. MSHL er samstarf 15 stofnana um innviðakjarna og þróun stafrænna innviða til rannsókna í hugvísindum og listum og rekin af Hugvísindasviði HÍ. Miðstöðin er vettvangur fyrir uppbyggingu, vistun, þróun og aðgengi að stafrænum gagnaböndum, tækjum og hugbúnaði og tók formlega til starfa 2021. Lbs-Hbs hefur tekið þátt frá upphafi og lagt til efnivið, starfsfólk og hýst verkefni, m.a nýskráningu *handrit.is*, Transkribus og Sögulegt manna- og bæjatal.

Erlent samstarf

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hafa með sér óformlegt samráð, aðallega rafrænt seinni árin.

CENL

Árlegur fundur CENL (*Conference of European National Librarians*) var haldinn í júní í Frakklandi í Bibliothèque Nationale de France, og sótti landsbókavörður fundinn. Yfirskriftin var Sjálfbærni, og þar var fjallað um rekstur bókasafna, bygginga og húsnæðis, orkunotkun og viðhald, stafræna endurgerð, stafræn gögn, varðveislumál og sjálfbæra þróun.

IFLA

Sameinuðu Arabísku furstadæmin í Dubai drógu til baka boð um að halda IFLA þingið 2024. Í tilkynningu IFLA segir að áfram verði leitað leiða til að halda þingið í Mið-austurlöndum / Norður-Afríku. Andstaða kom fram víða um heim, að halda þingið í Dubai, enda mikill meirihluti starfsfólks bókasafna konur.

CDNL

Fjarfundur Conference of Directors of National Libraries. *New National Libraries: co-designing services for citizens* var 6. febr. og tók landsbókavörður þátt. Formaður er nú Marie-Louise Ayres, frá Ástralíu. Að venju funda samtökin á IFLA þingi.

IIPC

Markmið IIPC (International Internet Preservation Consortium), er að safna, varðveita og veita aðgang að þekkingu og upplýsingum frá Internetinu. Kristinn Sigurðsson var formaður stýrihóps IIPC 2022, en situr áfram í hópnun. Hann hefur verið virkur meðlimur gegnum árin. Aðalfundur var í Hollandi 10.-12. maí.

NNG

NNG (Nordic Networking Group on Bibliographic and Infrastructure Topics) er norrænt samstarf á sviði bókfræði og bókasafnakerfa. Landskerfi og Lbs-Hbs eiga fulltrúa. Ársfundur var í Reykjavík 25.-26. apríl. Hluti var í fyrirlestrasal og þar sagði Pétur Húni Björnsson frá sögulegri mannanafna og staðaskrá, á vegum MSHL, og Juha Hakala sagði frá einkvæmum auðkennum s.s. URN (Uniform Resource Name) og PID (Persistent Identifiers). Seinni dagur var í Landskerfi.

EDUG

EDUG (European Dewey User Group) er notendafélag Dewey kerfisins í Evrópu. Á vegum þess fer fram samræmingarvinna varðandi þýðingar og aðlaganir, auk þess sem hagsmuna evrópskra safna er gætt. Ársfundur var haldinn 25.-26. apríl í Nasjonal Biblioteket í Osló. Tengiliður er Rósfríður Sigvaldadóttir.

EURIG

Eurig (European RDA Interest Group) eru samtök hagsmunaaðila sem nota RDA skráningarreglurnar í Evrópu. Flestir þátttakendur eru stofnanir eða söfn sem hýsa þjóðbókaskráningu og aðrir sem nota RDA. Aðalfundur var haldinn gegnum fjarfundabúnað í maí. Tengiliður er Hallfríður Kristjánsdóttir.

Bibframe

Bibframe er grunnur fyrir bókfræðilegar lýsingar, sem nýtir Linked Data tækni bæði á vef og í skráningu. Áhersla var á flutning gagna úr núverandi MARC-sniði í yfir í Bibframe. Verkefnið er að frumkvæði Library of Congress og fylgst var með þróun mála. Ný útgáfa af Marva ritstjórnartólinu var tekin í notkun. Tengiliðir eru Ragna Steinarsdóttir og Kristín Lilja Thorlacius.

VIAF

Landskerfi og Lbs-Hbs taka þátt í VIAF (Virtual International Authority File) á vegum OCLC. VIAF er sameiginleg nafnmyndaskrá þátttakenda. Tilgangurinn er að auka gagnsemi nafnmynda og auðvelda skráningarvinnu. Færslurnar fá alþjóðlegt auðkenni og nýfast sem tengd opin gögn (Linked open data) við leit. Gagnauppfærslur lágu niðri 2023 vegna kerfisskipta og breytinga á lýsigagnasniði nafnmynda í Gegni, en samstarfi verður komið eftir innleiðingu. Tengiliður við VIAF er Ragna Steinarsdóttir.

CLARIN

Safnið er þátttakandi í evrópska rannsóknainnvíðnum CLARIN, í gegnum CLARIN Ísland. Markmiðið er að öll stafræn málföng verði aðgengileg til nota í rannsóknum í hug- og félagsvísindum og máltækni. Frá Lbs-Hbs eru málheildir eða textaskrár frá *timarit.is* og *bækur.is* aðgengilegar. Örn Hrafnkelsson er tengill.

OpenAIRE

Safnið er aðili að OpenAIRE verkefninu, og er miðstöð fyrir opinn aðgang á Íslandi. OpenAIRE eru óhagnaðar-drifin félagasamtök (NOAD) og sem styðja við stafræn vísindi og samstarfsnet í Evrópu. Aðilar eru landsmiðstöðvar OA. Tengiliður er Margrét Gunnarsdóttir.

Rannsóknir og þróun

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn tekur þátt í margvíslegu rannsókna- og þróunarstarfi, í formi aðstöðu, aðgangs að efni og gögnum og umtalsverðu samstarfi starfsfólks út fyrir safnið. Undanfarin ár hefur þetta aukist, m.a. þar sem sóst er eftir gögnum sem safnið varðveitir og einnig aðgengi að gagnagrunnum og kerfum sem safnið hefur þróað og rekur. Í stefnumótun fyrir árin 2023-2027 er aukinn áhersla á þátttöku í slíkum verkefnum. Safnið er stofnaðili Miðstöðvar stafrænna hugvísinda og lista (MSHL). Miðstöðin er samstarf 10 stofnana um innviðakjarna í hugvísindum og listum og hófst 2019. Stafræn hugvísindi (e. digital humanities) er ört vaxandi rannsóknasvið á mörkum hugvísinda og upplýsingatækni.

Þar er aðferðum upplýsingatækni beitt á viðfangsefni hugvísinda og lista og þannig opnað fyrir nýjar þverfaglegar rannsóknir og viðfangsefni, auk nýrra tækifæra fyrir miðlun niðurstaðna þeirra.

Byggðir hafa verið upp gagnabankar sem ná yfir málleg gögn, s.s. texta og tungumál, en einnig myndir, myndbönd, þrívíddarmódel, hljóð, og myndlist á stafrænu formi. MSHL heldur utan um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi stafrænna rannsóknarinnviða á þessum sviðum og hefur opið aðgengi að gögnum að leiðarljósi, sem rímar mjög vel við stefnu Lbs-Hbs undanfarin ár. Hér fyrir neðan er yfirlit um helstu rannsóknar- og þróunarverkefni sem safnið og starfsfólk þess tók þátt í, á árinu.

Virk rannsóknar- og samstarfsverkefni árið 2023

Tímabil Nafn rannsóknar – tengiliður – samstarfsaðilar/styrkt af

2019-2023	<i>pywb</i> – Kristinn Sigurðsson – Internet Archive.
2019-2023	<i>Rauðsokkahreyfingin : upplýsingavefur</i> – Rakel Adolphsdóttir – Jafnréttissjóður o.fl.
2020-2023	<i>19. aldar málheild</i> – Kristinn Sigurðsson – Rannís – Lögð til gögn.
2020-2024	<i>Sögulegt manna- og bæjatal</i> – Telma Rós Sigfúsdóttir – Innviðasjóður.
2021-2024	<i>Bessastaðabýðingarnar</i> – Hjalti Snær Ægisson – Rannís.
2021-2024	<i>Frönsk bylgja í íslensku leikhúslífi: 1960-2000</i> – Sigríður Jónsdóttir – Rannís.
2021-2024	<i>Upplýsingalæsi : notkun hugtaksins á bókasöfnum</i> – Hilma Gunnarsdóttir – Bókasafnasjóður.
2021-2023	<i>Welcome student starter Kit</i> – Sigurbjörg Long -Háskóli Íslands / Erasmus.
2021-2023	<i>Kennsluvefur í upplýsingalæsi</i> – Hilma Gunnarsdóttir o.fl. – Bókasafnasjóður.
2022-2023	<i>Transkribus : ljóslestur handrita</i> – Bragi Þorgrímur Ólafsson – Innviðasjóður.
2022-2024	<i>Verkefnisstjóri fyrir IRIS – Samstarf háskóla</i> – Sara Stef. Hildardóttir – HVIN.
2022-2024	<i>Stafræn skráning á handritaarfi</i> – Guðrún Laufey Guðmundsdóttir – Network for Old Norse Studies.
2022-2024	<i>Saga bókbands á Íslandi</i> – Sigurbjörg Sigurðsson – Bókasafnasjóður.
2022-2024	<i>Rannsóknarháskóli verður til</i> – Leifur Reynisson – Háskóli Íslands, skrifstofa rektors.
2022-2024	<i>Hringrás pappírs</i> – Halldóra Kristinsdóttir – Árnastofnun, Rannís.
2022-2025	<i>Samþætting og þróun á IRIS þvert á háskóla og rannsóknastofnanir</i> – Sara Stef. Hildardóttir - HVIN
2023-2023	<i>Alþjóðleg vika opins aðgangs</i> – Margrét Gunnarsdóttir – Bókasafnasjóður.
2023-2023	<i>Teikningar og myndmál Rauðsokka</i> – Karólína Rós Ólafsdóttir – Nýsköpunarsjóður námsmanna.
2023-2023	<i>Af hverju finn ég ekki allt efni eftir höfundinn?</i> – Telma Rós Sigfúsdóttir – MA-verkefni við HÍ.
2023-2024	<i>Átaksverkefni við skráningu nafnmynda í Gegni</i> – Ragna Steinarsdóttir – Bókasafnasjóður.
2023-2024	<i>Handrit.is – skráning og lýsing</i> – Matthías A. Ólafsson og Kjartan A. Ísleifsson – Innviðasjóður, MSHL.
2023-2024	<i>Greining á lími í handritaviðgerðum</i> – Hildur Ploder – Lokaverkefni frá Det Kongelige Akademi.
2023-2025	<i>Vest-norræn handrit í Svíþjóð</i> – Örn Hrafnkelsson – Veturliði Óskarsson – Rannís.

Úthlutað er annað hvert ár úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar. Sjóðurinn styrkir rannsóknir á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðlar að útgáfu rita um þau efni. 3 umsóknir af 9 sem bárust hlutu styrk, eina millj. kr. hvert:

- Þáttur í íslenskri bókfræði á erlendra grundu: Bréfasafn Sveinbjarnar Egilssonar (1791-1852) / Clarence Edwin Glad.
- Umbylting kortagerðar frá 1980 til 2020: Innlegg til landfræðisögu Íslands / Ingibjörg Jónsdóttir.
- Breiðamerkursandur - herforingjaráðskortin í þrívíddarumhverfi / Þorvarður Árnason.

Samningar

Almennir samningar:

16.02.2023	Taktikal - Samningur um rafrænar undirskriftir til eins árs.
22.05.2023	Samningur við háskóla- og nýsköpunarráðuneytið um styrk vegna verkefnisins <i>Sambætting og þróun á notkun PURE (IRIS) þvert á háskóla og opinberar rannsóknastofnanir, til að efla tengsl og gera rannsóknir sýnlegri innanlands og á alþjóðavettvangi.</i>
26.05.2023	Samstarfssamningur við Íslenska tónverkamiðstöð / tónlistarmiðstöð.
09.11.2023	Þjóðskrá – samningur um miðlun Þjóðskrár í lokuðu uppflattikerfi.
10.11.2023	One Systems Ísland ehf - Samningur um kaup á afnotarétti á OneCrm samskiptakerfi og OneRecords málastýringarkerfi, auk fleiri kerfiseininga.
14.12.2023	Vinnslusamningur við Advania um vinnslu persónuupplýsinga.
05.12.2023	Vinnslusamningur við One Systems Ísland ehf um vinnslu persónuupplýsinga.

Stafræn endurgerð:


21.02.2023	Samningur við Stangveiðifélag Reykjavíkur um stafræna endurgerð af <i>Veidimaðurinn 1940-2023</i> .
23.03.2023	Samningur við Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofuna um stafræna endurgerð af <i>Skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins 1980-1987, Arkitektúr og skipulag 1988-1991 og AVS: Arkitektúr, verktækni, skipulag 1992-2005</i> .
30.03.2023	Samningur við Félagsfræðingafélag Íslands um stafræna endurgerð af <i>Íslenska þjóðfélagið</i> .
19.04.2023	Samningur við Foreldrajafnrétti um stafræna endurgerð af <i>Leyfi til að elska</i> .
30.05.2023	Samstarfssamningur við Þjóðminjasafns Íslands um stafræna afritun 42 hljómplatna.
15.09.2023	Samningur við Politica um stafræna endurgerð af <i>Íslenska leiðin /Póllinn</i> .
31.10.2023	Samningur við Félag lífeindafræðinga um stafræna endurgerð á <i>Tímariti lífeindafræðinga</i> .
15.11.2023	Samningur um stafræna endurgerð á kökubæklingi Nóa Síríus.
17.11.2023	Samningur við Krosseyri ehf um stafræna endurgerð af <i>Heima er best</i> .
17.11.2023	Samningur við Verkalýðsfélag Akraness um stafræna endurgerð af <i>Fréttabréfi</i> .

Rafrænar áskriftir:

19.01.2023	Ebsco, <i>Communication and Mass Media Complete</i> 2023.
17.02.2023	ACM Digital Library Agreement 2023.
20.10.2023	American Chemical Society All <i>Publications Package</i> 2024.
27.10.2023	Ebsco, <i>Communication and Mass Media Complete</i> 2024.
17.11.2023	American Chemical Society All <i>Publications Package</i> 2023.
06.11.2023	Wolters Kluwer – Ovid, APA PsycArticles 2024.
08.11.2023	<i>IEEE Online</i> Product Agreement 2024.
17.11.2023	American Physical Society APS 2024.
28.11.2023	SpringerNature, <i>Nature Journals</i> 2024.
20.12.2023	SpringerNature, <i>SpringerNature Access and Select – Basic</i> , 2023 – raðbækur.
20.12.2023	Springer <i>MyCollections</i> – raðbækur.

Ekki er um tæmandi lista að ræða.

Skipurit nóvember 2023





Starfsfólk í anddyri Þjóðarbókhöfðun.

Rekstur og upplýsingatækni

Sviðið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfsmannamálum, skjalastjórn, kerfisumsjón, upplýsingatækni, vefumsjón, rekstri húss og lóðar, geymslusafns í Mjódd og varaeintakasafns í Reykholti, sýningar- og kynningarmálum, auk samninga um rekstur mótuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok störfuðu 13 á sviðinu, í 12,8 ársverkum, -níu karlar og fjórar konur. Edda Guðrún Björgvinsdóttir sviðsstjóri lét af störfum, en við tók Matthías Einarsson.

Hússtjórn

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur Þjóðarbókhöfðunnar, hafa umsjón með kerfum og búnaði hússins, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun, símaþörfu og ýmsa þjónustu við starfsfólk. Einnig umsjón með húsakosti og búnaði í Mjódd og Reykholti.

Framkvæmdir

Venjubundnar prófanir á kerfum voru gerðar í byrjun árs. Skipt var um rafhlöðu í hjartastuðtæki. Í byrjun árs var matsalnum breytt talsvert þar sem Háma hætti þjónustu í húsinu. Rýmið var málað og sett upp eldhúsinnrétting með nýjum heimilistækjum, þannig að starfsfólk getur geymt mat í ísskáp, hitað sér mat

eða grillað, vaskað upp o.s.frv. Nýtt fyrirkomulag hefur reynst vel. Í apríl og maí og um sumarið voru viðgerðir á ýmsum hlutum hússtjórnarkerfanna. Öryggismyndavélar voru settar upp í Reykholti.

Vegna tenginga rafhleðslustöðva á Birkimel hjá Ísorku var rafmagn tekið af Þjóðarbókhöfðunni kl. 7:00 þann 13. júlí og kom ekki aftur á fyrr en kl. 17:00. Allar net-tengingar dattu út, einnig vefir safnsins og alls kyns þjónustur og safninu var alveg lokað. Þrjár rafstöðvar voru leigðar til að sinna tölvukerfi og dælum. Starfsfólk var ekki í húsi, en gat sinnt fjarvinnu og fylgst með erindum og pósti. Hússtjórn og tölvurekstur fylgdust með að allt væri í lagi. Verkefnið var undirbúið eins vel og kostur var og engin vandkvæði komu upp.

Framkvæmdir voru við glerhýsið við aðalinngang í lok sumars. Skipt var um nokkrar sprungnar rúður og

Þéttingar lagfærðar til að komast fyrir hvítleiðan leka. Skipt var um biluð element í vélasal.

Þegar hringt er í aðalsímanúmer safnsins 525 5600, er nú ný rödd sem leiðbeinir fólki áfram bæði á íslensku og ensku. Það er Sigurbjörg Long fagstjóri upplýsingaþjónustu og notendafræðslu sem talar. Í eldri símsvara talaði Ólafur Guðnason sem var hússtjóri til margra ára og vann einnig við byggingu Þjóðarþóklöðunnar á sínum tíma. Skipti í Led-perur í húsinu hófst og sturtuherbergi þétt. Merkingar v/myndavélavöktunar voru fest upp á viðeigandi stöðum. Geymslur í kjallara voru sameinaðar.

Sett voru upp fimm ný hækkanleg skrifborð hjá starfsfólki og eru þau alls orðin tíu. Einnig var útbúin aðstaða fyrir reiðhjól og rafskútur í vörumóttöku við starfsmannainngang, sem er góð viðbót við standana úti. Verkefni eru hluti af Grænum skrefum.

Þrif

Þrifin voru með sama hætti og undanfarin ár. Ítarleg teppaþrif voru í byrjun sumars, en annað með svipuðum hætti. Undirbúningur fyrir útboð hófst í lok árs.

Lóð

Garðlist sá um slátt og klippingu trjáa og runna eins og undanfarin ár. Einnig jóla ljós í trjám. Haldið var áfram vinnu við skrudgarðinn austan við húsið, og runnar og annar trjágróður snyrtur.

Geymslan í Mjódd

Geymslan í Mjódd er í nokkuð góðu standi. Ekkert varðveisluefni er þar nema tímabundið eftir afhendingu. Sinnt var smáviðgerðum og aðstaðan lagfærð.

Varaeintakasafn í Reykholti

Nýtt húsnæði fyrir varaeintakasafnið var sett í forgang við gerð fjárhagsáætlunar safnsins og stefnumiðaðrar áætlunar. Þar eru nú nánast eingöngu varaeintök og farið sjaldnar á staðinn.


Fjármál

Ársreikningur safnsins fyrir árið 2023 liggur fyrir og helstu tölur úr honum eru birtar í árstölum safnsins og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda (sjá töflur 6.2 og 6.3).

Niðurstaða ársins er tap upp á 103,9 millj. kr. Þar má nefna lélega innheimtu vegna Landsaðgangs og hækkun fasteignagjalda, auk almennra hækkana vegna reksturs Bókhöðunnar. Í samskiptum við menningar- og viðskiptaráðuneytið var óskað eftir leiðréttingu á framlögum til safnsins og breytingum á innheimtu vegna Landsaðgangs og er málið í vinnslu. Safnið fékk framlag til skipta á gólfefni og er það í skoðun.

Skjalastjórn

Um 35 starfsmenn af rúmlega 70 höfðu aðgang að skjalavistunarkerfinu GoPro. Fyrirhugað er að fjölga notendaleyfum. Kerfið er hýst hjá kerfisveitu Hugvits, og er í útgáfu GoPro Foris 19.1.20. Skráð mál voru 474 og skiptast þannig:



Ferli fyrir rafrænar undirritanir var innleitt í upphafi árs og gerður var þjónustusamningur við fyrirtækið Taktikal ehf. Á árinu var skjalastefna safnsins endurskoðuð og gefnar út sjö nýjar verklagsreglur um skjalastjórn. Eftirfarandi gæðaskjöl um skjalastjórn voru gefin út 2023:

- Skjalastefna
- Skjalakerfið – Hvað á að skrá í kerfið – Skilgreining
- Frágangur gagna og skjala við starfslok
- Póstur – Móttekin og útsend gögn
- Tölvupóstur – Reglur um notkun
- Mál fært í stöðuna *Fært í skjalasafn*
- Mál – Vinnsluferli
- Mál fært í stöðuna *Lokið*

Val á skjalakerfi

Vinnuhópur um val á skjalakerfi hélt áfram störfum. Hlutverk hópsins var að undirbúa val á framtíðar skjalakerfi sem uppfyllti kröfur Þjóðskjalasafns til rafrænnar skjalavörslu. Hópurinn kynnti sér reglur Þjóðskjalasafns um skjalastjórn og rýndi stafrænt umhverfi safnsins með tilliti til skjalastjórnar s.s. verkefnanetföng safnsins, eyðublöð, rafrænar undirritanir og stafrænt pósthólf. Hópurinn stóð einnig fyrir kynningarfundum með aðilum sem reka skjalakerfi.

Í mars var kallað var eftir tilboðum frá fjórum aðilum, svör bárust frá þeim öllum og eftir samanburð á kerfunum og tilboðunum var ákveðið að taka tilboði frá fyrirtækinu OneSystems um skjalakerfið OneCrm. Í kjölfarið hófst undirbúningsvinna við innleiðingu á kerfinu með tilkynningu til Þjóðskjalasafns Íslands um rafrænt skjalakerfi.

Stafrænt pósthólf

Undirbúningur hófst að innleiðingu á stafrænu póst-hólfi hjá stofnunum ríkisins í febrúar 2023. Vinnuhópur Lbs-Hbs um verkefnið sat kynningarfundi, sendi inn formlega umsókn á island.is og vann jafnframt að greiningu á hvaða gögn eigi að fara í stafrænt pósthólf. Gögn sem munu fara frá Lbs-Hbs í stafrænt pósthólf verða send úr skjalakerfinu.

Rafræn gagnasöfn – tilkynningar og afhendingarskylda

Lbs-Hbs heldur úti mörgum gagnasöfnum sem skylda er að tilkynna til Þjóðskjalasafns Íslands. Send voru 16 erindi til ÞÍ vegna rafrænna gagnasafna, sjá töflu.

Rafræn gagnasöfn – erindi	Fjöldi
Tilkynning um breytingu á gagnasafni, áður tilkynntu	2
Tilkynning um úreitt gagnasafn, áður tilkynnt	1
Endurskoðun á úrskurði á áður tilkynntu kerfi	7
Ný tilkynning – Ýmis gagnasöfn	5
Ný tilkynning – skjalakerfi	1
Samtals	16

ÞÍ er með í skoðun hvernig best er að varðveita til langframa tvö gagnasöfn, gögnum úr skjalakerfi verður skilað í vörsluútgáfu, en úrskurðir ÞÍ um önnur rafræn gagnasöfn sem Lbs-Hbs hefur tilkynnt hljóða á þann veg að það sé í ábyrgð Lbs-Hbs að viðhalda og varðveita gagnasöfnin til langframa.

Pappírsskjöl – afhendingarskylda, pökkun og grisjun

Lbs-Hbs varðveitir skjöl gamla Landsbókasafns frá árunum 1818-1944. Þó komið sé að afhendingartíma á þeim til ÞÍ, er hluti skjalanna enn virkur og í notkun í starfsemi Lbs-Hbs. Fundað var með fulltrúum ÞÍ um verkefnið og í kjölfarið óskaði Lbs-Hbs eftir fresti á afhendingu skjalanna. Samkvæmt svari frá ÞÍ hefur Lbs-Hbs fimm ára frest til að skila gögnunum.

Vinna hélt áfram við frágang og pökkun á skjölum sem tilheyra eldri skjalavörslutímabilum. Gengið hefur verið frá skjölum í öskjur sem taka um 20 hillumetra. Á árinu var grisjað mikið magn af bókhaldsgögnum, með heimild samkvæmt reglum nr. 1022/2023 um varðveislu og eyðingu skjala úr fjárhagsbókhaldi afhendingarskyldra aðila. Jafnframt fékkst heimild ÞÍ til grisjunar á gögnum sem verða til við undirbúning námsbókasafns á hverri önn.

Persónuvernd

Í samræmi við lög nr. 80/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga var Persónuverndarstefna safnsins endurskoðuð sem og vinnsluskráin. Gerðir voru vinnslusamningar við tvo ytri aðila. Þessu til

viðbótar voru bætt við merkingum um rafræna vöktun bæði á lóð safnsins sem og í húsakynnum þess. Samhliða þeirri vinnu var birt á ytri vef safnsins fræðsla um notkun eftirlitsmyndavéla og rafræna vöktun hjá Lbs-Hbs.

Gæðakerfi

Vinna við útgáfu gæðaskjala hélt áfram í gæðakerfinu EasyQuality á árinu 2023. Starfsfólk lagði á sig mikla vinnu við að skrifa niður verkferla og alls voru 35 gæðaskjöl gefin út 2023, og 59 árið 2022. Sum þeirra voru endurskoðaðar útgáfur af áður útgefnum skjölum. Í kerfinu eru þrjár handbækur, *Gæðahandbók*, *Jafnlaunahandbók* og *Starfsmannahandbók*.

Fjöldi útgefinna gæðaskjala eftir sviðum	2022	2023
Aðföng og skráning	2	8
Þjónusta og miðlun	4	6
Varðveisla og stafræn endurgerð	1	2
Rekstur	52	19
Samtals	59	35

Leiga á fyrirlestrasal og kennslustofu

Alls bárust 30 utanaðkomandi bókanir á fyrirlestrasal og kennslustofu árið 2023, 25 fyrir fyrirlestrasalinn en 5 fyrir kennslustofuna. Af þessum 30 var hætt við fjórar bókanir og gjald var ekki tekið fyrir eina bókunina.

Mannauður


Hlutverk mannauðsstjóra er að halda utan um öll málefni sem tengjast starfsfólki. Í árslok störfuðu 73 hjá safninu í 67,51 ársverkum. Að auki unnu á safninu fjórir starfsmenn í tímabundnum störfum kostuðum af þriðja aðila. Meðalaldur starfsfólks lækkar um eitt ár á milli ára og er 49,1 ár. Konur eru fleiri en karlar, 62% á móti 38%.

Starfsmannavelta


Átta hættu störfum á árinu. Þar af fjögur vegna aldurs og fjögur af öðrum ástæðum. Starfsmannavelta var alls 10,7% en eiginleg starfsmannavelta þegar frá eru talin starfslok vegna aldurs og tímabundinna ráðninga var 5,2%. Níu hófu störf á safninu á árinu, þar af þrjú í tímabundin störf. Fimm störf voru auglýst. Til viðbótar við hefðbundin störf í safninu voru tveir starfsmenn til viðbótar sem sinntu rannsóknarverkefnum sem styrkt voru utanfrá.

Auglýst störf	Umsóknir	Karlar	Konur
Vefumsjón – Rekstur og UT	7	5	2
Sviðsstjóri – Rekstur og UT	27	17	10
Sviðsstjóri – Aðföng og skráning	3	1	2


Fjöldi starfsfólks og stöðugildi í árslok



Starfsfólk eftir kyni



Starfsfólk eftir aldri 2023



Veikindafjarvistir

Veikindastundum fjölgaði milli ára. Samtals 79 starfsmenn voru með einn eða fleiri skráðan veikindadag og af þeim sem voru að störfum um áramót voru það 70 eða 96%. Um 50% þeirra sem voru frá vinnu vegna veikinda einn eða fleiri daga árið 2023 voru veikir minna en 10 daga, en meðalfjöldi veikindadaga var 16. Töluverð aukning varð í skammtímoveikindum Langtímaveikindi á árinu 2023 voru undir meðalári.

Veikindafjarvistir	2021	2022	2023
Veikinnr allsdastundi	7.571	8.329	8.631
Hlutfall af vinnudögum (260)	5.27%	5.66%	6.15%
Dagar pr. starfsmann	13,4	14,7	16
Fjöldi starfsmanna veikur >20 daga	15	16	15

Umhverfisvænar samgöngur

Safnið hvetur starfsfólk til að nýta sér umhverfisvænni samgöngumáta í stað þess að koma til vinnu á einkabíl. Til stuðnings er veittur samgöngustyrkur sem felur í sér 72.000kr. styrk á ári þeim sem skuldbinda sig til að sleppa einkabílnum í a.m.k. 80% ferða til og frá vinnu.

Samgöngustyrkir	Fjöldi	Hámark kr.	Samtals
2020	30	27.500	804.500
2021	33	72.000	2.376.000
2022	40	72.000	2.391.046
2023	43	72.000	2.466.616

Fræðsla og starfsþróun

Fræðsla innanhúss

Í starfsþróunaráætlun er markmið um að allt starfsfólk njóti fræðslu og símenntunar í a.m.k. 8 klst. á ári. Mikil aukning hefur verið á umliðnum árum í því að starfsfólk sækir fjarnámskeið og fjarfræðslu. Ekki eru til tölur um þá fræðslu. Kostnaður vegna innanhússfræðslu og fjarnámskeiða var enginn.

Starfsþróun	2021	2022	2023
Örnámskeið og kynningar	5	3	3
Námskeið og fræðsla	3	7	1
Fjarnámskeið	20	ótalín	ótalín
Fræðsluerindi innanhúss	28	10	4
Meðalfjöldi á námskeiði / kynningu	*	14	15
Meðalfjöldi þátttakenda / starfsmfj.	*	18%	21%

*Ekki eru til tölur um fjölda sem sóttu fjarnámskeið 2022-23.

Safnið greiddi fyrir þátttöku 8 starfsmanna á 9 málþing, námskeið eða ráðstefnur innanlands. Auk þess sótti starfsfólk fjölda fræðsluerinda, ráðstefna og funda á fjarfundum á árinu. Kostnaður vegna fræðslu utanhúss og fjarnámskeiða var 170.851 kr.

Svið	Greitt	Þátttakendur
Aðfangasvið	0	0
Rekstrarsvið	7	3
Varðveislusvið	1	4
Þjónustusvið	1	1
Alls	9	8

Umhverfissvænar samgöngur

Safnið hvetur starfsfólk til að nýta sér umhverfissvænni samgöngumáta í stað þess að koma til vinnu á einkabíl. Til stuðnings er veittur samgöngustyrkur sem felur í sér 72.000 kr. styrk til þeirra sem skuldbinda sig til að sleppa einkabílnum í a.m.k. 80% ferða til og frá vinnu.

Samgöngustyrkir	2021	2022	2023
Fjöldi starfsfólks	33	40	43
Fullur styrkur	72.000 kr.	72.000 kr.	72.000 kr.
Samtals	2.376.000 kr.	2.391.046 kr.	2.466.616 kr.

Sýningar og kynningarmál

Einingin sér um sýningar, kynningar og útgáfumál safnsins, en margt starfsfólk leggur sýningum lið. Einingin hefur einnig umsjón með kjörgrip mánaðarins á aðalvef safnsins. Sýningar á árinu 2023 voru 9, þar af 4 stórar, 2 meðalstórar og 3 örsýningar. Gefnar voru út 3 veglegar sýningarskrár og 2 kynningarbæklingar.

Sýningar sem stóðu frá fyrra ári voru:

- Pappírslóð rakin - stóð fram í lok febrúar 2023.
- Leiklistarskóli SÁL - stóð til 26. mars 2023.
- Þýðingar íslenskra bókmennta á norsku og þýsku - stóð fram til 27. nóvember 2023.

Gunnlaugur Briem – 250 ára minning

Örsýning í 250 ára minningu Gunnlaugs Briem var opnuð 13. janúar. Gunnlaugur Guðbrandsson Briem fæddist að Brjánslæg í Barðastrandarsýslu 13. janúar 1773. Ritgerð Gunnlaugs, „*Qvid sentimus? Qvid faciemus?*“ sem er varðveitt í handritasafni, í Lbs 197 fol. var kjörgripur janúarmánaðar og jafnframt til sýnis í tengslum við málþing um hann á vegum Félags um 18. aldar fræði. Ritgerðin var skrifuð gegn valdaráni Jörundar Hundadagakonungs 1809. Í handritasafni eru varðveitt handrit, bréf og embættisgögn Gunnlaugs (Lbs 196-198 fol.) Sýningin stóð til 27 febrúar.

Viðurkenning Hagþenkis

Viðurkenningu Hagþenkis 2022 hlaut Hjalti Pálsson frá Hofi fyrir *Byggðasögu Skagafjarðar*, 10 bindi. Útgefandi er Sögufélag Skagfirðinga. Viðurkenningarráð Hagþenkis sagði um ritin: „Yfirgripsmikið fjölbindaverk, skrifað af þekkingu og stutt margvíslegum heimildum ásamt fjölda ljósmynda.“ Af þessu tilefni var sett upp örsýning í safninu sem stóð til 4. september.

Ingólfur Guðbrandsson – 100 ára minning

Þann 6. mars 2023 var opnuð sýning um frumkvöðla-starf Ingólfs Guðbrandssonar á sviði tónlistar, en þá voru 100 ár frá fæðingu hans. Afkomendur Ingólfs og Pólýfónfélagið afhentu gögn til Tónlistarsafnsins af þessu tilefni og tóku þátt í undirbúningi. Guðmundur Guðbrandsson hjá Pólýfónfélaginu styrkti gerð sýningarskrár, sem Bjarki Sveinbjörnsson ritstýrði og tók saman texta. Sýningin stóð til 1. október.

Maístjarnan

Ljóðabókaverðlaunin Maístjarnan voru afhent í Þjóðar-bókhöðunni 24. maí 2023. Rithöfundasamband Íslands stendur að verðlaununum ásamt Lbs-Hbs. Maístjörnu-na fyrir ljóðabók ársins 2022 hlaut Bergþóra Snæbjörnsdóttir fyrir bókina *Allt sem rennur*. Sýning á verðlaunabókinni og fyrri verkum höfundar var opnuð af þessu tilefni. Í anddyri safnsins var sett upp lítil sýning með bæði tilnefndum bókum og fleiri ljóðabókum sem komu út 2022, en þær voru alls 93 talsins. Sýningin stóð til 6. september.

Í hádeginu fimmtudaginn 4. maí var lesið úr bókum sem tilnefndar voru í fyrirlesttrasal að viðstöddu fjölmenni. Emma Björk Hjálmarasdóttir var kynnir. Ugly Egilsdóttir las úr *Skurn* eftir Arndísi Lóu Magnúsdóttur. Bergþóra Snæbjörnsdóttir las úr bók sinni *Allt sem rennur*. Ólafur Egilsson las úr bókinni *Sjófuglinn* eftir föður sinn Egil Ólafsson. Ragnheiður Tryggvadóttir las úr bókinni *Urta* eftir Gerði Kristnýju. Natasha S. las úr bók sinni *Máltaka á stríðstímum*. Sunna Dís Másdóttir las úr bók sinni *Plómur*.

Gísli J. Ástþórsson - myndasögur

Í tilefni af aldarminningu Gísla J. Ástþórssonar afhentu afkomendur safninu gögn úr hans fórum og opnuð var sýning í safninu á fæðingardegi hans, 5. apríl. Gísli var þekktur sem blaðamaður, ritstjóri, rithöfundur, leikritaskáld, myndasöguhöfundur og teiknari. Gísli lauk BA-prófi í blaðamennsku frá University of North Carolina í Bandaríkjunum árið 1945 og var fyrsti menntaði blaðamaður landsins. Sýningin stóð til 1. október.

Íslenskar myndasögur

Þann 11. maí var opnuð sýningin *Íslenska myndasögur*, en mikil gróska er nú í heimi íslenskra myndasagna. Íslenska myndasögusamfélagið (ÍMS) var stofnað 2019 til að efla menningu og iðnað í kringum myndasögur á Íslandi. Sýningin er liður í samstarfi Lbs-Hbs og ÍMS til að efla tengslin við þá höfunda og listamenn sem gefa út íslenskar myndasögur. Íslenska myndasögusamfélagið og Lbs-Hbs hvetja höfunda og útgefendur myndasagna til að skila útgáfum sínum til safnsins. Við opnun sýningarinnar sagði Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður nokkur orð og Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur flutti fróðlegt erindi sem hann kallaði *Árdaga íslensku myndasögunnar*. Fulltrúar Íslenska myndasögusamfélagsins, þau Atla Hrafney Önnudóttir og Einar Valur Músson sögðu frá starfsemi félagsins. Sýningin stóð til 1. okt.

Bókagjöf Hermanns Kjartanssonar stærðfræðings

Hermann Kjartansson stærðfræðingur gaf safninu höfðinglega bókagjöf um stærðfræði auk nokkurra bóka um skyld efni, stærðfræðilega eðlisfræði, stjarn-eðlisfræði og tölvunarfræði. Bókum, sem ætlaðar eru

nemendum í grunnnámi í stærðfræði var stillt upp í stærðfræðihillum safnsins og sýningarhillum í anddyri, en kennslubækur fyrir framhaldsnema og rannsóknarit verða til sýnis í safndeildinni í Tæknigarði. Sýningin stóð frá 8. september til 29. október.

Örsýning í minningu Guðbergs Bergssonar

Í minningu Guðbergs Bergssonar (1932-2023) var í september vakinn athygli á nokkrum bóka hans og einu handriti. Fyrsta bók Guðbergs var skáldsagan *Músin sem læðist* sem kom út 1961. *Tómas Jónsson metsölu-bók*, sem kom út fimm árum síðar, vakti talsverða athygli og er oft talin fyrsta móðerníska skáldsagan á íslensku. Guðbergur hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna *Svanurinn* árið 1991.

Teikningar Rauðsokkahreyfingarinnar

Teikningar og grafík prýða málöggn Rauðsokkahreyfingarinnar (1970–1982). Myndmálið var notað til vitundarvakningar, til að fylkja liði, til þess að blása lífi í áður óheyrðar sögur og málefni sem gat reynst erfitt að ræða um eða skilja, jafnt sem að teikningarnar voru til þess að skemmta og hæðast að þeim mótbárum sem hreyfingin mætti. Örsýning á teikningum Rauðsokka var ein af lokaafurðum Karólínu Rósar Ólafsdóttur á Þjónustusviði, en hún vann verkefnið með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna á vegum Kvennasögusafns. Sýningin var opnuð 7. september og stóð til 29. nóvember.

Erlend handrit úr bókasafni Willards Fiske

Einn dyggasti stuðningsmaður gamla Landsbókasafns var bandaríski auðkýfingurinn og bókaunnandinn Willard Fiske (1831–1904). Í lifanda lífi gaf hann Lbs-Hbs yfir 1.500 bækur en ánaðnaði safninu síðan stóran hluta bóka sinna í erfðaskrá og taldi dánargjöf hans yfir 2.500 bindi, bækur sem margar hverjar eru dýrmætar og fáséðar. Örsýning var opnuð við Íslandssafn 18. október og stóð til 12. nóvember.

Lothar Grund leikmynda-teiknari

Lothar Grund (1923-1995) var þýskur leikmynda-teiknari og innanhússarkitekt sem starfaði á Íslandi á sjötta áratug 20. aldar fyrir leikhús, og stofnanir eins og Hótel Sögu. Hann var kvæntur íslenskri konu, Önnu Halldórsdóttur. Varðveittar eru teikningar hans sem synir þeirra afhentu formlega í október þegar 100 ár voru frá fæðingu Lothars. Sýning á vegum Leikminjasafns til heiðurs Lothar Grund var opnuð 2. nóvember 2023 og stóð til 5. maí 2024.

Sálmabækur 16. aldar

Í biskupstíð Guðbrands Þorlákssonar (1541-1627) á Hólum urðu tímamót í bókaprentun og útgáfu kirkju-legra rita þar sem hæst ber útgáfa Biblíunnar 1584 og

sálmabókar 1589. Bókaútgáfa Guðbrands var lausn á þeim vanda sem siðskiptin báru með sér, um að allt kirkjustarf væri á móðurmálinu og fylgdi þannig eftir fyrirmælum um framkvæmd helgisiða sem Kirkju-skipan Kristjáns III frá 1537 kvað á um. Haustið 2023 kom út tveggja binda verk, Sálmabækur 16. aldar, sem Guðrún Laufey Guðmundsdóttir og fleiri fræðimenn höfðu unnið að síðastliðin ár og Hið Íslenska bókmenntafélag gaf út. Örsýning var opnuð við Íslandssafn 13. nóvember og stóð til 1. febrúar 2024.

Jólin koma - *Idą święta*

Í byrjun desember var opnuð sýning á teikningum Tryggva Magnússonar í *Jólin koma* eftir Jóhannes úr Kötlum í tilefni af 90 ára afmæli útgáfunnar og nýrri pólskri þýðingu. Bókin kom fyrst út 1932. Griffla gaf bókina út í enskri þýðingu Hallbergs Hallmundssonar 2015 undir heitinu *Christmas is coming : verse for children* og 2022 gaf Mál og menning bókina út á pólsku í þýðingu Nina Słowińska undir heitinu *Idą święta : wiersze dla dzieci* og er af því tilefni sýningin og skráin að hluta á pólsku. Lbs-Hbs eignaðist árið 1989 frumeintök teikninganna í *Jólin koma* og eru þær varðveittar í handritasafni. Sýningin var opnuð 1. desember og stóð til 7. janúar 2024

Kjörgripir mánaðarins 2023

Sex kjörgripir mánaðarins á aðalvef safnsins tengdust körlum, tveir konum og fjórir voru ekki tengdir kyni.

Quid sentimus? Quid faciendum? - Gunnlaugur Briem
Dárahöfuð – handrit, JS 27 fol.

Einkaskjöl - Lárus Sigurbjörnsson

Veggspjald - Pólýfónkórinn

Teikningar - Gísli J. Ástþórsson.

Deleríum búbónis - Jónas og Jón Árnasynir.

Tengdamamma - Kristín Sigfúsdóttir

Einkaskjöl - Róbert Arnfinnsson

50 fyrstu söngvar – Ingólfur Guðbrandsson

Teikningar Rauðsokka – Karólína Rós Ólafsdóttir

Einkaskjöl - Lothar Grund

Sálmabækur 16. aldar – Guðrún Laufey Guðmundsd.

Yfirlit

Nú sýningar voru á árinu, þar af 4 stórar, 2 meðal-stórar og 3 örsýningar. Gefnar voru út þrjár veglegar sýningarskrár og 2 kynningarbæklingar. Sjö voru samstarfsverkefni við aðila utan safnsins. Ein sýning fjallaði um konur, fjórar um karla og fjórar fjölluðu um hluti eða bæði kyn. Af kjörgrípum voru þrír tengdir konum, sjö tengdir körlum, tveir voru ekki tengdir kyni. Erindi í tengslum við sýningar fluttu 18 konur og 10 karlar. Einnig voru gerðir nokkrir fjórblöðungar, þar af tveir á íslensku og ensku og prentaðir innanhúss.

Tölvurekstur

Hlutverk tölvureksturs er að sjá um að tölvur, netþjónar og netbúnaður safnsins séu í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi þess. Tölvurekstur ber ábyrgð á tölvu- og netkerfum safnsins (LBS / Reykholt / Mjódd / Hýsing / Gagnaver) og að þau virki sem skyldi. Fylgst er með nýjungum og breytingum á þessu sviði svo fyllsta öryggis sé ávallt gætt. Helstu verkefni eru rekstur og umsjón netþjóna, gagnageymslna, netkerfa (póstkerfa, gagnagrunna og sýndarumhverfis), aðgangsstýringar og notendastjórnun, afritunarlausnir og gagnaöryggi, eftirlit með vírus- og öryggisvörnum, ráðgjöf um innkaup á hverskonar búnaði, uppfærslur á hugbúnaði og stýrikerfum, rekstur IP símkerfa, uppsetning og rekstur á öryggismyndavélakerfi og uppsetning teyma í TEAMS samskiptabúnaðinum.

Uppfærslur og innleiðingar

Talsvert um uppfærslur stýrikerfa bæði Windows Server og Linux Server í nýjustu útgáfur. Ennfremur uppfærslur á kjarnakerfum, netkerfum, gagnageymslum, öryggiskerfum o.s.frv.

M365 lausnir safnsins hjá Microsoft eru í Menntaskýi, sem er einn af skýjageirum ríkisins sem er rekinn af Upplýsingatæknisviði Háskóla Íslands - UTS. Verkeiðnirnar urðu 419 (490) talsins og fækkaði umtalsvert milli ára. Teymi (Teams) í notkun voru 109.

Lykiltölur	2022	2023
Heildargagnamagn á diskastæðum	400TB	420TB
Gagnamagn í gagnaskýi innanlands	550TB	621TB
Gagnamagn í skýjaþjónustu erlendis AWS Glacier	165TB	364TB
Netþjónar	70	70
Fartölvur starfsfólks	95	95
Tölvur gesta og kiosk þjónustur	24	22
Prentarar og ljósritunarvélar	16	16
Teymi		109
Netaðgangs- og öryggisbúnaður	23	23
IP-tölur skráðar í uppflettiskrá	680	680
Annar búnaður eingöngu á innra neti		
IP símtæki	85	65
Öryggismyndavélar	55	60
Netbeinar (switch)	19	19
Bráðlausir sendar (AP)	36	36

Upplýsingatækni og vefstjórn

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar, innleiðir og viðheldur UT-verkefnum í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefni eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, m.a. önnur þjóðbókasöfn. Sum hafa verið í vinnslu um tíma, en önnur eru ný. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald, breytingar, eða að nýjum verkþáttum bætt við.

Nýr Inngangur

Í janúar var opnaður nýr innri vefur *Inngangur*, sem unnin var af upplýsingatæknisviði, skjalastjóra og mannauðsstjóra. Stærsti hlutinn er efni af gamla Inngangi, en verklagsreglur o.fl. fer í Gæðakerfið, sem er aðgengilegt af Inngangi, eins og GoPro skjalakerfi, Beiðnakerfi, Hask, Viðvera, Vinnustund og Þjóðskrá. Ennfremur verða þar fundargerðir framkvæmdaráðs og stjórnar safnsins, og efni varðandi störf og starfsumhverfi, auk Teljarans, sem telur gesti í safninu.

Íslandskort.is

Endurgerð útgáfa af *Íslandskort.is* leysti eldri útgáfu af hólmi snemma í byrjun árs. Í nýju útgáfunni eru allar hliðar vefjarins og undirliggjandi skráningarvinna uppfærð. Nýtt útlit virkar einnig í snjalltækjum. Birting mynda af kortum er stórbætt í nýjum „spilara“ sem auðveldar notendum að þysja inn og út til að skoða smáatriði. Til að auka gæði er stuðst við IIF (International Image Interoperability Framework) staðal.

Gervigreind

Hugbúnaðurinn Annif, sem notar gervigreind til að úthluta efnisorðum á efni sem þarf að skrá, var settur upp á árinu hjá starfsfólki á Aðfangasviði. Notkun gervigreindar af þessari gerð (risamálíkan, e. large language model) til að auðvelda skráningu gefur tækifæri til að auka verulega afköst í móttöku og skráningu nýs efnis. Horft er til þess að innleiða fleiri lausnir og sjálfvirknivæða efnisorðagjöf eins og kostur er.

Öryggi

Safnið býr yfir miklu magni af óbætanlegum gögnum og það er og verður sífellt stærri áskorun að tryggja öryggi þeirra gagna. Sér í lagi með hliðsjón af mikilli aukningu í netárásum þar sem leitast er við að „læsa“ gögnum eða eyðileggja. Á árinu var mikið af eldri hugbúnaði, uppfærður með því að nota nýjust og öruggustu tækni sem í boði er. Ljóst er að það verður áframhaldandi og áriðandi viðfangsefni.

Vefsafn

Þrjár heildarsafnanir á .is voru gerðar. Um 88 þúsund lén tilheyrja þjóðarléninu, auk þess var um 2.337 íslenskum vefjum á erlendum lénnum safnað. Í heildarsöfnunum söfnuðust að meðaltali um 89 millj. skjala í hverri umferð. Vikulegum söfnunum á völdum vefjum var einnig haldið áfram. Vefirnir eru valdir af starfsfólki skylduskila m.t.t. þess að efnið skipti máli í þjóðmálaumræðu og að vefirnir séu uppfærðir ört. Undanfarin ár hefur safnið notað RSS strauma til að safna efni af völdum vefjum. Þannig var mögulegt að safna efni nánast jafnóðum og það var birt. Erfiðara er að halda þessari söfnun áfram þar sem vinsældir RSS hafa dvínað. Var þessum söfnunum hætt á vordögum.



Leiðsögn fyrir starfsfólk Eddu.

Aðföng og skráning

Sviðið ber ábyrgð á þaulsöfnun skilaskylds íslensks efnis og uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsókna, þ.e. innkaupum og innheimtu efnis, aðfangaskráningu og utanumhald um ritakaupasjóði Háskóla Íslands og safnsins. Einnig sér sviðið um móttöku gjafa, flokkun, skráningu og efnisgreiningu þess efnis sem tekið er inn í Gegni, auk þess að ganga frá efni til útláns og notkunar. Bókfræðistjórn og gæðastjórnun í Gegni í samvinnu við Landskerfi bókasafna er enn fremur á ábyrgð sviðsins. Í árslok störfuðu 18 á sviðinu í 17.45 ársverkum, fimmtán konur og þrír karlar. Sviðsstjóri var Ragna Steinarsdóttir. Starf sviðsstjóra var auglýst laust til umsóknar í byrjun september og þrjár umsóknir bárust. Hallfríður Kristjánsdóttir var ráðin og tók hún við 1. desember. Ragna vinnur áfram að tímabundnu rannsóknarverkefni sem er kostað af Bókasafnasjóði.

Verkefni sviðsins fram eftir ári 2023 lituðust af innleiðingu og gangsetningu nýs bókasafnskerfis árið 2022 þegar bókasafnskerfinu Aleph var skipt út fyrir veflægan hugbúnað, Ölmú frá fyrirtækinu ExLibris. Nýtt bókasafnskerfi býður upp á ýmsa möguleika sem kalla á ný verkefni, nýtt verklag og nýja ferla. Talsverðar breytingar urðu í aðfangaferlinu þar sem nú er hægt að halda utan um pantanir, reikninga og innheimtur í sjálfu kerfinu. Nafnmyndavinna er frábrugðin því sem var í fyrra kerfi og er nú hægt að

tengja bókfræðigrunn Gegnis við fleiri en eina nafnmyndaskrá. Að sama skapi býður nýtt kerfi upp á fleiri möguleika til að flytja skráningarfærslur erlendra gagnagrunna inn í bókfræðigrunn Gegnis og hægt er að tengja rafrænt aðgengi safnsins að stökum titlum og gagnasöfnum við færslur sem ekki eru skráðar í bókfræðigrunni Gegnis, heldur eru staðsettar í svokölluðum heimskjarna (Community Zone) bókasafnskerfisins. Allar þessar nýjungar eru til bóta og hagræðingar, en hafa auðvitað kallað á mikla endur-

menntun og þjálfun fyrir starfsfólk á aðfanga- og skráningarsviði.

Haldin voru tvö skráningarnámskeið á árinu. Í janúar var almennt skráningarnámskeið að hluta kennt með fjarfundabúnaði og að hluta í staðnámi í húsakynnum Landskerfis. Annað skráningarnámskeið með áherslu á meðferð rafræns efnis hjá sérfræðisöfnum var haldið í lok maí og byrjun júní. Um kennsluna sáu starfsmenn sviðsins.

Vinnuhópar um rafræn gögn í bókasafnskerfinu störfuðu af krafti allt árið og fundað var reglulega í tveimur undirhópum, annars vegar vegna skráningar og varðveislu íslenskrar rafrænnar útgáfu í opnum aðgangi og hins vegar vegna séráskrifta háskólasafna að erlendum gagnasöfnum, tímaritum og rafrókum. Afrakstur vinnunar skilaði sér í kortlagningu á þörfum Gagnissafna á aðgengi að rafrænni útgáfu og leiðbeiningum um meðferð rafrænnar útgáfu í Gegni. Starfsmenn sviðsins, Hallfríður Kristjánsdóttir og Telma Rós Sigfúsdóttir leiddu hópana.

Sviðsstjóri, ásamt nokkrum sérfræðingum sviðsins, sat NNG fund (Networking Group on bibliographic and infrastructure topics) sem er samstarfsvettvangur þjóðbókasafna Norðurlandanna um bókasafnskerfi, bókfræðigögn (lýsigögn), skráningarreglur, skráningarsnið og staðla. Markmið samstarfsins er að samnýta lýsigögn og skiptast á upplýsingum. Fundurinn var haldinn í Reykjavík að þessu sinni og fór fram bæði í húsakynnum Landskerfis bókasafna og í Þjóðarþóðunni.

Gæðastjóri ferla, Magný Rós Sigurðardóttir og fagstjóri skylduskila, Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar, fóru ásamt fagstjóra Íslandssafns Krístrúnu Daníelsdóttur í heimsókn til Noregs og Svíþjóðar til að kynna sér verklag við innheimtu, varðveislu, skráningu og aðgengi að skilaskyldu efni hjá þjóðbókasöfnum þar.

Rétt eins og fyrri ár tók starfsfólk aðfangasviðs þátt í kennslu við námsbraut í upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Vormisseri 2023 var sett á laggirnar nýtt námskeið við námsbrautina, sem nokkrir sérfræðingar safnsins komu að. Þar var fjallað um upplýsingatækni og samspil gagna og kerfa í bókasafnaumhverfinu.

Mikil vinna var lögð í kortleggja verefni og verkferla sviðsins og skjala verklagsreglur og vinnulag. Magný Rós Sigurðardóttir, gæðastjóri ferla stillti upp gæðaskjölum sem vistuð eru í gæðakerfi safnsins og setti að auki upp sérstaka handbók fyrir starfsfólk aðfanga-sviðs. Skipuriti sviðsins var breytt á árinu áður, 2022 og mikil þörf var á að samræma verkferla og bæta upplýsingaflæði.

Aðföng

Helstu verkefni aðfanga eru kaup á gögnum fyrir safnið og Háskóla Íslands s.s. pöntun, móttaka og aðfanga-

skráning. Auk þess sér faghópurinn um móttöku, umsýslu og aðfangaskráningu gjafa. Starfshópur um stjórnun og uppbyggingu safnkosts sér um val á bókum og öðru efni sem keypt er fyrir sjóði safnsins, t.d. bækur íslenskra höfunda sem þýddar hafa verið á erlend tungumál og gefnar út erlendis, efni sem berst ekki í skylduskilum, en fjallar um Ísland og Íslendinga (Islandica Extranea). Hópurinn afgreiðir einnig beiðnir sem safninu berast um innkaup safnkosts. Unnið er eftir stefnu um aðföng safnkosts og var stefnan uppfærð á árinu. Söfnun og greining á tölfraðigögnum er stór þáttur í starfseminni og sérfræðingar á sviðinu vinna náið með Landskerfi bókasafna um þróun og viðhald aðfangabátar Gagnis.

Rafrænt efni

Hugvísindasvið, Félagsvísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ héldu áfram að nýta fjármagn sem ætlað er til uppbyggingar rannsóknarinnviða, til að auka aðgengi að rafrókum og tímaritum í samstarfi við Lbs-Hbs, sem sér um umsýslu þessa efnis. Alls veita þessir samningar aðgang að 306 (296) þúsund rafrókum, mest á sviði hug- og félagsvísinda. Hugvísindasvið endurnýjaði einnig aðgang að *Social Sciences & Humanities Library*, eða tæplega 1500 rafrænum tímaritum. Kostnaður vegna áskriftanna var tæpar 23 millj. kr.

Gagnakaup safnsins og Háskóla Íslands

Lbs-Hbs varði til gagnakaupa á árinu 2022 um 16 milljónum kr. sem skiptast þannig:

Gagnakaup Lbs-Hbs m.kr.	2022	2023
Bækur	4.4	3.4
Tímarit	5.0	6.6
Tón- og myndefni	0.3	0.1
Landsaðgangur	4.5	4.8
Rafrænar séráskriftir	2.6	1.1
Alls	16.8	16.0

Fjárveiting frá fræðasviðum og/eða einstökum deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna kaupa á bókum, tímaritum og gagnagrunnum á árinu 2023 stóð nokkurn veginn í stað og var sem hér segir:

Fjárveiting sviða HÍ m.kr.	2022	2023
Félagsvísindasvið	10.3	12.4
Heilbrigðisvísindasvið	3.5	2.8
Hugvísindasvið	7.0	7.0
Menntavísindasvið	0.0	0.0
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	17.3	17.7
Alls	38.1	39.6

Landspítali - Háskólasjúkrahús kaupir efni fyrir heilbrigðisvísindasvið, og menntavísindasvið HÍ sér um

innkaup fyrir sitt bókasafn, en bæði sviðin taka þátt í greiðslu rafrænna séráskrifta sem eru í áskrift hjá Lbs-Hbs. Heildarinnkaup safnsins fyrir HÍ voru rúmar 43 millj. kr., sem eru um 2.2 millj. kr. hærri upphæð en í fyrra. Mismunurinn liggur helst í að nokkrar deildir áttu afganga frá fyrra ári, gengi krónunnar var óhagstætt, og nýjar tímaritaáskriftir í rafrænu formi voru keyptar. Þessum fjármunum var ráðstafað í náninni samvinnu við háskólakennara og/eða tengiliði deilda og sviða, og skiptist í:

Gagnakaup sviða HÍ m.kr.	2022	2023
Bækur og myndefni	4.9	4.3
Tímarit	10.6	10.2
Rafrænar séráskriftir	24.8	28.3
Alls	40.3	42.9

Auk þessa greiddi Háskóli Íslands miðlægt vegna Landsaðgangs að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum og fyrir rafrænar séráskriftir að gagnasöfnunum *JSTOR*, *Science Citation Report*, *Scopus*. og tímaritinu *Science*.

Miðlæg gagnakaup HÍ m.kr.	2022	2023
Landsaðgangur	48.0	46.0
Rafrænar séráskriftir	12.2	13.4
Alls	60.2	59.4

Tímarit og greiniskráning

Fagsviðið *Tímarit og greiniskráning* sameinaðist fagsviði *Aðfanga* 1. september 2022. Nú sér fagsviðið um innkaup, skráningu og umsýslu tímarita safnsins og Háskóla Íslands. Ákvarðanir um hvaða efni er keypt fyrir skólann eru að mestu hjá kennurum og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2023 voru 319 (333) tímaritaáskriftir greiddar af HÍ og 198 (207) af ritakaupafé safnsins, samtals 517 (540) titlar. Að auki koma enn mörg tímarit að gjöf, en þeim hefur fækkað umtalsvert s.l. tvö ár. Við skipulagsbreytingar á sviðinu á árinu 2022 færðist umsjón með skráningu tímaritsgreina til fagsviðsins *Skráningar*, sem og skráning og umsýsla ársskýrslna. 163 tímarit eru greiniskráð að staðaldri í Gegni og um skráninguna sjá 10 aðildarsöfn Gegnis, hvert eftir sínu fræða- eða áhugasviði. Af þeim sér Lbs-Hbs um greiniskráningu um 102 titla. Huga þarf að samræmi við skráningu á *tímarit.is*, en greiniskráning í Gegni er forsenda þess að titlar greina birtist rétt á *tímarit.is*. Unnið er að grisjun á forða eldri erlendra tímarita í geymslum safnsins.

Alþjóðleg útgáfunúmer

Breyting og uppfærsla varð á gagnagrunnum alþjóðlegu útgáfunúmeranna um mitt ár 2022 og tölur voru endurskoðaðar og uppfærðar. Lbs-Hbs heldur utan

um færslur í skránnar fyrir hönd Íslands og sér Helga Kristín Gunnarsdóttir um verkefnið.

Alþjóðlegt bóknúmer ISBN

Fyrir bækur var úthlutað 69 númeraröðum á árinu og 188 stökum númerum. Heildarskrá yfir íslenska útgefendur er hluti af *Global Register of Publishers*, sem einnig inniheldur upplýsingar um einstaklinga sem fá stök ISBN númer. Skráin er uppfærð jafnóðum og númerum er úthlutað og um áramót voru 6.800 íslensk númer í skránni.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Úthlutað var 239 ISSN númerum fyrir tímarit á árinu, að meginhluta fyrir tímarit í stafrænni endurgerð á vefnum *tímarit.is*. Heildarfjöldi færslna fyrir íslensk tímarit í ISSN skránni var um áramót 4.256 færslur.

Alþjóðlegt nótnanúmer ISMN

Úthlutað var einni númeraröð á árinu og 6 stökum ISMN númerum fyrir nótur. Frá upphafi hefur verið úthlutað 35 röðum og 73 stökum númerum. Skrá yfir íslenska útgefendur, sem haldið er saman fyrir alþjóðaskrifstofuna innihélt 104 færslur um áramót.

Skylduskil og gjafir

Í starfseiningunni er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýs íslensks efnis skv. lögum um skylduskil nr. 20/2002. Þá er unnið að frágangi og aðfanga-skráningu eldra efnis sem berst og reynt að útvega það sem á vantar, hvort sem um er að ræða bækur, tímarit eða annað efni, áþreifanlegt eða stafrænt. Haldið er saman tölulegum upplýsingum um blöð, tímarit, dægurprent og annað efni sem bætist við (sjá Árstölur 3.2.2).

Skylduskil

Skylduskil eru sótt til stærri prentsmiðja á höfuðborgarsvæðinu á u.þ.b. þriggja mánaða fresti en aðrar senda safninu sitt efni tvisvar á ári. Útgefendur skila sínu efni ýmist jafnóðum og það kemur út en þó ekki sjaldnar en tvisvar á ári, að vori og í desember. Á árinu var áfram haldið með þróun verklags eftir þær ýmsu breytingar sem áttu sér stað á fagsviðinu á árinu 2022. Breytingar urðu á starfsfólki sem kallaði á uppfærslur á verklagi og einnig þurfti að halda áfram vinnu við að aðlaga móttöku og frágang skylduskilaefnis að nýju bókasafnskerfi. Einn liður í þeirri vinnu var heimsókn tveggja starfsmanna skylduskila til Landsbókasafns Noregs í Mo i Rana og til Konunglega bókasafnsins í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Á árinu lauk aðkomu fagsviðsins að tiltekta verkefni í varaeintakasafninu í Reykholti. Í þeirri vinnu bættust um 6000 eintakafærslur við safnkostinn, einkum fyrir tímarit. Með þessu verkefni hefur verið lagður grunnur

að því að auðvelda alla yfirsýn og umsýslu með íslensk tímarit í eigu safnsins.

Gjafir

Umsýsla með gjafir hefur vaxið talsvert síðustu ár. Miklar breytingar hafa verið gerðar á verkferlum tengdum gjöfum, bæði varðandi val á gjafabókum og móttökuferlum, sem hafa verið gerðir skýrari.

Safninu bárust að vanda margar ritagjafir á árinu. Almennings- og skólabókasöfn gáfu safninu fjölmarga titla sem voru í vantanasafni. Í vantanasafni er skráð það efni sem safninu barst ekki í skylduskil á þeim tíma sem það kom út. Gefendur geta flett þar upp til að athuga hvort efni sem verið er að grísa vantar hjá Lbs-Hbs. Vantanasafni hefur reynst bæði gefendum og þiggjendum vel og hjálpað safninu við að ná efni sem ekki hefur borist í skylduskilum. Einnig bárust safninu nokkrar mjög viðamiklar gjafir frá einstaklingum. Gefendur voru um 160 talsins og bárust safninu u.þ.b. 2400 hefti tímarita, 3500 eintök af bókum og sérprentum, 250 hljóðrit (tónlist og hljóðbækur) og um 90 nótnahefti eða blöð.

Samkvæmt samstarfssamningi við Miðstöð íslenskra bókmennta fær safnið eintök af þeim þýðingum íslenskra bókmennta sem Miðstöðin styrkir, og barst safninu fjöldi nýrra þýðinga á árinu.

Rafhladan og rafræn skylduskil

Rafrænn hluti skylduskila hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og má segja að sá hluti sé orðinn jafn umfangsmikill og prentaðs efnis. Talsverð vinna fer í að fylgja eftir skilum á þessu efni og er verklag við innheimtu og varðveislu í stöðugri þróun. Varðveisla rafræns efnis sem ekki er á *tímarit.is* eða í *hljodsafni.is* er í Rafhlöðu *rafhladan.is*, stafrænu varðveislusafni safnsins. Slíkt efni er m.a. stofnanaprent, rafbækur og sum tímarit. Lýsigögn verkanna í Rafhlöðunni eru afrituð úr Gegni með vélrænum hætti og er efnið ýmist sótt á vefi útgefanda af starfsfólki safnsins og skráð í Gegni, eða að því er skilað af stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Í safninu voru 29.181 (28.107) einingar í lok árs og höfðu 1.082 (322) bæst við á árinu. Sjá töflu 3.2.2. í Árstölum.

Vefsafnanir

Íslenskum vefsíðum er safnað reglulega í *vefsafni.is*. Safnað er þrisvar á ári öllu sem er á léninu .is ásamt völdum erlendum lénunum. Sömu leiðis eru gerðar vikulegar safnanir, einkum af síðum miðla sem breytast ört. Fjöldi vefja í reglulegri söfnun voru 91 (88). Þá er einnig safnað efni af öðrum lénunum en .is, einkum efni er varðar Ísland og Íslendinga erlendis. Slíkar slóðir voru 2.337 (2.326) um áramót.

Nú eru rúmlega 6.2 (5.85) milljarðar skjala í safninu, samtals um 168 (151) terabæt. Fjöldi vefsetra sem tilheyra .is voru í árslok rúmlega 88 (85) þúsund.

Skráning

Meginverkefni faghópsins er flokkun, efnisgreining og skráning alls þess efnis sem tekið er inn í Gegni, hvort sem um ræða prentað efni, rafrænt efni eða efni á öðru formi svo sem hljóðbækur, tónlist á ýmsu formi, kvikmyndir, spil eða margmiðlunargögn. Um er að ræða íslenskt efni sem berst í skylduskilum, efni sem keypt er fyrir safnið sjálft og fyrir Háskóla Íslands og það sem berst að gjöf. Þá eru einnig skráðir valdir bókarkafar og tímaritsgreinar í íslenskum ritum og erlendum ef innihaldið varðar Ísland eða er eftir Íslendinga. Á árinu 2023 bættust 24.524 bókfræðifærslur við í safnakjarna Landsbókasafns. Meirihlutinn er aðgengi að rafrænum bóka- og tímaritatitlum þar sem ekki er þörf á skráningu, en 5.523 eru bókfræðifærslur sem voru skráðar í bókfræðigrunn Gegnis. Þar af eru 3.969 færslur fyrir prentaðar bækur, tæpar 200 tímaritsgreinar, 185 bókarkafar og ýmsar aðrar tegundir safngagna. Bókfræðifærslur eru ýmist fluttar inn úr öðrum kerfum og aðlagðar að skráningarstöðlum Gegnis eða frumskráðar af skrásetjurum.

Fyrir utan skráningu á nýjum viðföngum sér fagsvið skráningar um ýmis verkefni sem snúa að gæðamálum bókfræði- og nafnmyndagrunns Gegnis og hefur umsjón með því að kóða bókfræðifærslur sem eiga að birtast á *utgafuskra.is*. Mikil vinna var á árinu lögð í lagfæringar á bókfræðigrunninum eftir gagnaflutninga úr eldra bókasafnskerfi og yfir í nýtt.

Safnið býður upp á skráningarþjónustu gegn gjaldi fyrir söfn og stofnanir þar sem aðföng eru lítil og/eða enginn starfsmaður með skráningarheimild í Gegni. Í þjónustunni felst flokkun, skráning og tenging rita í Gegni. Einnig kjálmerking sé þess óskað. Lítil eftirspurn var eftir þjónustunni á árinu.

Útgáfuskrá og nafnmyndastjórn

Bókfræðifærslur fyrir íslenska útgáfu eru skráðar og kóðaðar í Gegni m.t.t. þess að gögnin megi draga út og endurnýta í *Íslenskri útgáfuskrá*. Skráin inniheldur tölulegt yfirlit um útgáfu bóka, hljóðbóka, tímarita, landakorta og hljóðritaðrar tónlistar á Íslandi frá árinu 1999. *Íslensk útgáfuskrá* er framhald af prentaðri bókaskrá (1974-2001) og prentaðri hljóðritaskrá (1979-2001). Skráin er birt á vefnum *utgafuskra.is*. Árið 2023 hefur skráin ekki verið uppfærð og nýjustu tölur eru frá árinu 2021. Til stendur að opna nýjan vef á sama veffangi með uppfærðum töflum og upplýsingum, en nauðsynlegt er að uppfæra útgáfuskránni þannig að hún gefi betri mynd af bæði hefðbundnum og nýjum útgáfumiðlum.

Árið 2023 var sett á laggirnar sérstakt nafnmyndaráð sem fundar reglulega og tekur ákvarðanir um nafnmyndastjórn í Gegni. Innan þess starfa svo smærri

hópar sem sjá um uppbyggingu nafnmyndagrunnsins m.t.t. mannanafna, stofnanaheita, ritraða, landfræðiheita og eiginlegra efnisorða. Á árinu bættust 3.051 færslur í nafnmyndagrunn Gegnis.

Gæðastjórn Gegnis

Gæðastjórn Gegnis er unnin í nánú samstarfi við Landskerfi bókasafna, Borgarbókasafn og önnur bókasöfn, sem eiga hagsmuna að gæta þegar kemur að gæðum lýsigagna í kerfinu, og því hvernig þau nýtast og birtast í bókasafnskerfinu og leitargáttinni *leitar.is*. Safnið á tvo fulltrúa í skráningarráði Gegnis, Sigurgeir Finnsson og Kristínu Lilju Th. Björnsdóttur. Ragna Steinarsdóttir og Berglind Hanna Jónsdóttir sitja í efnisorðaráði og Ragna er jafnframt ritstjóri efnisorða í Gegni. Bæði ráðin starfa á vegum Landskerfis.

Safnið heldur úti sérstöku netfangi, *gegnir@landsbokasafn.is* til að taka við beiðnum um leiðréttingar og öðrum erindum um skráningu í bókfræði- og nafnmyndagrunn Gegnis. Fagstjóri skráningar og sérfræðingar á fagsviðinu sjá um afgreiðslu erinda sem berast þannig. Að meðaltali bárust 16 erindi á mánuði árið 2023 eða tæplega 190 erindi. Þá berast einnig árlega um 20-30 fyrirspurnir frá útgefendum, stjórnvöldum, fjölmiðlum og fleiri innlendum og erlendum aðilum, um útgáfutölur, þýðingar, styrki vegna útgáfu o.fl.

Handbók skrásetjara Gegnis

Safnið heldur úti *Handbók skrásetjara Gegnis* (HASK), sem er veflægt vinnutæki allra skrásetjara í landinu og er aðgengileg á *hask.landsbokasafn.is*. Gæðastjóri er ritstjóri HASK, en í ritstjórn sitja að auki fjórir skrásetjarar Lbs-Hbs. Handbók skrásetjara er uppfærð reglulega í samræmi við alþjóðlegar skráningarreglur og staðla og ákvarðanir skráningarráðs Gegnis. Handbókin var endurhönnuð í kjölfar innleiðingar á RDA skráningarreglunum 2016, og við innleiðingu nýs bókasafnskerfis 2022. Handbókin öx talsvert á árinu þegar leiðbeiningum um nafnmyndaskráningu var bætt við. Vefmælingar í Lbs-Hbs voru með nokkuð öðru móti en fyrri ár og því ekki fyllilega sambærilegar þeim tölum sem settar eru fram í fyrri ársskýrslum. Ekki reyndist mögulegt að skoða notkunartölur frá janúar og fram í miðjan apríl, en frá apríl og fram til loka árs 2023 voru notendur 733 og flettingar á vefnum rúmlega 53.500. Sjá töflu 2.13.

Gæðastjórn ferla

Í kjölfar stafrænnar breytingar á útgáfu þess efnis sem safninu ber að safna, skrá, varðveita og miðla, hefur þurft að endurskoða verklag og vinnubrögð innan safnsins. Safnefni er á mun fjölbreyttara formi en áður og til að ná betri stjórn á flæði þess um safnið, var ákveðið að koma á aukinni gæðastýringu til að ná betri yfirsýn og auðvelda starfsfólki að vinna með gögn á ólíku formi. Mikilvægt er að allir ferlar varðandi móttöku, flokkun, skráningu og miðlun efnis séu sýnilegir og skýrir, til að auðvelda vinnu við að gera það aðgengilegt fyrir notendur. Magný Rós Sigurðardóttir, gæðastjóri ferla sér um að endurskoða og samræma verklag og vinnubrögð á sviðinu og er sú vinna vel á veg komin. Verkefnið tengist bæði móttöku efnis skv. lögum um skylduskil, en einnig innkaupum á erlendu efni, bæði á pappír og í stafrænu formi, m.a. í samvinnu við svið og deildir HÍ og aðra hagsmunaaðila. Þá fellur móttaka gjafa einnig undir þetta verkefni.

Helstu verkefni ársins

Fyrir utan daglegan rekstur við aðföng, skráningu og skylduskil voru stærstu verkefni sviðsins á árinu mörg tengd nýjungum sem fylgdu í kjölfar innleiðingu nýs bókasafnskerfis. Þótt nýtt kerfi hafi formlega verið tekið úr innleiðingarfasa og fært yfir í rekstur í ágúst 2022, voru enn ýmis verkefni tengd innleiðingunni óunnin á þeim tímapunkti og stóðu langt inn á árið 2023. Til dæmis þurfti að finna nýjar leiðir til að meðhöndla aðgengi að rafrænni útgáfu. Í nýju kerfi er rafrænt efni ýmist skráð í bókfræðigrunn Gegni og varðveitt í Rafhlöðu, eða tengt við færslur í svo-kölluðum heimskjarna (community zone) bókasafns-kerfisins og viðhaldið af samstarfsaðilum ExLibris, framleiðanda kerfisins. Að sama skapi þurfti að finna lausn á því hvernig aðgengi safna í Gegnissamlaginu að eintakalausum greinifærslum (bókarköflum og tíma-ritsgreinum) skyldi háttað. Þá var nýtt verklag tekið upp í nafnmyndastjórn og sett á laggirnar sérstakt nafnmyndaráð til að leysa úr helstu áskorunum við nafnmyndastjórn í nýju bókasafnskerfi.

Þá var mikið unnið í gæðamálum og skráningu verk-lagsreglna. Meðal þess sem þurfti að endurskoða og skjala var umsýsla og ákvarðanataka tengd gjöfum, en það verkefni hefur vaxið undanfarin ár.



Erasmus gestir.

Varðveisla og stafræn endurgerð

Sviðið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. handritum og einkaskjölum, sérsöfnum og öllu útgefnu íslensku efni skv. lögum um skylduskil, nema kvikmyndum, útvarps- og sjónvarpsefni. Sviðið hefur umsjón með forvörslu, bókbandi, umbúnaði, stafrænni endurgerð, útlánnum á lessal, ásamt annarri þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Einingin hefur einnig umsjón með varaeintakasafni í Reykholti. Í lok ársins störfuðu 21 á sviðinu, 11 karlar og 10 konur, en ársverk voru 18.33. Sviðsstjóri er Örn Hrafnkelsson.

Forvarsla og bókbandsstofa

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Forvörður er einnig til ráðuneytis um viðhald, varðveislu og umbúnaði ritakostsins. Megináhersla hefur verið að bæta umbúnað handrita með því að skipta út gömlum umbúðum fyrir nýjar sýrufríar umbúðir. Á undanförunum árum hefur dregið verulega úr bókbandi á nýjum ritum, en vægi frágangs, viðgerða og endurbands gamalla bóka og handrita úr eigu safnsins hefur aukist til muna. Bókbandsverk 2023 voru alls 16.131 (9.938) einingar. Hrefna Ársælsdóttir bókbindari fór á eftirlaun á árinu og verður ekki ráðið í starf hennar fyrst um sinn vegna aðhalds. Nú starfa tveir við bókband og forvörslu, þeir

Stephen A. Hannah, bókbindari, og Rannver H. Hannesson, forvörður. Forvörður tekur þátt í verkefni *Hringrás pappírs*. Markmið þess er að afla upplýsinga um uppruna, dreifingu og notkun pappírs á Íslandi á 16. og 17. öld, m.a. með greiningu á vatnsmerkjum. Verkefnið er styrkt af Rannís og stýrt af Stofnun Árna Magnússonar. Hildur Ploder, nemi í forvörslu í Kaupmannahöfn, var í sumarvinnu í bókbandinu eins og undanfarin ár. Lokaverkefni hennar, er rannsókn á eldri viðgerðum á handritum í Lbs-Hbs. Fyrsta skrefið er að greina efnin sem eru í gömlu viðgerðunum. Tekin voru sýni úr þeim og þegar ljóst er hvaða efni hafa verið notuð, verður hægt að þróa aðferðir til að losa þær af.

Handritasafn

Meginhlutverk handritasafns er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita og einkaskjala sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Starfsfólk sinnir skráningu þeirra, flokkun og frágang, annast kynningar fyrir nemendur og aðra gesti, kynnir safnkostinn, þjónustar gesti á lestrarsal, sinnir upplýsingaþjónustu, vinnur að sýningum og heldur úti síðu á samfélagsmiðlum.

Í lok árs 2023 voru alls varðveittar í handritasafni 17.375 (17.296) einingar: 15.493 (15.485) handrit eða einkaskjalsöfn sem er í lýst í prentuðum skrá safnsins (útg. 1918–1996) og handrit sem hafa verið skráð á handrit.is síðustu ár. Skráð fornbréf og skinnblöð eru 207. Fjöldi einkaskjalsafna, en það eru persónuleg söfn einstaklinga (s.s. bréf og dagbækur) mismikil að vöxtum, er 1.675 (1.604). Þess ber að geta að einkaskjalsöfn sem eru skráð í prentuðum skrár eru ekki í fyrrgreindri tölu.

Safnkostur handritasafns 2023	
Handrit á safnmarki	15.493
Fornbréf og skinnblöð	207
Einkaskjalsöfn	1.675
Alls	17.375

Lán á lessal og millisafnalán

Alls voru 2.304 (2.381) handrit og einkaskjöl lánuð á lessal árið 2023. Níttján handrit eða handritabrot voru lánuð úr handritasafni. Blöð úr níu handritum voru lánuð til Kaupmannahafnar, vegna lokaverkefnis Hildar Ploder í forvörslu, og tíu handrit lánuð til Stofnunar Árna Magnússonar. Til handritasafns voru fengin fjögur handrit að láni, þrjú frá Héraðsskjalasafni Árnesinga og eitt frá Héraðsskjalasafninu á Akureyri.

Aðföng

Handritasafni bærust 47 afhendingar 2023 (39 einkaskjalsöfn og 8 handrit). Árið 2022 voru þær 136. Meðal aðfanga eru gögn Ólafs Jóhanns Sigurðssonar rithöfundar (1918–1988) (Lbs 2023/16), Ingunnar Stefánsdóttur rjómabústýru (1880–1952) (Lbs 2023/5), Harðar Ágústssonar listmálara (1922–2005) (Lbs 2023/70), Birnu G. Bjarnleifsdóttur leiðsögumanns (1934–2022) (Lbs 2023/14) og Kristmanns Guðmundssonar rithöfundar (1901–1983) (Lbs 2023/31). Meðal handrita er sveitablaðið *Dalbúinn* 1891–1893 (Lbs 5818 4to) og *Sagan af Marbein sterka* (Lbs 5355 8vo).

Skráning - handrit og einkaskjöl

Handrit

Á árinu 2023 voru nýskráð 1.509 handrit á handrit.is. Munar mest um styrk úr Innviðasjóði Rannís gegnum Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) og voru ráðnir tveir starfsmenn í fullt starf við skráningu í tólf

mánuði frá og með haustinu, þeir Matthías Aron Ólafsson og Kjartan Atli Ísleifsson.

Heildarfjöldi handrita, skinnblöð og fornbréfi í handritasafni í árslok voru 15.700 (15.692). Ekki hafa öll handrit verið skráð á *handrit.is* en unnið er að skráningu þeirra og lagfæringum á *handrit.is*. Af þeim 15.700 einingum hafa 11.108 verið skráð á vefinn *handrit.is*, óskráðar einingar eru 4.592 í safndeildinni Landsbókasafns (safnmarkið: Lbs)

Fjöldi handrita, skinnblaða og fornbréfa	2022	2023
Handrit á safnmarki	15.485	15.493
Fornbréf og skinnblöð	207	207
Alls	15.692	15.700
Fjöldi skráninga á handrit.is	9.599	11.108
Fjöldi óskráðra einingar	6.093	4.592

Einkaskjalsöfn

Unnið var að skráningu 21 einkaskjalsafns, þar á meðal Áka Jakobssonar (Lbs 1006 NF), Benediktínu Lilju Benediktsdóttur (Lbs 845 NF), Björns Ólafssonar (Lbs 864 NF), Elínar Briem (Lbs 445 NF), Einars Baldvins Guðmundssonar (Lbs 1042 NF), Filippíu Kristjánsdóttur (Lbs 899 NF), Guðrúnar J. Erlings (Lbs 897 NF), Jóns Jónssonar frá Múla (Lbs 999 NF), Jónasar Jónssonar frá Hriflu (Lbs 607 NF), Júlíusar Sólness (Lbs 2023/12), Klemensar Jónssonar (Lbs 493 NF), Kristins Guðlaugssonar á Núpi (Lbs 963 NF), Valgerðar Jónsdóttur (Lbs 372 NF) o.fl. Þá voru 33 skrár lagfærðar og settar upp skv. ISAD(G) staðli, og enn fremur gerðar lýsandi samantektir fyrir 10 söfn.

Skráning afhendinga í aðfangabók

Unnið var að skráningu afhendinga í aðfangabók, þ.e. setja safnmörk og staðsetja einstakar afhendingar. Alls voru 125 safnmörk færð þar inn á árinu.

Myndun handrita

Alls voru mynduð 45 (76) handrit, alls 12.859 myndir, og birt á *handrit.is*. Starfsemi myndastofu var þó ekki á fullum afköstum vegna bilunar í myndavél um skeið.

Sérverkefni

Hringrás pappírs

Annað ár verkefnisins hófst, en það er styrkt af Rannís og stýrt af Stofnun Árna Magnússonar. Af hálfu Lbs-Hbs taka Halldóra Kristinsdóttir og Rannver H. Hannesson þátt í verkefninu. Ákveðið var að fresta því að fá starfsmann í verkefnið fram á næsta ár.

Transkribus

Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) fékk styrk frá Innviðasjóði Rannís árið 2022 til að vinna að þróun Transkribus forritsins. Lbs-Hbs og Þjóðskjalasafn unnu að verkefninu veturinn 2022–2023 og var

Emil Gunnlaugsson ráðinn til að vinna að því í hlutastarfi. Afrakstur þess voru tvö ljóslestrarlíkön sem má nota til að lesa handskrift frá átjándu og nítjándu öld. Líkönin voru gerð notendum aðgengileg á árinu.

Átak í handritaskráningu

Matthías Aron Ólafsson og Kjartan Atli Ísleifsson hófu störf í handritasafni í byrjun september við handritaskráningu fyrir tilstilli styrks frá Innviðasjóði gegnum Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL).

Network for Digital Old Norse Studies (NDOS)

Guðrún Laufey Guðmundsdóttir tók þátt í evrópsku samstarfi um gagnagrunna tengdum handritum og fornum norrænum fræðum, Network for Digital Old Norse Studies (NDOS). Auk þess að sækja fjarfundi og námskeið, hélt Guðrún fyrirlesturinn Handrit.is-Searching the written past fyrir þátttakendur í febrúar.

Þýðingar Íslendingasagna - Saga Translations

Gagnagrunnur um Þýðingar íslenskra miðalda-bókmennta var uppfærður reglulega eftir því sem upplýsingar um nýjar útgáfur bárust. Meðal annars var bætt við fyrstu þýðingunum á úkraínsku, sem innihalda Eddukvæði í tveimur bindum. Í árslok 2023 eru í gagnagrunninum alls 10.016 tilvísanir í nær 2.500 rit á 43 tungumálum eftir 1.208 þýðendur.

Samfélagsmiðlar

Facebook-síða handritasafns var opnuð í mars 2010 og hefur verið notuð til að kynna áhugavert efni úr fórum handritasafns og viðburðum því tengdu. Fylgjendur voru 1.708 (1.661) í árslok 2023.

Sýningar

Sálmabækur 16. aldar

Þann 14. nóvember var opnuð örsýning í tengslum við endurútgáfu á þeim þremur íslenskum sálmabókum sem voru prentaðar á síðari hluta 16. aldar. Sýningin var í anddyri Íslandssafns og stóð fram í febrúar 2024.

Fiske handritin

Sett var upp sýning á fjórum handritum úr fórum Willards Fiske þann 18. október. Handritin fjögur uppgötvuðust á vormánuðum 2023 þar sem þau lágu óskráð í öryggishvelfingu safnsins meðal prentaðra bóka. Ákveðið var að taka þau til skráningar og jafnframt vekja athygli á þeim. Fjallað var um þau á RÚV 20. okt.

Annað

Handritasafn tók í notkun geymslupláss í fjargeymslu Lbs-Hbs í desember. Gögn ætluð Leikminjasafni sem bárust í handritasafn á meðan Leikminjasafn var á hrakhólum voru afhent í Leikminjasafn í febrúar, alls 26 afhendingar.

Hljóð- og myndsafn

Innan hljóð- og myndsafns starfa eftirtalдар einingar: tón- og myndsafn, miðstöð munnlegrar sögu og tónlistarsafn. Segja má að einingin sé í mikilli þróun og leitast er við að efla samstarfi við ólíka aðila sem vinna með tónlist og annað hljóðefni á seinni árum. Ný tónlistarlög nr. 33/2023 voru samþykkt á Alþingi í maí.

Tón- og myndsafn

Meginhlutverk tón- og myndsafns er að safna, varðveita og veita aðgang að hljóðritum og myndefni sem gefið er út á Íslandi og safna eftir megni hljóðritum og myndefni sem Íslendingar eiga aðild að og gefið er út erlendis. Safnkosturinn er að mestum hluta varðveisluefni, fengið í skylduskilum, s.s. íslensk hljóðrit (tónlist og hljóðbækur) og kvikmyndir, en þó er hluti safnkostsins gjafir og keypt efni, en undir það heyrir hljóðrit Íslendinga sem gefin eru út erlendis, erlendar kvikmyndir sem Íslendingar eiga aðild að og erlendar kvikmyndir ætlaðar háskólanemum. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni og einnig er úrval af nótnaheftum til útláns, auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum. Áþreifanlegt efni sem berst í skylduskilum, er jafnóðum skráð í Gegni.

Í lok árs 2023 voru alls varðveittar í tón- og myndsafni 33.826 (33.451) áþreifanlegar einingar sem eru skráðar í bókfræðigrunn Gegnis. Gögnum tón- og myndsafns er skipt upp í fjórar safndeildir. Í fyrsta lagi er það efni skylduskila, hljómplötur og geisladiskar. Í þeirri safndeild eru 14.508 (14.373) einingar. Þar næst er safndeild með snældur, bæði tónlist og hljóðbækur, einnig skylduskilaefni: 1.818 (1.790) einingar. Því til viðbótar er safndeild þar sem varðveitt er efni eftir Íslendinga sem er gefið út erlendis og kvikmyndir eftir Íslendinga, og kvikmyndir til kennslu: 4.117 (4.028). Að lokum eru það varaeintök tón- og myndsafns samtals 13.383 (13.260) einingar.

Hljóð og myndsafn	2021	2022	2023
Hljómplötur og geisladiskar	14.194	14.373	14.508
Snældur / hljóðbækur	1.765	1.790	1.818
Erlend útgáfa Íslendinga	3.888	4.028	4.117
Varaeintök	12.954	13.260	13.383
Alls	32.801	33.451	33.826
Aukning milli ára	971	650	375

Einhver mesta breyting síðustu ár er að útgáfa á tónlist og öðru hljóðefni t.d. á hljóðbókum, hefur færst út á netið. Vefútgáfa tónlistar er varðveitt í Hljóðsafninu og var heildarfjöldi hljóðskráa af netinu í árslok 2023: 21.492 (15.241). Í töflu hér að neðan má sjá fjölda hljóðskráa er hafa bæst við á hverju ári.

Hljóð og myndsafn	2021	2022	2023
Vefútgáfa tónlistar – fjöldi skráa	3.622	5.426	6.251

Þessi breyting hefur haft það í för með sér að öflun á efni er með öðrum hætti. Áður fyrr barst í skylduskilum öll útgefin tónlist, sem kom út á hljómplötum, snældum og geisladiskum, en nú þarf að nálgast efnið handvirkt. Þess skal þó getið að safnið er í viðræðum við útgefendur tónlistar um lausn, þar sem skil verði með sjálfvirkari hætti en áður.

Vefurinn hljóðsafn.is

Í hljóðsafninu, stafrænu varðveislusafni Lbs-Hbs, sem er aðgengilegt á vefsíðunni *hljodsafn.is*, eru stafræn afrit af íslenskum hljómplötum, snældum, geisladiskum og vefútgáfu. Tilgangurinn með safninu er að varðveita íslenska hljóðritaútgáfu til frambúðar á stafrænu formi og bæta aðgang að hljóðritum safnsins. Hljóðrit sem komin eru úr höfundarrétti eru í opnum aðgangi og hægt er að hlusta á stutt hljóðdæmi efnis sem enn er í höfundarrétti. Öll hljóðritin eru aðgengileg í fullri lengd í tölvu á 4. hæð í Þjóðarbókhöð. Lokið var við að afrita geisladiska útgáfuársins 1999, mynda þá og senda í Hljóðsafnið. Nú er því öll geisladiskaútgáfa frá upphafi 1987, til ársins 1999 komin þar inn. Einnig voru nýrri heimabrenndir geisladiskar jafnóðum afritaðir í safnið þar sem endingartími þeirra er takmarkaður.

Í árslok voru komnar 71.776 (62.227) hljóðskrár í *hljodsafn.is* og þar af voru 708 (703) í opnum aðgangi (tónlist komin úr höfundarrétti eða viðtöl úr Miðstöð munnlegrar sögu. Aukning um 9.549 (10.839) hljóðskrár og skiptast þær þannig:

Hljóðskrár á <i>hljodsafn.is</i>	2021	2022	2023
Af geisladiskum	38.825	43.427	46.498
Af netinu	9.815	15.241	21.492
Af 78 snúninga hljómplötum	657	657	657
Af 45 snúninga hljómplötum	15	40	61
Af 33 snúninga hljómplötum	214	570	752
Af snældum	1.889	1.889	1913
Frá Miðstöð munnlegrar sögu	403	403	403
Samtals	51.838	62.227	71.776

Aðföng

Í skylduskilum bárust 304 (204) hljóðrit á ápreifanlegu sniði (geisladiskar, hljómplötur, snældur) og á stafrænu formi 6.251 (4.335) hljóðskrár/lög.

Þá bárust 412 hljóðrit og 55 mynddiskar að gjöf á árinu og voru þessar gjafir helstar: Oddgeir Eysteinnsson gaf 70 hljóðrit og 12 mynddiska. Frá RÚV voru tekin inn 25 hljóðrit og frá Tónlistarsafni Íslands bárust 11 hljóðrit. Hér eru ótalin hljóðrit úr gjöfunum sem send voru í Amtsbókasafnið á Akureyri m.a. úr dánarbúi Þorkels Sigurbjörnssonar og frá Bókasafni Vestmannaeyja.

Ástandsskoðun hljómplatna

Farið var yfir 33 snúninga hljómplötur (aðaleintök) og ástand þeirra skoðað til að hægt sé að fara á fljótlegan hátt yfir plötugjafir til safnsins. Þar sem lög um skylduskil tóku gildi árið 1977 voru plötur sem komu út fyrir þann tíma oft keyptar notaðar á plötumörkuðum og því ástand þeirra og umslaga með öllu móti.

Þjónusta

Í nokkrum tilvikum voru útgefendum eða flytjendum útvegaðar stafrænar skrár vegna endurútgáfu eða miðlunar á stafrænum efnisveitum. Starfsfólk frá Hljóðbókasafninu heimsótti safnið 13. september

Tónlistarsafn

Hlutverk tónlistarsafns er að safna, skrá og varðveita íslenskar tónminjar. Þegar safnið var stofnað í Kópavogi 2009 varð til formlegur farvegur fyrir söfnun íslenskra tónminja sem haldið hefur áfram eftir að safnið varð hluti af Lbs-Hbs um mitt ár 2017. Báðir starfsmenn Tónlistarsafnsins létu af störfum á árinu og stefnt er að ráðningu í þeirra stað á nýju ári.

Fjöldi safna á safnmarki	2021	2022	2023
Fjöldi afhendinga	42	34	27
Samtals	42	76	103

Árið 2021 hófst skipulagður frágangur á gögnum safnsins og nú eru 103 söfn eða afhendingar komin á safnmark. Samkvæmt aðfangabók voru 27 afhendingar færðar á safnmark á árinu, t.d. fyrsta afhending á gögnum Ragnars H. Ragnar tónskálds (TSÍ 2023/2), Tónverkamiðstöð afhenti snældur og gögn tengd tónlistarmönnum (TSÍ 2023/3), einkaskjalasöfn Jóhanns G. Jóhannssonar (TSÍ 2023/6) og er það viðbót við ýmsar upptökur er höfðu áður borist tón- og myndsafni, söfn Gunnars Reynis Sveinssonar (TSÍ 2023/8), Egils Ólafssonar (TSÍ 2023/7) og að lokum umfangsmikið nótnasafn Jóns Ingimundarsonar um *Íslenska einsöngslagið* er var unnið ásamt Trausta Jónssyni og Ágústu Hauksdóttur (TSÍ 2023/19).

Þess ber að geta að mikið af eldri afhendingum af gögnum Tónlistarsafns er ekki komið á safnmörk og er nú varðveitt í fjargeymslu.

Frumupptökur íslenskrar tónlistar

Vinna við verkefnið *Frumupptökur íslenskrar tónlistar* hófst í ágúst 2019 þegar Lbs-Hbs tók að sér að varðveita og skrá hljóðsafn Alda Music útgáfunnar. Síðustu ár hafa bæst við söfn annarra útgefenda íslenskrar tónlistar og söfn einstakra tónlistarmanna. Stefán Ingólfsson þjóðfræðingur sinnir verkefninu. Það felur í sér að safna, skrá og varðveita og yfirfæra hljóðversupptökur af íslenskri tónlist. Safnið er þannig byggt upp, að gögnin eru skráð í geymslu- og staðsetningar-skrá og skipað eftir safndeildum, og þá gerð eða form

miðils Gögnin eru á nokkrum formum og þau helstu eru: tveggja rása segulbönd (TP), fjölrása segulbönd (MTR), gagnasegulbönd (DAT / ADAT), segulbönd (MC) og geisladiskar (CD). Einnig hafa verið afhentir harðir diskar, handrit, einkaskjöl, veggspjöld fyrir tónleika, tónlistarmyndbönd og ljósmyndir. Þau gögn eru skráð og varðveitt með frumupptökum íslenskra tónlistar.

Unnin verk 2022-2023

Á árinu 2022 voru átta afhendingar, samtals 857 einingar af ýmsum toga: 490 tónlistarmyndbönd, 117 fjölrása segulbönd, 113 tveggja rása segulbönd, 107 gagnasegulbönd og 30 geisladiskar. Tónlistarmennirnir Rúnar Þór Jónsson, Herbert Guðmundsson og Gunnar Hjálmarsson (Dr. Gunni) afhentu upptökur af eigin verkum.

Á árinu 2023 voru sjö afhendingar og nokkrar þeirra framhaldsafhendingar frá fyrri árum. Þær er helstar: þriðja afhending frá Geimsteini, önnur afhending frá afkomendum Axels Einarssonar, fyrsta afhending af segulböndum Jóhanns G. Jóhannssonar, Harðar Torfa sonar og Áskels Mátssonar.

Fjöldi eininga í safninu í árslok 2023 eru rúmlega 27 þúsund, á meira en 11 þúsund geymslunúmerum.

Safneign 2023	Færslur	Einingar
Geisladiskar - CD	2.729	11.884
Tveggja rása segulbönd - TP	3.262	5.309
Fjölrása segulbönd - MTR	1.324	2.672
Gagnasegulbönd - DAT	2.208	4.815
Gagnasegulbönd - ADAT	552	1.171
Segulbönd - MC	1.157	1.222
Samtals	11.232	27.073

Um haustið 2022 hófst stafræn yfirfærsla á tveggja rása segulböndum. Fjöldi segulbanda sem voru færð yfir á stafrænt form 2022 var 558 bönd, samtals 621 hljóðskrár. Tímalengd 256 klukkustundir, samtals 507 GB. Á árinu 2023 hélt stafræn yfirfærsla áfram. Samtals yfirfærð 2.197 segulbönd, samtals 2.206 skrár. Tímalengd 1.201 klst., samtals 2.292 GB. Stafræn yfirfærsla verður meginverkefnið næstu árin.

Ár	Segul-bönd	Hljóð-skrár	Klukkustundir.	Gagna-magn
2022	558	621	256	507
2023	2.197	2.206	1.201	2.292
Alls	2.755	2.827	1.457	2.799

Ávinningur af stafrænni yfirfærslu og forvarsla

Komið hefur í ljós mikilvægi þess að færa gögnin yfir á stafrænt form. Segulböndin eru mörg hver orðin 40 ára gömul eða eldri og hafa ekki verið geymd við bestu aðstæður og eru því viðkvæm. Með yfirfærslunni þá lágmarkast umgengni við böndin.

Gagnsemi

Gagnsemi verkefnisins felst meðal annars í því að segulbönd og önnur gögn (frumupptökur) eru núna varðveitt á einum stað og eru orðin aðgengleg bæði útgefendum og flytjendum. Auk þess má sjá með skráningunni hvaða frumgögn hafa varðveist og hver hafa glatast af útgefnu efni. Samfara söfnuninni hefur borðist mikið af útgefnu efni og uppköst af lögum (demó) sem voru sum hver gefin út og önnur ekki. Safnið er þar af leiðandi mikilvægur fengur fyrir menningarsögu tónlistar á Íslandi.

Framhald 2024-2026

Unnið er út frá þeirri hugmynd að verkinu verði lokið á þremur árum. Er þá miðað við sama fjölda starfsmanna. Verkefninu til næstu þriggja ára er skipt upp í þrjá megin þætti: (1) Söfnun á hliðrænu efni; (2) Söfnun á stafrænum gögnum í hljóðverum; (3) Stafræn yfirfærsla.

Söfnunum á hliðrænu efni

Áfram verður haldið að safna efni sem er á spólum og haft samband við fyrrum útgefendur og starfandi tónlistarmenn.

Söfnun á stafrænum gögnum í hljóðverum

Um þessar mundir er verið að undirbúa móttöku á stafrænum gögnum frá hljóðverum og upptökmönnum og meðhöndlun þeirra. Þegar eru tveir aðila tilbúnir að afhenda þau stafrænu gögn sem eru í þeirra vörslu. Þar er um að ræða 10 til 12 TB af efni.

Stafræn yfirfærsla

Eitt veigamesta verkefnið sem stendur fyrir dyrum er áframhaldandi stafræn yfirfærsla á hliðrænu efni, s.s. segulböndum og gagnadiskum. Gerð hefur verið áætlun um hve langan tíma það muni taka og er þá miðað við reynslu yfirstandandi árs. Fjöldi klst. af efni á segulböndum eru áætlað 3.425 og mun það taka 45 vikur að yfirfæra. Stafræn gagnasegulbönd (DAT) eru 8.870 klst. og verktími 72 vikur. Samtals áætlaður verktími: 117 vikur eða 2 ár og 4 mánuðir.

Miðstöð munnlegrar sögu

Hlutverk miðstöðvarinnar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveita þær, skrá og gera aðgengilegar. Miðstöðinni er ætlað að efla munnlega sögu sem aðferð í sagnfræði og standa fyrir fræðilegri umræðu um munnlega sögu. Í árslok 2023 voru 207 (196) afhendingar skráðar í safnkosti miðstöðvarinnar. Þessi misserin er unnið að endur-röðun á safnkosti og er hann settur á aðfanganúmer eftir afhendingarári. Af þeim sökum kann skráðum afhendingum annað hvort að fjölga eða fækka og fer það algjörlega eftir niðurstöðum úr fyrrgreindri tiltekt. Á árinu bærust sjö söfn miðstöðinni. Í sumum tilfellum er um að ræða gögn er höfðu verið skráð í Tónlistar-

safn eftir að það kom í Lbs-Hbs árið 2017, en tilheyra miðstöðinni. Af söfnum er bærust, má nefna tvö. Viðtöl Jónasar Jónassonar (1931–2011) útvarpsmanns við 34 Reykvíkinga (MMS 2023/5), er hafa verið stafvædd og hljóðritasafn Kristmanns Guðmundssonar (1901–1983) rithöfundar sem á eftir að afrita.

Jafnt og þétt er unnið að stafrænni yfirfærslu á gögnum er hafa borist Miðstöðinni í gegnum árin. Haustið 2023 hófst skipuleg yfirfærsla á eldri gögnum auk þess sem ný gögn eru afrituð um leið og þau berast miðstöðinni. Samtals voru 82 einingar færðar yfir á stafrænt form 104 klukkustundir í 197 skráum. Um er að ræða fjögur meginsöfn. Í fyrsta lagi viðtöl Jónasar Jónassonar (MMS 2023/5), í öðru lagi gögn er bærust frá Sjómannadagsráði Reykjavíkur árið 2012 (MMS 2015/5) og hefur að geyma viðtöl við vistmenn á Hrafnistu og fundi ráðsins, í þriðja lagi gögn sem tengjast Félagi iðn- og tæknigreina (MMS 2024/3) og að lokum ýmsar hljóðsnældur með viðtölum af óþekktum uppruna er var safnað saman á safnmarkið MMS 2023/4.

Íslandssafn

Meginhlutverk Íslandssafns er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Afgreiðsla Íslandssafns er á 1.h. Þar eru veittar upplýsingar og prentuð rit sótt fyrir notendur til afnota á lestrarsal. Meðal fastra verkefna hvers árs er að fara yfir safnkostinn og eldri ritum sem safninu hefur áskotnast bætt við.

Samkvæmt eintaksupplýsingum úr Gegni voru strikamerkjaeiningar í Íslandssafni árið 2023 224.639 (222.117) og bættust við á árinu 2.522 einingar.

Stafræn endurgerð fyrir *tímarit.is*

Í Íslandssafni er sífellt unnið að því að bæta við efni á vefinn *tímarit.is* en stefnt er að því að flest tímarit og dagblöð sem ekki eru lengur í útgáfu verði birt á vefnum. Jafnframt eru á hverju ári gerðir nokkrir samningar um stafræna endurgerð við útgefendur tímarita sem enn eru gefin út. Árið 2023 bættust 116 (116) tímaritstitlar við vefinn eða 226.731-[195.232] bls. Heildarfjöldi blaðsíðna á vefnum í árslok var 6.556.534 (6.329.903) bls., viðbót 226.732 bls. Sjá töflu 5.5.

Varaeintakasafn í Reykholti

Varaeintakasafn Íslandssafns er varðveitt í húsnæði gamla héraðsskólans í Reykholti og þar eru hýst varaeintök hvers árs frá 1846 af bókum, tímaritum, dagblöðum og dægurprenti. Varaeintök af tónlist, myndefni og tölvuefni eru varðveitt í Þjóðarbókhöfðu. Lokkið hefur verið við að ganga frá öllu því efni sem eftir var að ganga frá í Reykholti, þ.e. hagræða, búa um og eintakstengja efnið sem legið hefur þar ófrágengið síðan 2005. Í Reykholti er ekki lengur fastur starfs-

maður. Þangað fara nokkrir starfsmenn úr aðalsafni í tveggja til þriggja daga ferð til að ganga frá því efni sem berst úr aðalsafni einu sinni á ári, venjulega að vori. Farnar voru nokkrar dagsferðir til að sinna umsýslu efnis eins og að sannreyna upplýsingar hér innan húss og bera saman við það efni, sem býðst syðra til uppfyllingar í forðann. Einnig er efni sent til varðveislu í Amtsbókasafnið á Akureyri

Árið 2023 bættust við 9.379 (7.298) strikamerkja-einingar við varaeintakasafnið, fjöldi strikamerkja-eininga í árslok 2023 var 167.727 (158.348).

Ritakaup og gjafir

Íslandssafni ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og þau eru talin með öðrum ritakaupum.

Starfsmaður Íslandssafns situr í starfshópi um stjórnun og uppbyggingu safnkosts (SUSS) sem sér um val á bókum og öðru efni sem keypt er fyrir sjóði safnsins, t.d. bækur íslenskra höfunda sem þýddar hafa verið á erlend tungumál og annað efni sem fjallar um Ísland og ekki berst í skylduskilum (Islandica Extranea). Auk þess situr fagstjóri Íslandssafns í gjafateymi og aðstoðar við að fara í gegnum allar gjafir, aðfangaskrá og tengja í Gegni.

Annað

Þessu til viðbótar sinnir starfsfólk Íslandssafns fyrirspurnum, útlánun, gestum á lessal, þéttingu safnkosts í hillum, frágangi á gögnum o.s.frv.

Gestir á lestrarsal 1. hæð árið 2023 voru 1.766 (2.585) skv. skráningu í gestabók, en þeim fækkar m.a. vegna betra aðgengis að stafrænu íslensku efni á vefnum.

Ferðir

Fagstjóri Íslandssafn fór ásamt þremur starfskonum frá aðfanga og skráningarsviði í fræðsluferð til Svíþjóðar og Noregs til að kynna sér innheimtu skylduskilafnis og alla verkferla þegar kemur að innheimtu, móttöku, frágangi og varðveislu efnis sem berast öðrum þjóðbókasöfnum í skylduskilum og gjöfum. Farið var í Konunglega bókasafnið í Stokkhólmi og þjóðbókasafn Noregs í Mo i Rana.

Kvennasögusafn

Kvennasögusafn, sem var stofnað 1. janúar 1975, varð hluti af Lbs-Hbs árið 1996 og flutt í Þjóðarbókhöfðu. Hlutverk safnsins er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Þá miðlar safnið þeirri þekkingu, aðstoðar við heimildaleit og hvetur til rannsókna á sviði kvennasögu. Safnið hýsir skjalasöfn kvenfélaga, sem og einstaklinga, ásamt ýmsum skjölum sem tengjast sögu kvenna á Íslandi.

Í stjórnarnefnd voru Ragnheiður Kristjánsdóttir frá RIKK, Vilborg Eiríksdóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands og Bragi Þorgrímur Ólafsson af hálfu Lbs-Hbs.

Fyrirspurnir og heimsóknir

Skráðar voru 96 (103) fyrirspurnir, sem bárust á árinu eftir ýmsum leiðum. Fyrirspurnirnar voru jafn fjölbreyttar og þær voru margar og mislangan tíma tók að vinna úr þeim, þær fjalla yfirleitt um heimildir sem hægt er að finna um sögu kvenna og jafnréttis á Íslandi. Flestar fyrirspurnir komu frá Íslendingum, en einnig bárust fyrirspurnir frá eftirfarandi löndum; Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Skotlandi, Tékklandi, Írlandi. Fjölmargar fyrirspurnir bárust einnig varðandi kvennafréin á Íslandi frá 1975–2018 í tilefni af kvennaverkfallinu 2023 en vegna anna náðist ekki að skrá þær allar.

Í gestabók rituðu 75 (135) einstaklingar. Meðal þeirra var Christina McKelvie menningarmálaráðherra Skotlands og föruneiti hennar, hópur prófessora frá Úganda og Jamaíku, og svo nemendur frá Flensburg.

Útlán - Lán á lestrarsal

Handskráning á útlánum á lestrarsal á 1. hæð taldi 39 beiðnir um einkaskjalasöfn til útláns. Flestir lánþegar voru frá Íslandi en þó einnig frá Bandaríkjunum og Indlandi. Sjö sinnum fengu karlmenn lánuð gögn og eru þeir því tæplega 6% lánþega.

Aðföng og skráning

Á árinu voru afhent 22 einkaskjalasöfn, en auk þess komu nokkrar aðrar gjafir á borð við bækur og tímarit, og er þeim gjöfum ráðstafað innan Lbs-Hbs eftir því sem þykir henta best hverju sinni. Meðal afhendinga voru: skjalasafn Kvennaverkfallsins 2023, skjalasafn Lyfjatækni félags Íslands og svo skjalasafn Samtaka ritara. Þá voru æviskrár eitt þúsund íslenskra kvenna afhentar, en Erna S. Egilsdóttir tók þær saman. Þær voru jafnframt gerðar aðgengilegar á heimasíðu Kvennasögusafns. Einkaskjalasafn Ernu er í KSS.

Fjórtán einkaskjalasöfn voru skráð á árinu, bæði er um að ræða nýskráningu eða endurbætta/ítarlegri skráningu. Ítarlegan lista yfir afhendingar ásamt upplýsingum um flest skjalasöfn varðveitt á Kvennasögusafni má finna á vefnum www.kvennasogusafn.is.

Safnkostur

Í töflunni eru birtar upplýsingar um fjölda safneininga í vörslu Kvennasögusafns eftir árum og í heild.

Aðföng	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
KSS nr.						174	1
Nýtt efni	17	22	16	14	29	22	22
Alls	17	22	16	14	29	196	23
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Heild	17	39	55	69	98	294	317

Vefir og samfélagsmiðlar

Kvennasögusafn heldur úti vefnum kvennasogusafn.is. Innlit á vefinn voru rímlega 35.000 og flettingar voru tæplega 77.000, samkvæmt teljara. Þá sér safnið líka um Facebook- og Twittersíður. Í loks árs voru 2.653 sem líkuðu við Facebooksíðuna sem er aukning um 149. Twitter fylgjendum fjölgaði um 5 og voru í lok árs 629, en virkni var mjög lítil á Twitter, nú X, vegna breytinga á þeim miðli. Óvíst er hvort Kvennasögusafn haldi áfram þar, en reikningurinn er opin, en að mestu óvirkur.

Málþing og sérverkefni

Leikritið Tengdamanna

Kjörgripur í júlí á vef Lbs-Hbs var leikritið *Tengdamamma*, eftir Kristínu Sigfúsdóttur, sem var gefið út á bók árið 1923 vegna mikilla vinsælda. Hún samdi verkið árið 1920 og það var fljótlega sett á svið víða um Eyjafjörð og á Akureyri, en einnig í lönó í Reykjavík árið 1923. Það var eitt af fáum leikritum eftir íslenska konu sem sýnd voru á sviði á þessum tíma. Leikritið var svo flutt í útvarpi árið 1977 í tengslum við aldarafmæli Kristínar. Handrit Kristínar eru varðveitt á Kvennasögusafni undir safnmarkinu KSS 42.

Á rauðum sokkum

Málþing um Rauðsokkahreyfinguna, *Á rauðum sokkum í hálfa öld* var haldið 7. september, rúmlega hálfri öld frá fyrstu skipulögðu skrefum kvenna á rauðum sokkum. Málþingið var í samstarfi við RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum við HÍ. Sjónum var beint að skjala- og upplýsingavef um störf hreyfingarinnar sem var opnaður 2022. Vefnum er ætlað að auka söguvitund almennings um þetta umbrotatímabil, nýttast í kennslu á nokkrum skólastigum, sem og að vera hvatning fyrir fræðilegar rannsóknir. Á málþinginu voru slíkar rannsóknir í forgrunni og fræðafólk hvatt til að nýta vefinn til að varpa nýju ljósi á baráttuna.

Fjallað var um áhrif Rauðsokka á íslenskt samfélag, jafnréttisbaráttu, menningarlegt landslag og framsetningu sögulegs efnis um jafnréttisbaráttuna. Flutt voru sex fræðileg erindi um hreyfinguna, og var Rakel Adolphsdóttir, með erindið *Að rannsaka og miðla eigin sögu*. Að lokum voru pallborðsumræður með fulltrúum hreyfingarinnar. Yfir 100 manns komu á málþingið sem heppnaðist með eindæmum vel.

Ástarbréf

Þann 11. febrúar hélt Félag um átjándu aldar fræði málþing um ástarbréf. Rakel Adolphsdóttir, fagstjóri Kvennasögusafns, var meðal fyrirlesara. Erindi hennar fjallaði um ástarbréf í safnkosti Kvennasögusafns, en þau virðast vera fágæt, þó fleiri gætu leynst í nýlegum óskráðum afhendingum eða eru tímabundið í lokuðu aðgengi. Fjallað var um ástarbréfin í Víðsjá á RÚV og í Fréttablaðinu.

Teikningar og myndnotkun Rauðsokka

Karólína Rós Ólafsdóttir, skáld og fræðikona og Boaz Yosef Friedman, myndlistarmaður fengu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna vegna rannsóknarinnar *Kortlagning teikninga og myndnotkunar Rauðsokka* sumarið 2023, undir handleiðslu fagstjóra Kvinnasögusafns. Karólína og Boaz eru stofnendur Íslenska teiknisetursins og afurð verkefnisins var stafrænn gagnabanki teikninga, myndryni, viðtöl og sýning á 2.h. Lbs-Hbs haustið 2023, ásamt erindi á málþinginu um Rauðsokkahreyfinguna.

Rauðir þræðir - sýning um feril Hildar Hákonardóttur

Í janúar opnaði á Kjarvalsstöðum sýning á verkum Hildar Hákonardóttur. Þar voru skjöl úr Kvinnasögusafni notuð sem myndlistaverk af sýningarstjóranum Sigrúnu Ingu Hrólfsdóttur. Verkin voru lánuð á sýninguna og birtust einnig í bók sem var gefin út í kjölfar sýningarinnar ásamt bréfum og ljósmyndum af Hildi, sem einnig eru varðveitt á Kvinnasögusafni. Listasafn Reykjavíkur hlaut Öndvegisstyrk Safnaráðs árið 2021 til að rannsaka hlut kvenna í íslenskri myndlist og það var ánægja Kvinnasögusafns að geta lagt því verkefni lið.

Samstarf

CSW 67

Rakel Adolphsdóttir nýtti sér boð íslenskra stjórnvalda til að sitja í sendinefnd Íslands á árlegum alþjóðlegum kvennanefndarfundi Sameinuðu þjóðanna sem fór fram í New York í mars. Þema fundarins var: *Innovation and Technological Change, and Education in the Digital age for Achieving Gender Equality and the Empowerment of all Women and Girls*. Fundurinn var afar lærdómsríkur.

LGBT Reykjavík

Fagstjóri Kvinnasögusafns sat ráðstefnu á vegum Samtakanna '78 sem var haldin í samvinnu við Forsætisráðuneytið og Norrænu ráðherranefndina. Hátt í 100 fulltrúum frá öllum helstu samtökum hinsegin fólks á Norðurlöndum var boðið á ráðstefnuna sem fór fram 26. september á Fosshótel Reykjavík. Þar var m.a. rætt um mikilvægi samstöðu kvennahreyfinga og hinsegin hreyfinga.

Kvinnasögusafn telur mikilvægt að sýna baráttu hinsegin samfélagsins stuðning og til þess að auka sýnileika hinsegin fólks í sögulegu ljósi. Meðal verkefna sem Kvinnasögusafn hefur stutt í gegnum tíðina er *Huldukonur*. Full ástæða er til að taka undir með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, um að baráttan fyrir LGBTI réttindum sé sú sama og baráttan fyrir kynjajafnrétti, hvortveggja barátta fyrir mannréttindum.

Kvennaverkfall - Kallarðu þetta jafnrétti?

Kvinnasögusafn átti fulltrúa í framkvæmdaráði um kvennaverkfall, sem konur fóru í 24. okt. og fundurinn í Reykjavík varð stærsti útifundur Íslandssögunnar. Yfirskrift fundarins var *Kallarðu þetta jafnrétti?* Ráðið ákvað áhersluatriði fundarins, skrifaði greinar í fjölmiðla, ákvað dagskrá fundarins, aflaði styrkja, réð framkvæmdastýru o.fl. Hlutverk Kvinnasögusafns er að varðveita og miðla skjölum Kvennaverkfallsins, sem og annarra kvennafría ásamt því að vera í tengslum við kvennasamtök landsins.

Auk þess efndi safnið til skiltahugarflugs í Þjóðarbókhöðunni í aðdraganda fundarins, ásamt Karólínu og Bóasi hjá Íslenska teiknisetrinu. Þær hugmyndir voru svo nýttar í skiltamálum nokkrum dögum síðar og voru mjög áberandi á fundinum sjálfum.

Norrænt samstarf

Kvinnasögusafn Íslands er í nánnum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur frá 2012 haft aðsetur í Gautaborg í Svíþjóð. NIKK starfar á vegum Norðurlandaráðs og er ein af stofnunum ráðsins. NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvinnasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Sá félagsskapur fer undir heitinu NING (Nordic Information Network Gender).

Í ár var fundurinn á Íslandi og haldinn í Þjóðarbókhöðunni af Jafnréttisstofu og Kvinnasögusafni 25. september. Umfjöllunarefni fundarins var hvernig best sé að ná til helstu markhópa og stofnana, og hvernig hægt sé að vinna saman að útbreiðslu þekkingar á kynjajafnréttismálum. Fundargestir sóttu einnig ráðstefnu Samtakanna 78.

Leikminjasafn

Hlutverk Leikminjasafns er að safna, skrá, varðveita, rannsaka og miðla íslenskri sviðslistasögu. Safnið var formlega stofnað 9. mars 2003, á 170. afmælisdegi Sigurðar Guðmundssonar málara. Eftir rúmlega sextán ára starfsemi, þar sem ómetanlegum menningararfi tengdum sviðslistum var komið í skjól, voru samtökin formlega lögð niður í sinni gömlu mynd 23. maí 2019. Safnkostur þess var að mestu færður til Þjóðminjasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Sigríður Jónsdóttir, sviðslistasérfræðingur, hóf störf í ársbyrjun 2021, en þá voru 28 einkaskjalasöfn Leikminjasafnsins á 33 safnmörkum þegar skráð á safnmarki handritasafns Lbs-Hbs.

Aðföng, afhendingar og skráning

Árið 2023 tók Leikminjasafnið á móti 14 skjalasöfnum af öllum stærðum og gerðum. Fyrri hluta árs bárust gögn frá nemendum Leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur (LMÍ 2023/1), ljósaönnuðinum Páli Ragnarssyni (LMÍ 2023/3) og leikmynda- og búningaönnuðinum Messíönu Tómasdóttur (LMÍ 2023/5). Síðasta afhending ársins voru gögn hjónanna Margrétar

Ólafsdóttur og Steindórs Hjörleifssonar (LMÍ 2024/14). Dóttir þeirra, leikkonan Ragnheiður Steindórsdóttir, afhendi einkaskjalasafnið. Í lok árs 2023 töldu einkaskjalasöfn Leikminjasafnsins tæplega sjötíu, skráð bæði á Lbs og LMÍ safnmörkum. Skráningu á söfnunum miðar ágætlega en kappkostað er að ljúka vinnunni eins fljótt og auðið er, en hægar gengur með stærri söfn.

Fjöldi afhendinga á ári	2021	2022	2023
Eldri safnkostur á Lbs safnmarki	33		
Fjöldi afhendinga	17	11	14
Fjöldi aðfanga	50	11	14

Heildarfjöldi safnkosts	2021	2022	2023
Eldri safnkostur á Lbs safnmarki	50	61	75

Leikskrár og ljósmyndir

Síðastliðin misseri hefur, í samstarfi við Íslandssafn, verið unnið að skráningu leikskráa, sem ekki hefur verið sinnt markvisst í Lbs-Hbs. Fyrsta fasa skráningar á leikskrár Leikfélags Reykjavíkur er lokið og skráning hófst á leikskrár Þjóðleikhússins frá upphafi til dagsins í dag. Samhliða skráningunni eru aukaeintök, sem ekki rata í aðalsafn Lbs-Hbs, varaeintakasafn og til Leikminjasafns, grisjuð. Næstu skref eru að mynda gögnin og gera aðgengileg rafrænt.

Verkferlar við ljósmyndum hafa verið í stöðugri þróun síðastliðin ár og eru núna komnir í fastar skorður þegar kemur að forvörslu, skráningu, ljósmyndun og varðveislu. Við afhendingu eru ljósmyndir skráðar, afrit tekin og að lokum eru þær varðveittar í þar til gerðum sýrufríum öskjum. Allar myndir bera safnmark þess safns sem þær tilheyra og síðan skráðar á hlaupandi númer. Ljósmyndum safnsins fjölga stöðugt og geta má að í safni Páls Ragnarssonar má finna yfir 600 ljósmyndir. Unnið er að fullskráningu ljósmynda í öllum söfnum Leikminjasafns og stafvæðingu þeirra.

Lothar Grund - sýning

Stærsta verkefni Leikminjasafnsins árið 2023 var sýning í tilefni 100 ára ártíðar Lothars Grund (1923–2023) sem var opnuð 2. nóv. Einkaskjalasafn hans er varðveitt á safninu (LMÍ 2022/6). Allar teikningarnar úr safni Lothars voru skráðar og ljósmyndaðar sem hluti af undirbúningi sýningarinnar. Fjölmargir ættingjar, vinir og aðrir velunnarar voru viðstödd opnunina, þar á meðal tvö barnabörn listamannsins. Ýmsir aðilar og stofnanir komu að sýningunni þar á meðal aðstandendur, Þjóðleikhúsið og þýska sendiráðið á Íslandi. Sýningin tók yfir sýningarrými á 2. hæð þar sem fjölmargar teikningar Lothars fengu að njóta sín. Höfundur sýningar var Sigríður Jónsdóttir, en Ólafur J. Engilbertsson hannaði bæði sýningu og sýningarskrá, sem einnig var gerð aðgengileg á vef Lbs-Hbs ásamt öllum sýningarspjöldunum.

Fyrirspurnir og ráðgjöf

Fyrirspurnir til Leikminjasafns voru fjölmargar og ólíkar, og töldu á bilinu 50–60, en skráningu á fyrirspurnum er enn ábótavant. Fyrirspurnir vörðuðu m.a. leikhandrit, mynd- og hljóðupptökur á leiksýningum, bréfaskriftir, skráningu gagna og leikskrár. Fyrirspurnirnar bárust frá einstaklingum, fræðafólki og starfsfólki stofnanna, s.s. Leikfélagi Reykjavíkur og Háskóla Íslands. Einnig aðstoðaði sérfræðingur við rannsóknarvinnu sem tengdust stórum rannsóknaverkefnum, bókaútgáfu, fyrirlesturum og dagskrárgerð, bæði í útvarpi og sjónvarpi.

Leikminjasafnið er samstarfsaðili Þjóðleikhússins í Búlgaríu, í verkefni sem styrkt er að EEA sjóðnum. Verkefnið ber nafnið *Hidden Treasures of National Theater – Digitally Revealed* og gerir búlgarska þjóðleikhúsinu mögulegt að yfirfæra skjalasafnið sitt, sem inniheldur um 30.000 einingar, yfir á stafrænt form. Verkefnið fór á skrið undir lok árs og lýkur á vormánuðum 2024.

Málþing og heimsóknir

Í byrjun árs var haldin málstofa um leiklistarskóla SÁL í tengslum við yfirstandandi sýningu á starfsemi skólans. Málstofan var með blönduðum hætti, fyrst héldu nemendur og kennarar SÁL stuttar ræður og undir lokin var pallborð. Vel var mætt og ánægja mikil. Leikminjasafnið fékk heimsókn frá framhaldsskólánemendum í Borgarholtsskóla sem fengu kynningu á starfsemiinni.

Í maí var aðalfundur Norrænu leikminjasamtakana í Helsinki, Finnlandi og fulltrúi safnsins, Sigríður Jónsdóttir tók þátt og er einnig í nefnd sem hefur það verkefni að uppfæra heimasíðu samtakana. Í júní var hún gestur á Prague Quadrennial í Tékklandi, einni stærstu leikmyndahönnunarsýningu heimsins. Í lok ferðar heimsótti hópur ráðstefnugesta fornfræg leikhús í Tékklandi. Slíkar ráðstefnur og heimsóknir eru mikilvægur hluti af því að styrkja alþjóðlegt tengslanet safnsins. Í tilefni 100 ára afmælis Róbert Arnfinnssonar í ágúst var ekkju hans og nánustu fjölskyldu boðið í heimsókn á Leikminjasafnið.

Kynningar og greinar

Sérfræðingur Leikminjasafns kom að ýmsum verkefnum sem snertu rannsóknir og kynningar á safninu. Þar á meðal viðtölum á Rás 1 í tengslum við 100 ára afmæli Róberts Arnfinnssonar, og til að ræða um hinsegin leikhús á Íslandi. Seinna viðtalið tengdist grein Sigríðar Jónsdóttur um hinsegin sviðslistir á Íslandi, sem birtist í *Tímarit Hinsegin daga* í ágúst. Að auki bárust fyrirspurnir um greinarskrif um Leikminjasafnið og leiklist á Íslandi frá European Journal of Theatre and Performance og Alþjóðlegu leikhússamtökunum í Japan (Japanese Centre of International Theatre Institute) sem sérfræðingur sinnti í lok árs, báðar greinarnar verða birtar 2024.

Stafræn endurgerð

Stafræn endurgerð á sýningasafni Þjóðleikhússins hélt áfram fram í maí. Hingað til hafa starfsmenn Tónlistarsafns og Miðstöðvar munnlegrar sögu aðstoðað Leikminjasafn við afritun, en báðir fóru á eftirlaun um sumarið. Eingöngu var ráðið í hálf starf við Miðstöð munnlegrar sögu og ráðist var í gagngera endurskipulagningu á tækniðstöðu, sem enn er ábótavant. Yfirlit Varðveislusviðs um stafræna afritun sviðsins endurspeglar þessa þróun en skjalið heldur utan um stafræna afritun hjá einingum Varðveislusviðs, gagnamagn, tíma og staðsetningu (á safninu og rafrænt).

Afritun hljóð- og myndefnis 2023	2023
Tímalengd alls afritaðs efnis	45 klst
Magn afritaðs efnis	76 GB

Vefir og samfélagsmiðlar

Leikminjasafn heldur úti sérvef (leikminjasafn.is) sem þarf að uppfæra og endurhanna. Á vefnum er að finna fjölbreyttan fróðleik um sviðslistasögu Íslands, bæði einstaklinga og staði. Einn verðmætasti hluti Leikminjasafns er gagnagrunnurinn og vefsíðan leikminjasafn.is, en þar eru upplýsingar um sviðslistarsögu Íslands, hvaða leikrit voru sett upp og hverjir stóðu að sýningum. Komið er að uppfærslu og endurhönnun. Færslur á Facebooksíðu voru um 45 yfir árið sem var fjölgun frá síðasta ári. Færslurnar náðu til meira en 16.500 einstaklinga samkvæmt tölfræði Facebook og er það yfir 600% aukning frá 2022. Fylgjendur á Facebooksíðu Leikminjasafns eru nú yfir eitt þúsund.

Myndastofa

Stafræn endurgerð er fastur liður í starfsemi safnsins og árlega bætist við, en mismunandi eftir efnisflokkum. Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita, bóka, handrita, skjala og annars efnis, myndatökum að beiðni notenda og vegna sýninga og viðburða í safninu. Eins og undanfarin ár voru blöð og tímarit meginhluti þess efnis sem myndað var á árinu. Teknar voru 199.827 (218.614) myndir.

Fjöldi mynda	2021	2022	2023
Blöð og tímarit	100.969	129.000	149.078
Bækur	30.488	22.974	32.601
Handrit	39.436	62.681	12.859
Fylgiefni fyrir Hljóðsafn	1.223	3.663	5.289
Einkaskjöl	624	296	
Kort		3	
Samtalsfjöldi mynda	172.700	218.617	199.827

Sérstöfn

Hlutverk einingarinnar er að halda utan um ýmis sérstöfn og veita aðgang að þeim auk annarra verkefna. Skilgreind sérstöfn eru 21 og eru þau misstór, sbr. töflu sem er unnin úr Gegni um fjölda eintaka í hverju safni.

Sérstöfn – fjöldi eintaka	2021	2022	2023
Benediktssafn	7.281	7.859	7.859
Bókbindarasafn	439	452	557
Bókminjasafn	942	942	1.167
Bókverkasafn	609	627	641
Davíðssafn	892	891	891
Einarssafn	768	768	773
Erlent fágæti	10.586	10.581	11.033
Fiskesafn	1.239	1.292	1.295
Johnsenssafn	97	97	97
Steffenssafn	7.211	7.209	7.212
Kortasafn	2.191	2.241	2.264
Kristmannssafn	221	221	221
Laxnesssafn	1.080	1.085	1.085
Lárusarsafn	597	939	939
Nonnasafn	734	739	740
Ragnar Þorsteinsson	1.296	1.296	1.296
Ferðabókasafn Seðlabanka	2.807	2.807	2.807
Safnahús	30	30	29
Sænska safnið	1.785	1.785	1.785
Watsonsafn	1.285	1.285	1.285
Þorsteinssafn	1.800	1.805	1.827
<i>Samtals</i>	43.890	44.951	45.803

Meðal verkefna ársins er frágangur og ítarskráning eldri íslenskra bóka til myndunar fyrir *bækur.is*. Í árslok 2023 voru 2.803 (2.411) titlar aðgengilegir í 3.352 (2.945) bindum, samtals 630.011 (597.135) bls. Ritum fjölgaði um 392 titla, samtals 32.876 bls.

Haldið var áfram að mynda sýningarskrár íslensks myndlistarfólks í samstarfi við Listasafn Íslands. Á árinu voru myndaðar 285 sýningarskrár.

Umfangsmikið verkefni hófst á árinu en það er skráning og röðun á *Erlendu fágæti* en það er safn erlendra bóka útgefnar 1501–1850. Í árslok 2023 voru skráðir titlar 11.033 og er talið að þriðjungur sé eftir.

Í byrjun ársins fékk *islandskort.is* umfangsmikla andlitslyftingu. Viðmót var uppfært og virkar betur í snjalltækjum. Nýi vefurinn er með nýjan „mynda-skodara“ sem auðveldar að fletta á milli útgáfa af sama korti og pysja inn og út. Enn fremur styður vefurinn nú IIIF (International Image Interoperability Framework) staðalinn fyrir birtingu og samtengingu á myndefni. Úthlutað var í tíunda sinn úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar. Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar rannsókna á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði, og stuðla að útgáfu rita um þau efni. Styrkir úr sjóðnum eru veittir á tveggja ára fresti.

Umsóknir í ár voru níu og hlutu þrjár styrk, samtals að upphæð 3 millj. kr. fyrir eftirtalin verkefni: Þáttur í íslenskri bókfræði á erlendra grundu: Bréfasafn Sveinbjarnar Egilssonar (1791–1852); Umbylting kortagerðar frá 1980 til 2020: Innlegg til landfræðisögu Íslands og Breiðamerkursandur – endurgerð dönsku herforingaráðskortanna í þrívíddarumhverfi.



Nemendur á Verkefnavöku 2023 teygja úr sér.

Þjónusta og miðlun

Sviðið ber ábyrgð á þjónustu við notendur, miðlun safnkosts og upplýsinga á vef og samskiptum við Háskóla Íslands. Meginverkefni eru útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta, fræðsla og kynningar, ritakostur og vinnurými, lesherbergi, námsbókasafn, varðveislusöfnin Skemma og Opin vísindi, ritfærni- og endurgjafarhugbúnaðurinn Turnitin, rannsóknagáttin IRIS og Landsaðgangur að rafrænum áskriftum. Í lok árs var starfsfólk sviðsins 22 og ársverk þeirra 19.04. Þar af voru fjórir nemar í 2 ársverkum. Alls störfuðu 16 konur og 6 karlar á sviðinu.

Þróun í starfseminni er sú sama og undanfarin ár, þ.e. að notendur sækja æ meira í rafrænan safnkost en úr útlánum.

Heildarfjöldi söttra greina, bókarkafla í rafræn söfn sem Lbs-Hbs og Háskóli Íslands kaupa áskriftir að var 640.882 (645.882) gögn á árinu. Þar við bætist efni í Landsaðgangi. Rafrænn safnkostur verður æ mikilvægari í starfsemi sviðsins.

Talsverð vinna var við undirbúning sameiningar Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og Bókasafns Menntavísindasviðs HÍ sem fyrirhuguð er sumarið 2024 í tengslum við flutning sviðsins á Sögu. Vinna sneri að grisjun safnkosts, bæði á hæðum og í geymslum og var safn erlendra tímarita á prenti grisjað myndarlega. Í nóv. var ráðinn tímabundið í eitt ár starfsmaður til aðstoðar við undirbúning flutninga

og grisjunar. HÍ greiðir laun, en hún hefur starfsaðstöðu bæði í Þjóðarbókhöðu og í Stakkahlöð.

Afgreiðslutími

Hefðbundinn opnunartími safnsins eru 80 tímar á viku yfir vetrartímann. Sumartími gildir jafnan frá 10. maí til 28. ágúst og er safnið þá opið 40 tíma á viku. Lokað er um helgar frá júní, til upphafs vetrartíma í ágúst.

Þjónustuborð

Starfsfólk sviðsins manna fimm þjónustuborð, fjögur í Þjóðarbókhöðu og eitt í Lögbergi. Á 2.h. er almenn afgreiðsla, og sérhæfð upplýsingaþjónusta. Á 3.h. eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ á prenti. Á 4.h. er útlánaþjónusta og þjónusta við notendur hljóð- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn í opnu rými, en vinna við námsbókasafn er veigamikill þáttur í starfsemi sviðsins við upphaf nýs kennslumisseris í HÍ, haust og vor. Úr kjallara eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslum.

Upplýsingaþjónusta og notendafræðsla

Starfsemi upplýsingaþjónustu var með nokkuð svipuðu sniði og síðastliðin ár og bárust 599 fyrirspurnir og erindi á netfang þjónustunnar. Þar af var 448 tekin til nánari úrvinnslu en 151 vísað annað. Á netspjallið bárust 215 erindi. Samtals bárust því upplýsingaþjónustu 814 erindi árið 2023. Sjá töflu 2.5.

Notendafræðsla

Að venju voru kennarar Háskóla Íslands hvattir til að panta fræðslu og kynningar fyrir nemendum sína í upphafi kennslumisseris vor og haust. Einkum er um að ræða almennar kynningar fyrir nýnema, grunnkynningar fyrir nemendur á fyrsta námsári, fræðslu í tengslum við verkefnavinnu og hagnýta upprifjun í tengslum við lokaverkefni, auk kynninga á heimildaskráningarforritinu EndNote.

Einnig voru haldin námskeið í samstarfi við Ritver Háskóla Íslands. Auk fræðslu og kynninga fyrir nemendur HÍ býður safnið upp á almennar kynningar fyrir hópa. Á árinu var óskað eftir því að þjónusta háskólabókasafnsins yrði kynnt starfsfólki HÍ og var fræðslan hluti af fræðsludagskrá starfsfólks HÍ. Fræðsla og kynningar á vegum upplýsingaþjónustu og notendafræðslu voru 60, nokkuð færri en árið á undan. Eins og fyrri ár var nemendum og starfsfólki við HÍ boðið upp á stutta leiðsögn í heimildaleit. Persónuleg aðstoð í notkun heimildaskráningarforritsins EndNote var enn fremur í boði fyrir doktorsnema. Í heild nýttu 29 sér persónulega aðstoð sérfræðinga sviðsins á árinu 2023.

Ritver og Verkefnavaka í Þjóðarbókhöðu

Ritver HÍ er með afgreiðslu í Þjóðarbókhöðu. Þar sinna starfsmenn þess ráðgjöf við fræðileg skrif alla virka daga. Samstarf ritvers, Lbs-Hbs og bókasafns

Menntavísindasviðs styrktist enn frekar á árinu með reglulegum fundum og voru örnámskeið ritvers haldin bæði í Þjóðarbókhöðu og í húsnæði sviðsins í Stakkahlöð.

Verkefnavaka Háskóla Íslands var haldin í Þjóðarbókhöðu 24. mars og heppnaðist hún vel. Verkefnavaka er samstarfsverkefni Ritvers HÍ, náms- og starfsráðgjafar og bókasafna HÍ. Fagstjóri upplýsingaþjónustu og notendafræðslu, Sigurbjörg Long, er fulltrúi Lbs-Hbs í stjórn Ritvers HÍ.

Leiðarvísar.is – heimildir og leiðbeiningar

Gagnasafnið leiðarvísar.is hefur að geyma sérsniðnar upplýsingar um safnkost einstakra námsgreina auk margvíslegs fræðslu- og kynningarefnis. *Leiðarvísar.is* nýtist einkum nemendum og starfsfólki Háskóla Íslands við heimildavinnu, skil á verkefnum og öðru efni til birtingar. Einnig nýtist gagnasafnið starfsfólki sviðsins við undirbúning og framkvæmd kynninga og fræðslu. Í árslok 2023 taldi safnið 127 leiðarvísa og bættust 6 nýir við á árinu. Uppflettingar samkvæmt tölum frá kerfissala voru samtals 53.350 (54.206), sem er svipað og síðustu ár. Sjá töflu 2.12.

Ritfærni og endurgjafahugbúnaðurinn Turn-it-in

Samningur um notkun ritfærni- og endurgjafahugbúnaðarins Turnitin fyrir alla íslenska framhalds- og háskóla rann út í árslok 2023. Í desember var undirritaður nýr samningur til eins árs undir sömu skilyrðum og voru í fyrri samningi. Að þessu sinni var ákveðið að gera styttri samning en áður því nokkrir þættir þarfnast endurskoðunar. Ekki síst þegar litið er til þeirra breytinga sem munu eiga sér stað í hinu akademíska umhverfi næstu árin með tilkomu gervigreindar.

Innlögð verkefni í Turnitin á árinu voru 218.289 [226.991] sem er tæplega 4% fækkun frá fyrra ári. Verkefni sem fengu endurgjöf voru 43.531 [45.532] sem er rúmlega 9% fækkun frá fyrra ári. Aukning á notkun síðustu ár hefur vaxið hratt en nú er farið að hægja á henni og hún gæti sveiflast eilítið milli ára þar sem nær allar þær stofnanir sem hafa rétt til að nota hugbúnaðinn eru byrjaðar að nota hann og því eru ekki lengur að bætast við stórir hópar nýrra notenda. Lækkun á notkun endurgjafartólsins gæti einnig skýrst af því að námsumsjónarkefi á borð við Canvas bjóða upp á prýðileg endurgjafartól sem geta komið að einhverju leyti í staðinn fyrir þá virkni hjá Turnitin. Kennarar sem notuðu kerfið voru 2.589 [2.605].

Safnkostur á rafrænu formi og notkun hans

Aðgangur að gögnum á rafrænu formi er ýmist opinn á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu, þ.e. í séráskrift safnsins og/eða Háskóla Íslands. Áhersla er lögð á að miðla upplýsingum um rafrænan safnkost sem best og auðvelda aðgang að honum. Aukin notkun á rafrænum safnkosti eykur líkur á að hann nýtist til


þekkingarsköpunar innan háskólans og aukin notkun tryggir jafnframt góða nýtingu þess fjármagns sem varið er til efniskaupanna.

Árið 2023 sóttu notendur 249.914 greinar og 82.790 bókarkafla/rafbækur í gagnasöfn sem aðgengileg eru fyrir séráskriftir HÍ og Lbs-Hbs. Er það svipað og árið á undan en þó nokkur aukning á notkun rafbóka eða um 14.652 fleiri niðurlög en 2022. Notkun efnis í Landsaðgangi 2023 var svipuð, en alls sóttu notendur 264.477 greinar í rafrænar áskriftir sem Lbs-Hbs og HÍ greiða fyrir í Landsaðgangi. Rétt er að fram komi að ekki bærust áreiðanlegar tölur frá útgefendunum Wiley og Elsevier og var notkun efnis frá þeim áætluð út frá þremur árum á undan. Niðurhal greina í opnum aðgangi jókst talsvert eða um 20.000 og var heildar-niðurhal slíkra greina 43.500 árið 2023. Heildarfjöldi sótttra greina, bókarkafla og bóka í rafræn söfn sem Lbs-Hbs og HÍ kaupa áskriftir að var 640.681 árið 2023.

Útlán og innheimta

Útlán voru svipuð milli ára 2022 og 2023, þeim fækkaði, en endurlánum fjölgaði. Nýskráð útlán 2023 voru 15.383 (17.505) Endurlán voru 35.804 (33.247). Samtals voru útlán árið 2023 51.187 (50.751). Skipting útlána milli lánþegahópa er lítið breytt, en skiptist svo:

Lánþegahópar	Útlán	Endurlán
Starfsfólk HÍ og safnsins	3.135	16.150
Nemendur við HÍ	8.157	11.573
Aðrir háskólanemar	479	522
Doktorsnemar	710	44.08
Nemar í framhaldsskólum	69	29
Fræðimenn	1.715	1.414
Almennir lánþegar	952	1.559
Óskiltgreindir lánþegar	166	149
Alls	15.383	35.804



Nemendur við Háskóla Íslands eru langstærsti notendahópurinn. Nauðsynlegt að taka tölum um útlán, bæði ný útlán og endurlán, með fyrirvara. Um mitt síðasta ár var innleitt nýtt bókasafnskerfi Alma, í stað eldra kerfis Aleph. Vinnulag og verkferlar breyttust talsvert. Notkun á rafrænu efni hefur einnig aukist verulega á undanförunum árum.

Bæklingar

Upplýsinga- og leiðbeiningaefni er nú að mestu birt á rafrænu formi. Þó koma eftirtaldir bæklingar um hag-nýt efni reglulega út í fjölríti, bæði á íslensku og ensku:

- *Velkomin í Þjóðarbókhöfðu,*
- *Listaverk í Þjóðarbókhöfðu,*
- *Lesherbergi,*
- *Útlán,*
- *Millisafnalán,*
- *Geymsluskápar,*
- *Námsbókasafn,*
- *Dewey flokkstölur.*

Ritakostur á prenti

Flest rit útlánþjónustu eru í opnu rými á 4.h. en hluti ritakosts er á 3.h., á handbókasal á 2.h., í útibúum, geymslum í kjallara og í fjargeymslu í Mjódd. Ekki eru öll rit lánuð og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1915, tímarit, handbækur, barnabækur og smáprent.

Vinnurými safngesta

Í safninu eru um 700 sæti fyrir gesti. Á 3. og 4.h. er almennt lesrými með 408 lessætum við borð, þar af 30 til 35 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti. Lesrýmið er mest notað af nemum HÍ og nýting því eðlilega mest á prófatímum. Einnig er góð nýting yfir skólaárið. Á 2.h. eru 17 borð fyrir smærri og stærri hópa þar sem samtöl eru leyfð. Þar eru nú sæti fyrir 65 gesti, auk 9 lágsæta og nýtur aðstaðan mikilla vinsælda meðal nemenda bæði á háskóla- og framhaldsskólastigi.

Í safninu eru 26 lesherbergi sem safngestir geta leigt til ákveðins tíma. Lesherbergin eru einkum ætluð nemendum í framhaldsnámi, fræðimönnum og rithöfundum. Tvö lesherbergi eru stærri en hin og eru þau ætluð fötluðum safngestum til almennrar notkunar. Annað þeirra er einnig nýtt sem tveggja manna hópvinnuherbergi ef það er laust. Alls sóttu 112 um aðstöðu í lesherbergjum, og fengu 78 úthlutað. Þar af voru 7 doktorsnemar (9%), 53 nemendur í meistaranámi (68%) og 18 safngestir sem unnu að fræðistörfum eða ritstörfum (23%).


Herbergin eru leigð út til mismunandi langs tíma en að meðaltali höfði gestir afnot af herbergi í þrjá og hálftan mánuð. Karlar nýttu lesherbergi í 98 mánuði, konur í 194 mánuði, 292 mánuði samtals.

Í safninu eru 3 hópvinnuherbergi sem gestir bóka sjálfir á vef safnsins. Meðalnýting þeirra árið 2023 var 61%, en 69% ef aðeins er skoðaður sá tími sem kennsla stendur yfir í Háskóla Íslands.

Talning gesta

Gestir voru taldir með hugbúnaði frá Camlytics sem tengdur er eftirlitsmyndavélakerfi safnsins. Búnaðurinn var settur upp 2021 og gerðar prófanir á notkun

hans. Heimsóknir árið 2023 voru 180.763 og dreifast á mánuði ársins eins og fram kemur á myndinni:



Skemman

Skemman.is er varðveislusafn fyrir lokaverkefni allra íslenskra háskóla. Reksturinn er hjá safninu. Alls var skilað 2.914 lokaverkefnum í Skemmuna á árinu (sjá töflu 3.2.2), og þar af skiluðu nemendur Háskóla Íslands 1.760 verkefnum og skiptist fjöldinn á fræðasvið skólans eins og hér segir:

Lokaritgerðir eftir sviðum HÍ	2022	2023
Félagsvísindasvið	686	722
Heilbrigðisvísindasvið	341	321
Hugvísindasvið	223	221
Menntavísindasvið	296	310
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	137	156
Þverfaglegt nám	24	30
Samtals	1.707	1.760

Millisafnalán

Heildarfjöldi beiðna árið 2023 var 1.129 (1.205). Af þeim voru afgreiddar 926 (996) beiðnir eða 82%.

Úr safnkosti Lbs-Hbs:

Samtals voru 306 gögn afgreitt á árinu. Á síðasta ári voru þau hins vegar 337. Alls voru 84 greinar afgreiddar til bókasafna og fjölgaði þeim um 31 grein milli ára. Meirihluti greina var sendur til innlendra bókasafna eða 81 grein. Þá voru 105 greinar afgreiddar í greinaþjónustu til starfsmanna og nemenda HÍ, fyrirtækja og almennra lánþega. Bækur úr ritakosti Lbs-Hbs sendar til annarra safna voru 117 á árinu, þar af fóru 99 til innlendra safna og 18 til erlendra safna.

Til Lbs-Hbs

Safninu bærust alls 620 gögn á árinu frá öðrum söfnum, þar af voru 316 bækur og 304 tímaritsgreinar. Flestar komu greinarnar í gegnum þjónustuna OCLC World-Share eða 189 (63,4%) næst flestar greinar komu frá þýsku greinaþjónustunni Subito eða 73 (24,5%). Greinar frá Finnlandi voru 23 (7,7%) en samtals komu 15 (5,7%) greinar frá öðrum Norðurlöndum. Bækur komu hins vegar að miklu leyti frá Norðurlöndum og

25 bækur (7,9%) komu frá innlendum söfnum. Flestar bækur komu frá Danmörku, 94 (29,7%), þá frá Svíþjóð, 86 (27,2%) kom og frá Noregi komu 25 (7,9%) bækur.

Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tilteknum námskeiðum. Námsbókasafnið er í opnu rými á 4. hæð. Samtals nýttu kennarar í 98 (134) námskeiðum þjónustu námsbókasafns árið 2023, sem er fækkun. Eins og fyrri ár voru það einkum kennarar á Hugvísindasviði og Félagsvísindasviði sem nýttu sér þjónustuna. Eitt námskeið á Heilbrigðisvísindasviði var með efni. Verkfræði- og náttúruvísindasvið var með 3 námskeið. Menntavísindasvið nýtti sér ekki þjónustuna þetta árið.

Rafrænar bækur héldu áfram að bætask við hefðbundið efni á árinu og hefur nýja bókasafnskerfið Alma auðveldað miðlun rafræns efnis til nemenda. Nú er hægt að skrá rafrænt efni sem hluta af námsefni einstakra námskeiða á námsbókasafni og er það leit- arbært sem slíkt á lbs.leitir.is. Kennarar sem óska eftir þjónustu námsbókasafnsins fá sem fyrr upplýsingar um námsefni sem er aðgengilegt í rafrænu formi. Vonir eru bundnar við að nýja bókasafnskerfið geti aukið og bætt þjónustu námsbókasafns við nemendur og kennara enn frekar á komandi árum. Vegna skipulagsbreytinga voru eintök í námsbókasafni ekki talin 2023, en stefnt að því að taka upp fyrra verklag á næsta starfsári. Fækkun var á námskeiðum sem nýttu sér þjónustu námsbókasafns á árinu. Þar munar mestu um fækkun námskeiða á Hugvísindasviði og Félagsvísindasviði en samanlagt fækkað námskeiðum frá þessum tveimur sviðum um 29 milli ára. Fjöldi námskeiða skiptist þannig eftir sviðum HÍ:

Fræðasvið HÍ – fjöldi námskeiða	2022	2023
Félagsvísindasvið	38	23
Heilbrigðisvísindasvið	0	1
Hugvísindasvið	90	71
Menntavísindasvið	2	0
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	4	3
Samtals	134	98

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum er upplýsingaveita fyrir Ísland og veitir öllum sem tengjast Internetinu hjá íslenskri netveitu aðgang að þeim gagnasöfnum og rafrænu tímaritum sem samningar um áskrift gilda um. Landsaðgangur er jafnframt mikilvægur innviður fyrir rannsóknastarf í landinu. Á vef Landsaðgangs *hvar.is* er að finna upplýsingar um áskriftir, gagna- og tímaritasöfn, ásamt tenglum. Þar eru einnig upplýsingar um starfsemi Landsaðgangs, samninga, ársskýrslur, greiðendur og notkun.

Fimm manna stjórnarnefnd skipuð fulltrúum helstu hagsmunaaðila tekur þátt í stefnumótun og er ráðgefandi um val á efni.

Árið 2023 var stjórnarnefndin þannig skipuð; Anna Sigríður Guðnadóttir, varamaður Magnús Gottfreðsson (LSH), Anna Sveinsdóttir, ekki er búið að skipa varamann (Upplýsing), Baldvin Zarióh, varamaður Jenný Bára Jensdóttir (Háskóli Íslands), Brjánn Birgisson, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir (Almenningsbókasöfn) og Ragna Björk Kristjánsdóttir, varamaður Astrid Margrét Magnúsdóttir (Háskólar aðrir en HÍ), Guðrún Tryggvadóttir, sviðsstjóri Þjónustu- og miðlunarviðs Lbs-Hbs, formaður. Engar breytingar urðu á áskriftum í Landsaðgangi árið 2023, en allar frekari upplýsingar er að finna í Ársskýrslu Landsaðgangs fyrir 2023 á vef verkefnisins.

Á árinu 2023 var aðgangur að heildartexta u.þ.b. 20.149 tímarita í Landsaðgangi frá útgefendum og í ProQuest Central gagnasafninu. Áætlað er að heildarfjöldi tímarita sem eru í virkri útgáfu sé um 15.000. Auk þess veitir Landsaðgangur aðgang að bókfræðilegum upplýsingum, öðru efni og tímaritum almenns eðlis. Þá er einnig aðgangur að tæplega 10.000 rafbókum frá Springer Nature.

Kostnaður við áskriftir var 257,2 m.kr., þar af 41,8 m.kr. fyrir gagnasöfn og 215,4 m.kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag um 200 greiðenda var um 147,8 m.kr. og nam því beinn útlagður kostnaður að frádregnum innborguðum tekjum 67,8 m.kr. Mismunur tekna og gjalda, ásamt kostnaði vegna umsýslu landsaðgangs og afskrifaðra tapaðra krafna er fjármagnaður af óskiptri fjárveitingu Lbs-Hbs. Viðræður voru við ráðuneytið um breytt skipulag á rekstri Landsaðgangs.

Kostnaður Landsaðgangs

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur að nokkrum gagnasöfnum á öllu landinu fyrir tilstilli aðila sem kosta þau, en það eru aðallega háskólar og rannsóknastofnanir. Þar má nefna *Scopus*, *Journal Citation Reports* og þrjú sérhæfð söfn frá ProQuest.

Meginhluti efnis Landsaðgangs er aðgenglegt í *leitir.is* og þar er boðið upp á bX ábendingaþjónustu sem vísar á skýlt efni.

Opinn aðgangur og opin vísindi

Opin vísindi

Opin vísindi er rafrænt varðveislusafn fyrir ritrýndar vísindagreinar og efni sem birtist í opnum aðgangi á vegum allra háskóla á Íslandi. Auk vísindagreina eru doktorsritgerðir varðveittar í varðveislusafninu. Árið 2023 bættust 139 verk í Opin vísindi. Þar af komu m.a. fræðigreinar í opnum aðgangi úr rannsóknagáttinni IRIS, en einnig var fræðigreinum og doktorsritgerðum skilað beint í varðveislusafnið frá HÍ. Við árslok 2023 innihélt Opin vísindi 2.783 verk.

Tegund efnis	2022	2023
Vísindagreinar	2.057	2.075
Bækur	37	37
Bókarkafar	44	48
Ráðstefnuefni	33	43
Tímaritagreinar	15	16
Doktorsritgerðir	445	550
Fyrirlestrar	1	1
Forprent	2	2
Skýrslur	11	11
<i>Samtals</i>	2.645	2.783

DOI númer

DOI númer eru auðkennisnúmer fyrir tímaritagreinar líkt og ISBN fyrir bækur og ISSN fyrir tímarit. Á árinu voru 201 DOI númer virkjuð fyrir 13 íslensk tímarit. Þrjú tímarit hóf notkun á DOI númerum á árinu, *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, *Leyfi til að elska* (veftímarit) og *The Journal of Arctic Tourism*.

Tímaritin koma víða að en að þeim standa Háskóli Íslands, Tannlæknafélagið, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Rannsóknarmiðstöð ferðamála, Foreldra- jafnrétti, Náttúrufræðistofnun, Lögfræðingafélag Íslands, Háskólinn á Akureyri, Surtseyjarsfélagið og Stofnun Árna Magnússonar. Þjónusta vegna DOI númera er án endurgjalds.

Opinn aðgangur OA

Safnið tók þátt í Alþjóðlegri viku opins aðgangs eins og undanfarin ár í samvinnu við önnur háskólabókasöfn á Íslandi, dagana 23.-29. október. Að þessu sinni var dagskrá vikunnar veglegri en verið hefur undanfarin ár og má þakka það styrk sem umsýsaraðilar vikunnar hlutu úr Bókasafnasjóði. Innlendir og erlendir fyrirlesarar fluttu erindi og haldin var vinnustofa um málefni tengd opnum aðgangi. Þátttakendur víða af landinu fengu að njóta fróðlegra fyrirlestra með aðstoð TEAMS.

Teknar voru saman tölur frá Scopus og Web of Science um birtingar á Íslandi og birtingar í OA 2023. Hafa verður í huga að ekki er um heildarbirtingar að ræða því ekki eru allar birtingar skráðar í þessu gagnasöfn, sér í lagi birtingar í íslenskum tímaritum. Einnig er raunin sú að ekki er alltaf um birtingu í opnum aðgangi að ræða, þó svo að það sé skilgreint svo. Alls birtust 2209 greinar í Scopus sem Íslendingar/íslenskar stofnanir áttu aðild að, þar af 1490 í opnum aðgangi. Í Web of Science birtust alls 2120 greinar, þar af 1447 í e.k. opnum aðgangi og gildir það sama hér og í Scopus. Tölurnar gefa þó vísbendingu um að birtingar vísindagreina með aðild Íslendinga í opnum aðgangi fari vaxandi.

Teknar voru saman tölur frá Scopus og Web of Science um birtingar á Íslandi og hlutfall birtinga í opnum aðgangi 2023.

2022	Heildarbirtingar	Í OA	OA%
Scopus	2.201	1.394	58%
Web of Science	1.989	1.307	54%
HÍ - Scopus	1.039	606	58%
HÍ - Web of Science	1.033	543	52%
2023			
Scopus	2.209	1.490	67.45%
Web of Science	2.120	1.447	68,25%
HÍ - Scopus	1.420	748	52,7%
HÍ - Web of Science	1.095	796	72.7%

Ekki er um heildarbirtingar að ræða því ekki eru allar birtingar skráðar í þessi gagnasöfn, sér í lagi birtingar í íslenskum tímaritum. Einnig er raunin sú að ekki er alltaf um birtingu í opnum aðgangi að ræða, þó svo að það sé skilgreint svo. Tölurnar gefa þó vísbendingu um að birtingar íslenskra vísindagreina í opnum aðgangi eða erlendar greinar með aðild Íslendinga fari vaxandi. Vefurinn opinnadgangur.is er upplýsingavefur fyrir Ísland um opin vísindi og opinn aðgang sérstaklega, ætlaður íslensku fræðasamfélagi, upplýsingafræðingum á Íslandi, auk áhugasamra aðila meðal almennings og erlendra aðila sem tengjast málaflöknum. Áhugasamir geta skrá sig á póstlista og fengið sendar upplýsingar um efni tengt opnum vísindum reglulega. Áskrifendur í árslok voru 187.

Vinnuhópur stjórnenda háskólabókasafna um opin vísindi/opinn aðgang, þar sem allir háskólarnir eiga fulltrúa, vann ötullega að því á árinu að treysta Alþjóðlega viku opins aðgangs í sessi í íslensku háskólasamfélagi. Hópurinn stóð að metnaðarfullri fræðsludagskrá í tilefni vikunnar.

OpenAIRE

Undanfarin ár hefur safnið verið aðili að Evrópuverkefninu OpenAire. Á þess vegum eru veittar upplýsingar um opin vísindi almennt, unnið að styrkingu nauðsynlegra innviða opinna vísinda í Evrópu, ásamt því að veita vísindafólki þjónustu gegnum upplýsingaborð, svokallað NOAD (National Open Access Desk). Hlutverk OpenAIRE er að tryggja ótakmarkaðan, hindrunarlausan og ókeypis aðgang að rannsóknafurðum sem styrktar eru af opinberu fé. Á árinu urðu talsverðar hækkanir á aðildargjöldum hjá OpenAire og að vel ígrunduðu máli var ákveðið að greiða ekki aðildargjald fyrir árið 2024.

Áfram verður þó fylgst með þróun mála hjá OpenAIRE og einnig EOSC samtökunum (European Open Science Cloud) með tilliti til þess hvernig nýta megja þeirra, átaksverkefni og hjálpartól til stuðnings opnum aðgangi á Íslandi.

Rannsóknargáttin IRIS

Icelandic Research Information System

Við árslok 2023 hafði rannsóknargáttin IRIS, verið starfrækt í 18 mánuði www.iris.ra.is.

Verkefnið hefur þróast jafnt og þétt með þátttöku þeirra 10 aðildarstofnana sem eru hluti af fyrsta fasa rekstursins. Fundir stýrihóps voru fjórir yfir árið en þar voru m.a. ræddar fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á verkefninu. Fyrir liggur að útfærslu kerfisins þarf að breyta úr núverandi uppsetningu á Pure kerfinu, sem liggur að baki IRIS, í svokallað Pure Community, en sú uppsetning er hönnuð til að ráða við margar aðskildar stofnanir í einu. Fundir verkefnastjórna lýsigagna og rannsókna hafa verið mánaðarlegir á árinu, en verkefnastjórn tækni hittist sjaldnar, enda er vinna þeirra annars eðlis. Frá upphafi skráninga í Pure, sem miðast við þrjú ár, (01.01.2021 - 31.12.2023) hefur 50.751 rannsóknarafurð (e. research output) verið skráð í kerfið.

Skv. www.iris.ra.is voru 1.830 íslenskar rannsóknafurðir útgefnar og birtar á árinu 2023, þar af 1.599 á ensku og 197 á íslensku. Þessi tala getur breyst þegar meira efni bætist við. Margvíslega tölfræði um birtingar aðildarstofnana IRIS má skoða undir *Rannsóknarafurðir* á www.iris.ra.is.

Rekstrarkostnaður IRIS, sem skiptist skv. greiðslulíkani milli aðildarstofnana, var samtals 12.524.257 kr. á árinu. Það er tæplega 7% hækkun frá árinu áður. Virkir rannsakendur töldust samanlagt vera 1.503 og fækkaði um tæp 7% frá fyrra ári.

Verkefnastjóri IRIS tók þátt í ýmsum viðburðum og verkefnum á árinu. Í febrúar stóð Háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytið fyrir í vinnustofu um opin vísindi, stöðu og þróun rannsóknarumhverfisins á Íslandi, sem akademískt starfsfólk og starfsfólk stoðsviða háskólanna fékk boð um að taka þátt í.

Þróun sk. Djúptæknijarna stendur yfir með samvinnu hagaðila rannsókna á Íslandi og verkefnastjóri fundaði með umsjónarmanni kjarnans í mars og apríl og er í tengslum við verkefnið eðli málsins samkvæmt.

Í apríl/maí unnu verkefnastjóri og deildarstjóri á Vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands með Háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytinu að því að nýta tölfræði úr Pure fyrir nýtt árangurstengt fjármögnunarlíkan ráðuneytisins.

Í júní komu fulltrúar Elsevier, söluaðila Pure, á fund með verkefnastjórnnum Pure sem haldinn var í Lóni í Þjóðarbókhöð. Á fundinum var fjallað um breytingaferli verkefnisins og mögulega yfirfærslu kerfisins úr Pure í Pure Community. Stýrihópur IRIS fékk kynningu í september en samningaviðræðum við Elsevier um þessa breytingu var ekki lokið í árslokið 2023.

Í október sótti verkefnastjóri IRIS tvær ráðstefnur. Sú fyrri var *Nordic Workshop in Bibliometrics (NWB)* í Gautaborg í Svíþjóð. Verkefnastjóri hefur sótt þessa ráðstefnu áður í samfloti með starfsfólki Vísinda- og nýsköpunarsviðs HÍ, sem sinnir verkefnum í IRIS fyrir skólann, og situr nú í skipulagsnefnd fyrir næstu ráðstefnu sem fyrirhugað er að halda á Íslandi árið 2024. Seinni ráðstefnan var *Pure International* í

Dubrovnik, Króatíu en sú ráðstefna er einnig haldin árlega þar sem framleiðandi kerfisins, Elsevier, og fulltrúar kaupenda og notenda kerfisins funda.

Verkefnastjóri á sæti í REAC nefnd (Research Evaluation and Advisory Committee) og fundir þar voru reglulegir yfir árið þótt fyrirhugaðri ráðstefnu um Pure, sem halda átti að frumkvæði nefndarinnar, væri frestað um ár vegna óvissu um fyrirnefndar breytingar á uppsetningu kerfisins.

Lbs-Hbs á að aðild að euroCRIS samstarfinu um samræmingu rannsóknagátta milli landa og verkefnastjóri IRIS sækir reglulega fjarfundi með þeim hópi. Þeir eru haldnir á nokkurra vikna fresti, auk þess sem einn fundur er staðfundur og ein ráðstefna, en verkefnastjóri IRIS sótti aðeins fjarfundi á árinu.

Undir árslok 2023 var auglýst eftir starfsmanni við IRIS verkefnið næstu tvö árin, eftir að umsókn háskólanna í IRIS fékk styrk úr Samstarf háskóla á vegum háskóla-ráðuneytisins undir árslok 2022. Fjórir umsækjendur voru um starfið, og fengu allir boð í viðtal. Andrea Ævarsdóttir, upplýsingafræðingur var ráðin.

Rannsókn- og þróunarverkefni

Starfsfólk sviðsins tekur þátt í rannsóknaverkefnum sem hlotið hafa styrk úr Bókasafnasjóði. Annars vegar er um að ræða *Kennsluvef í upplýsingalæsi* sem er samstarfsverkefni íslenskra háskólabókasafna, unnið af fulltrúum í s.k. upplýsingalæsisþópi sem starfar á vegum stjórnenda íslenskra háskólabókasafna. Vefnum er m.a. ætlað að efla háskólanema í að greina þörf fyrir upplýsingar, finna þær, meta og nota á skilvirkan og ábyrgan hátt. Önnur skólastig og almenningur geta einnig haft gagn af vefnum. Áætluð verklok voru haustið 2023 en verkefnið tafðist og er nú stefnt að opnun vefjarins 2024.

Síðan er *Upplýsingalæsi : notkun hugtaksins á bókasöfnum*, en þar verður skoðað á hvernig fagstéttni upplýsingafræðingar hugsar um hugtakið, notar það í starfi sínu og hvaða hlutverki, ef einhverju, það gegnir í faglegri sjálfsmynd. Verkefnið á að varpa ljósi á hvort upplýsingafræðingar telji það á sínu verkswiði að veita fræðslu, kennslu og stuðning til sinna notenda varðandi upplýsingalæsi og í hverju sá stuðningur felst. Áætluð verklok eru vor/sumar 2024.

Þá hlaut verkefnið *Alþjóðleg vika opins aðgangs 2023* styrk úr Bókasafnasjóði. Fjárframlagið gerði það að verkum að hægt var að fá erlenda fyrirlesara og halda uppi öflugri dagskrá í Viku opins aðgangs haustið 2023.

Erasmus+ verkefninu *Welcome! Student Starter Kit*, sem Þjónustusvið var aðili að, lauk í ágúst. Markmið þess var að þróa og innleiða kynningarefni fyrir nýnema í háskólanámi, til að undirbyggja fræðileg vinnubrögð og aðra færni sem nauðsynleg er í háskólanámi. Verkefnið var unnið í samstarfi við Háskólann í Stavanger í Noregi, Tækniháskólann í Kaunas í Finnlandi og Háskóla Íslands og lauk á árinu með útgáfu vefjarins studentstarterkit.eu.

Sameining Lbs-Hbs og bókasafns Menntavísindasviðs

Undirbúningur fyrir flutning starfsemi Menntavísindasviðs HÍ úr Stakkahlíð á Sögu hélt áfram. Starfshópur um sameiningu safnanna hittist reglulega fyrri hluta árs og í honum sitja fulltrúar HÍ, og af hálfu safnsins landsbókavörður, fjármálastjóri og sviðsstjóri Þjónustusviðs. Annars voru samskipti í gegnum Teymi. Ákveðið var að ráða inn starfsmann í grisjun og flutning safnkosts menntavísindasviðs, en hún sinnti einnig grisjun í Þjóðarbókhöðu í því skyni að skapa pláss, auk þess sem endurraða þurfti hluta af safnkostinum. Hluti hans fer í útibú á Sögu. Mikil tiltekt var á skráningar-færslum beggja safna í Gegni, til að undirbúa sameininguna. Ákveðið var að nýta hillur frá bókasafni Menntavísindasviðs fyrir Námsbókasafn í Þjóðarbókhöðu. Þá var unnið að nýjum starfslýsingum fyrir starfsfólk bókasafns menntavísindasviðs. Sameining er áætluð sumarið 2024.

Útibú

Safnið starfrækir nokkur útibú á háskólasvæðinu eða í næsta nágrenni þess. Einungis afgreiðsla lagabókasafns í Lögbergi er mönnuð af starfsmönnum sviðsins, samtals í 20.5 tíma á viku. Í öðrum útibúum er umsjón, sem felst í eftirlitsferðum eftir þörfum. Sú meginstefna hefur verið mörkuð að útibúin séu handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum, en stúdentum verði fremur beint í Þjóðarbókhöðu.

Í árslok voru eftirfarandi útibú starfrækt:

- Bókastofa í Tæknigarði. Bækur á sviði stærðfræði og eðlisfræði.
- Lagabókasafn í Lögbergi. Öpið daglega.
- Bókastofa Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3. Handbóka- og tímaritasafn starfsmanna.

Árstölur

Í lok árs eru birtar tölur um starfsemi safnsins. Árlega eru gerðar einhverjar breytingar á framsetningu tölfræðinnar í takt við breytta starfsemi. Höfð er hliðsjón af 6. útg. af staðlinum *International Library Statistics, ISO 2789:2022*. Númer á töflunum samsvara númerum í staðlinum. Þá er dregin út kynbundin tölfræði þar sem það er hægt og einnig teknar inn tölur úr árslokátölfræði Gegnis frá Landskerfi bókasafna. Með innleiðingu nýs bókasafnskerfis á miðju ári 2022, breyttist tölfræðivinnslan, og hún er ekki alltaf sambærileg úr Aleph og Alma. Eftir umræður og athuganir var ákveðið að sleppa tölfræði úr Gegni og Leitum það árið. Í ár er þráðurinn tekinn upp að nýju með Alma, en tölur eru ekki alltaf sambærilegar.

1. STARFSSTÖÐVAR OG ÚTIBÚ

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn Íslendinga, sem voru 375.218 þann 1. janúar 2023 skv. tölum frá Hagstofu Íslands, en safnið þjónar einnig öðrum sem til þess leita. Það er jafnframt bókasafn Háskóla Íslands en þar voru skráðir 13.701 nemendur á haustönn árið 2023.¹ Safnið er ein stjórnunareining, en starfsemi og safnkostur var á eftirtöldum stöðum:

Þjóðarborgkhlöðu, Arngrímögötu 3 í Reykjavík	1
Útibú og lesstofur í Háskóla Íslands	3
Varaeintakasafn í Reykholti í Borgarfirði	1
Skylduskilaeintök í Amtsbókasafninu á Akureyri	1
Geymsla í Mjódd í Reykjavík	1
Gagnageymslur og Gagnaský	4
Alls	11

2. ÞJÓNUSTA OG NOTKUN

Notendur safnsins eru bæði þeir sem koma í safnið og þeir sem nýta sér þjónustu þess á netinu. Gestir á lessal handritasafns og Íslandssafns eru taldir. Síðla árs 2019 var í tilraunaskyni tekinn í notkun teljari í anddyri Bókhöðunnar, frá fyrirtækinu Camlytics, til að fylgjast betur með fjölda gesta. Árin 2020 og 2021 voru tölurnar ekki marktækar vegna samgöngutakmarkana og lokana af völdum Covid-19, en 2022 fékkst skýrari mynd af heimsóknum í Þjóðarborgkhlöðuna, sbr. töflu 2.1. Heimsóknir og flettingar á vef má sjá í töflu 2.13. Auk þess heimsækja notendur samfélagsmiðla, þjónustu og stafrænt efni sem safnið kaupir eða hefur umsjón með.

2.1 Heimsóknir í Þjóðarborgkhlöðuna²

	2020	2021	2022	2023
Fjöldi gesta skv. Teljara (Camlytics)			172.280	180.763
Þar af gestir á lestrarsal á 1. hæð	2.002	2.811	2.585	1.766
Þar af notendur lesherborgja	83	80	78	78

¹ Lykiltölur Háskóla Íslands <https://www.hi.is/kynningarefni/nemendur>.

² Ný tafla. Sjá einnig töflu 2.10. Talning heimsókna skv. Teljara, sem er hugbúnaður frá fyrirtækinu Camlytics. Tölurnar birtast einnig á Inngangi þannig að starfsfólk getur séð hversu margt fólk er í safninu á hverjum tíma. Gestum á lestrarsal 1.h. fækkar m.a. vegna betra aðgengis að stafrænu efni á vef. Lesherborgin eru nánast fullnýtt allt árið, en fjöldi þeirra sem fá úthlutað er breytilegur. Því fleiri sem sækja/fá úthlutað, því færri mánuði getur hver og einn fengið.

2.2 Skráðir lánþegar³

	2020	2021	2022	2023
Nemar HÍ	14.992	14.539	-	8.867
Starfsfólk HÍ og Lbs-Hbs	772	552	-	3.135
Nemar utan HÍ	75	53	-	548
Aðrir lánþegar	743	37	-	2.833
Samtals	16.582	15.181	15.986	15.383

2.3 Útlán og hlustun⁴

	2020	2021	2022	2023
Útlán – Þjóðarþókhlaða og útibú				
Stúdentar og doktorsnemar við HÍ	11.232	10.942	10.188	8.867
Starfsfólk HÍ og Lbs-Hbs	3.572	3.335	3.684	3.135
Nemar utan HÍ	826	548	539	548
Aðrir lánþegar	4.541	4.690	3.093	2.833
Endurlán ⁵	43.511	46.187	33.247	35.804
Samtals	63.682	65.702	50.751	51.187
Íslandssafn - efni lánað á lestrarsal	1.724	1.991	-	1.210
Handritasafn - efni lánað á lestrarsal	2.856	3.312	2.381	2.304
Lögberg	3.133	2.579	-	1.692
Kvinnasögusafn – efni lánað á lestrarsal	88	125	35	82
Námsbókasafn				206
Tón- og myndasafn				
Hljóðrit – útlán	9	7	-	5
Myndefni – útlán	276	243	-	120
Tölvugögn – útlán	3	4	-	2
Nótur – útlán	64	85	-	24
Hljóðrit – hlustun innanhúss ⁶	501	215	464	126
Hljóðrit – hlustun á Hljóðsafnið utanhúss				20.487
Myndefni – áhorf	24	20	25	22
Samtals	8.678	8.581	-	26.373
Heildarútlán	72.360	74.283	-	77.560

2.4 Millisafnalán og greinapjónusta

	2020	2021	2022	2023
Til bókasafnsins				
Bækur o.fl.	399	352	356	316
Greinar - ljósrit	334	385	303	304
Frá bókasafninu				
Bækur o.fl.	179	169	103	117
Greinar - ljósrit	273	282	234	189
Samtals	1.185	1.188	996	926
Millisafnalán til handritasafns	5	29	3	19
Millisafnalán frá handritasafni	17	4	5	4
Samtals í handritasafni	22	33	8	23
Millisafnalán í heild	1.207	1.221	1.004	949

³ Ekki var hægt að taka út áreiðanlegar upplýsingar fyrir 2022 vegna kerfisskipta. Talning er breytt í nýja bókasafnskerfinu.

⁴ Tölur um útlán eru af vef Landskerfis bókasafna. Fækkun hefur orðið á útlánunum undanfarin ár, fyrst vegna Covid-19 og síðan kerfisskipta 2022, en ekki var hægt að lána út um tíma. Önnur skýring er að notkun á rafrænu efni hefur aukist til muna og ná þarf betur utan um þá notkun. Nemendur hafa einnig aðgang að námsefni og margvíslegu lesefni í gegnum Canvas námsumsjónarkerfi Háskóla Íslands.

⁵ Endurnýjunum fjölgaði aftur, en þau hafa verið fleiri en útlán.

⁶ Breytt talning á hlustun, nú er talin hlustun í gestatölvu Hljóðsafns á 4. hæð og einnig hlustun utanhúss á vef.

2.5 Upplýsingaþjónusta - fyrirspurnir afgreiddar

	2020	2021	2022	2023
Upplýsingaþjónusta				
Tölvupóstur – erindum vísað annað ⁷	172	131	187	151
Tölvupóstur - afgreidd erindi	547	301	353	448
Í síma eða á staðnum	67	38	47	45
Netspjall	668	402	267	215
Gæðastjórn Gagnis	168	170	168	212
Tón- og myndsafn	14	14	17	13
Tónlistarsafn	9	46	35	37
Íslandssafn	25	25	30	32
Kvennasögusafn	131	146	103	96
Miðstöð munnlegrar sögu	15	20	13	20
Leikminjasafn		23	45	55
Samtals	1.816	1.316	1.265	1.324

2.6 Prentun, ljósritun og skönnun safngesta⁸ Fjöldi blaðsíðna.

Fjöldi blaðsíðna	2020	2021	2022	2023
Prentun	29	3.423	4.568	6.141
Ljósritun	11.505	12.662	7.945	11.254
Skönnun	11.942	7.602	7.425	9.967

2.9 Viðburðir

Fjöldi viðburða	2020	2021	2022	2023
Sýningar	10	11	9	9
Málþing, fyrirlestrar, dagskrár og kynningar	18	15	13	17
Samtals	28	26	22	26

2.10 Lestrarsalur handritasafns og Íslandssafns 1. hæð

Fjöldi gesta	2020	2021	2022	2023
Samtals	2.002	2.811	2.585	1.766

2.10 Nýting lesherbergja og hópvinnuherbergja

	2020	2021	2022	2023
Leiga lesherbergja (fjöldi mánaða)	193	247	292	292
Nýting hópvinnuherbergja yfir árið (hlutfall)	51%	45%	60%	61%

2.11 Fræðsla og kynningar

	2020	2021	2022	2023
HÍ – Almenn kynning	18	19	16	12
HÍ - Grunnkynning	8	9	20	14
HÍ - Endnote	6	5	9	7
HÍ – Fræðsla í tengslum við verkefnavinnu	1	5	3	2
HÍ – Hagnýt upprifjun í tengslum við lokaverkefni	4	1	7	9
Doktorsnemar – EndNote, kynning	1	2	6	4
Doktorsnemar – Heimildaleit, kynning	1	4	4	4
Ritver - EndNote	1	2	3	1
Ritver - Heimildaleit	1	3	3	1
Verkefnavaka	0	0	1	1

⁷ Erindi sem berast í pósthólfid landsbokasafn@landsbokasafn.is og framsend annað til afgreiðslu. Taflan hefur verið leiðrétt.

⁸ Reiknistofnun HÍ þjónustar nú tölvur fyrir nemendur skólans, og því er ekki talin prentun og skönnun stúdenta HÍ. Ljósritun og skönnun almennra safngesta og starfsfólks jókst aftur á móti.

Almennar kynningar og heimsóknir	5	0	6	4
Annað (t.d. nýnemakynning fræðasviða)		1	0	1
Samtals	46	51	78	60
Einstaklingsaðstoð:				
Leiðsögn í heimildaleit	37	43	15	24
Doktorsnemar - EndNote	5	6	0	3
Doktorsnemar - Heimildavinna		2	6	2
Samtals	42	51	21	29

2.12 Notkun á rafrænum gögnum og þjónustu

	2020	2021	2022	2023
Sóttar greinar og rafbókatitlar í Landsaðgangi ⁹	2.142.257	1.677.154	2.074.099	-
Sóttar greinar í gagnasafn Morgunblaðsins	3.563.278	2.967.219	3.064.829	-
Sóttar greinar í séráskriftum HÍ ¹⁰	212.081	232.302	257.182	249.914
Sóttir titlar/bókarkafar í séráskriftum HÍ	55.450	84.221	68.138	82.790
Sóttir leiðarvísar í Leiðarvísasafnið ¹¹	52.959	57.536	54.206	53.350
Sóttar greinar í GOA (gylltum opnum aðgangi)	42.438	50.722	26.053	43.500
Samtals sóttar greinar og bókarkafar	6.068.463	5.096.154	5.544.507	-

2.12 Scopus¹²

	2020	2021	2022	2023
Leitir (Regular Search)	29.729	6.789	121.465	-
Klikk á tengla í leitarniðurst.(Total Item Investigation)	33.792	104.930	268.465	-
Sóttir úrdrættir eða greinar (Record Views)	39.163	50.508	73.151	-

2.12 Turnitin – Notkun háskóla og framhaldsskóla¹³

	2020	2021	2022	2023
Innlögð verkefni	179.326	195.780	226.991	218.289
Endurgjafir	52.694	51.175	48.081	43.531
Virkir kennarar	2.097	2.560	2.605	2.589

2.13 Heimsóknir og síðuflettingar á vefjum safnsins¹⁴

	Heimsóknir		Síðuflettingar	
	2022	2023	2022	2023
timarit.is	1.602.448	1.678.934	9.596.172	9.729.406
skemman.is ¹⁵	1.397.474	1.592.565	3.738.483	3.307.784
landsbokasafn.is	101.454	107.281	212.193	216.398
handrit.is	71.197	70.287	342.588	368.349
baekur.is	69.271	71.681	278.566	306.988
hljodsafn.is	51.744	47.956	138.584	130.796
rafhladan.is	51.632	47.411	102.282	122.744

⁹ Tölurnar vantar fyrir 2023. Í ársskýrslu Landsaðgangs á *hvar.is* er að finna nánari upplýsingar um notkun á stafrænu söfnunum.

¹⁰ Erfitt er að nálgast tölur um notkun á sumum séráskriftum HÍ og gögnin eru óstöðug. Átak hefur verið gert í að fá betri tölur um notkun á séráskriftum HÍ, auk þess sem söfnin hafa verið gerð sýnilegri í Leiðarvísasafninu. Tölur fyrir efni í Landsaðgangi 2023 liggja ekki fyrir.

¹¹ Nafninu var breytt úr Áttavitinn í Leiðarvísasafnið árið 2022.

¹² Breytt talning 2022 skv. Counter Compliant 5. Fjöldi notenda dróst saman milli ára 2020-21, en virðast taka mikið stökk 2022, hugsanlega vegna innkomu IRIS, eða vantalningar 2021. Verið er að rýna í breytta talningu. Tölur fyrir 2023 liggja ekki fyrir.

¹³ Tölur úr stöðuskýrslu um Turnitin Feedback Studio. Endurgjöfum fækkar, líklega vegna endurgjafa í Canvas námsumsjónarkerfinu.

¹⁴ Talning á vefnotkun var endurskoðuð bæði 2021 og 2022 vegna mikillar umferðar frá vélmennum.

¹⁵ Stór hluti umferðar á skemman.is kom frá vélmennum í lok árs 2021. Reynt var að leiðrétta tölurnar.

inngangur.landsbokasafn.is ¹⁶	33.100	-	68.714	-
opinvisindi.is	33.084	28.958	74.151	60.922
leiðarvísar (áður Áttavitinn) leidarvísar.is	30.024	27.213	75.783	66.708
hvar.is (Landsaðgangur)	29.160	23.264	42.419	30.849
kvennasogusafn.is	15.162	35.042	49.820	76.724
vefsafn.is	13.614	49.395	38.048	310.269
doktor.landsbokasafn.is	11.407	9.158	16.964	16.091
islandskort.is	11.373	10.019	33.067	40.439
jonashallgrimsson.is	11.155	13.214	34.999	37.759
Lykilskrá	6.634	5.884	19.702	19.783
sagas.landsbokasafn.is	6.118	4.826	13.132	10.296
einkaskjol.is	6.088	6.739	13.824	16.255
hask.landsbokasafn.is (Handbók skrásetjara)	7.751	7.343	38.509	34.619
utgafuskra.is (Íslensk útgáfuskra)	4.551	3.895	7.393	5.837
konurogstjornmal.is	4.113	3.497	6.891	6.348
Hallgrimurpetursson.is	3.491	3.614	6.366	6.119
leikminjasafn.is	3.011	5.074	9.833	11.638
openaccess.is	2.945	4.367	5.979	8.305
munlegsaga.is	677	643	1.359	985
bokaskra.landsbokasafn.is	501	622	1.491	2.167
Samtals 27 vefir	3.577.179	3.858.981	14.967.312	14.944.577

2.15 Samfélagsmiðlar – fjöldi færslna og fjöldi fylgjenda¹⁷

	Færslur 2022	Færslur 2023	Fylgjendur 2022	Fylgjendur 2023
Fésbók - Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	151	90	3.357	3.400
Fésbók - Handritasafn	49	46	1.622	1.710
Fésbók - Kvennasögusafn	60	55	2.523	2.653
Fésbók - Leikminjasafn	33	58	955	1.250
Twitter - Openaccess.is	98	16	281	274
Twitter - Kvennasögusafn	80	87	624	599
YouTube - Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	3	0	50	67
YouTube - Tónlistarsafn	1	0	106	0
Instagram - Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	103	23	713	843
Samtals	578	375	10.231	10.796

2.16 Námsbókasafn

	2020	2021	2022	2023
Fjöldi námskeiða með efni í námsbókasafni	163	154	134	98
Fjöldi eintaka í námsbókasafni	3.400	3.470	4.300	-

¹⁶ Nýr endurskoðaður *Inngangur*, var opnaður í ársbyrjun með nýtt útlit. Hann er í Sharepoint lausn, en ekki lengur eiginlegur vefur. Þar er nú aukinn aðgangur að innri kerfum og nýju efni sem starfsfólk hefur aðgang að, m.a. skjalakerfinu og gæðakerfinu.

¹⁷ Notkun samfélagsmiðla hefur verið tilraunakennd, en hún útheimtir talsverða vinnu, og þeim hefur verið fækkað. Tölur eru endurskoðaðar milli ára.

3.0 SAFNKOSTUR

3.2 Skráður eintakafjöldi eftir efnistegund – unnið úr Gegni .

Efnistegund	Handrita safn	Lbs-Hbs	Íslands safn	Lögberg	Kvenna-sögusafn	Vara eintök	Rannsóknasetur HÍ	Alls 2023	Alls 2022
Blu-ray mynddiskur		386	89					475	-
Bók	2.475	407.421	232.074	10.528	8	125.013	6873	784.392	-
Dagblöð		8	20			31		59	-
Gagnasett									-
Geisladiskur-tónlist		680	9.668	3		7.127		17.478	-
Geisladiskur-hljóðbók		c	1.256			827		2.083	-
Handrit	16.544				928			17.472	-
Hljómplata		4	4.170			3.423		7.597	-
Hljómplata-hljóðbók		2	90			75		167	-
Innbundin tímarit		7.915	8.599			492		17.006	-
Kort		26	1.510			800		2.336	-
Leikir		7	73					80	-
MP3-hljóðbók		17	224			197		438	-
Myndband		1.157	994	1		16		2.168	-
Mynddiskur DVD		3.926	1.471			58		5.455	-
Nótur		4.464	2.890			2.283		9.637	-
Samsett efni		8	9			8		25	-
Skyggnur			23			8		31	-
Smáprent			1.075					1.075	-
Snælda- tónlist		120	1.287			812		2.219	-
Snælda-hljóðbók			727			562		1.289	-
Tímaritshefti		26.890	22.452	1.500				50.842	-
Tímarit - innbundin						25.706		25.706	-
Tæki		3	1					4	-
Tölvugögn		745	447	4		275	2	1.473	-
Annað		27	45	187		52		311	-
Samtals	19.019	454.476	289.194	12.223	936	167.762	6.875	950.485	949.085

3.2.1 Safneign deilt niður á safneiningar¹⁸ Erfitt að fá tölur vegna nýs bókasafnkerfis 2022-2023

Heildarfjöldi titla	2020	2021	2022	2023
Handritasafn	16.178	16.187	-	-
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	368.507	400.359	-	-
Íslandssafn	178.999	181.474	-	-
Kvennasögusafn	102	187	-	-
Lögberg	9.130	9.034	-	-
Varaeintakasafn	111.523	115.482	-	-
Rannsóknasetur HÍ	5.497	5.577	-	-
Alls	689.936	728.300	-	-
Heildarfjöldi eintaka				
Handritasafn	18.948	18.963	-	19.019
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	485.997	479.417	-	454.476
Íslandssafn og sérsöfn	275.653	279.883	-	289.194
Kvennasögusafn	583	913	-	936
Lögberg	11.991	12.008	-	12.223
Varaeintakasafn	144.844	151.117	158.348	167.762
Rannsóknasetur HÍ	6.783	6.784	-	6.875
Alls	944.799	949.085	-	950.485

¹⁸ Unnið úr Gegni. Ekki unnið vegna kerfisskipta 2022. Tölur eru ekki nákvæmar en gefa hugmynd. Talsvert var gríslað 2022-23.

3.2.2 Aðföng – árleg aukning

Skýlduskil¹⁹	2020	2021	2022	2023
Bækur (rit skráð sem bækur)	4.529	4.341	4.127	3.823
Tímarit (hefti)	3.635	4.303	4.303	7.582
Blöð (tölublöð)	5.223	3.579	3.579	Ekki talið
Ársskýrslur	239	89	14	Ekki talið
Veggspjöld	36	0	28	37
Landakort	2	4	4	5
Smælki (einingar)	7.510	3.275	3.713	5.402
Hljóðrit ²⁰	233	304	204	93
Mynddiskar ²¹	11	1	1	1
Hljóðbækur rafrænt	306	1.919	526	504
Hljóðbækur á disk	55	46	9	2
Prentaðar nótur	21	37	61	48
Stafrænt efni í Skemmunni (fjöldi verka)	2.625	2.846	2.889	2.914
Stafrænt efni í Opin vísindi (fjöldi verka)	893	364	543	139
Stafrænt efni í Rafhlöðunni (fjöldi skráa)	7.637 ²²	1.267	679	1.595
Stafrænt efni í Hljóðsafni (fjöldi verka)	3.161	6.054	10.389	9.549
Stafrænt efni í IRIS (fjöldi rannsóknarafurða pr. ár)			1.794	1.830
Vefsöfnun – fjöldi skjala í þúsundum	2020	2021	2022	2023
Heildarsafnanir	289.352	251.810	292.858	296.175
Vikulegar safnanir	63.702	78.961	81.318	72.751
Atburðasafnanir (RSS)	2.991	2.764	2.553	317
Sérsöfnun vegna Covid-19	58.947	60.275	5.830	Ekki safnað
Samtals fjöldi skjala í þúsundum	414.992	393.810	382.559	369.244
Önnur aðföng – keypt efni, gjafir, afhendingar	2020	2021	2022	2023
Bækur, keyptar fyrir Þjónustusvið	180	235	206	169
Bækur, keyptar fyrir Íslandssafn	303	370	310	151
Bækur, keyptar fyrir HÍ fræðasvið og deildir	525	512	420	342
Bækur, gjafir/ritaskipti	4.471	4.560	1.295	3.257
Erlend tímarit, keypt í Lbs.-Hbs.	184	159	126	135
Erlend tímarit, keypt af HÍ	347	346	331	317
Erlend tímarit, keypt af stofnunum HÍ	1	1	1	1
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	140	110	80	70
Eldri árgangar tímarita, gjafir	106	15	57	151
Íslensk tímarit, keypt	98	83	73	65
Íslensk tímarit, gjafaáskrift	25	25	20	20
Íslensk tímarit, gjafir, hefti				2.400
Hljóðrit, keypt fyrir Íslandssafn	75	109	152	74
Hljóðrit, gjafir	1.083	412	40	223
Mynddiskar keyptir fyrir Þjónustusvið	19	29	8	1
Mynddiskar keyptir fyrir Íslandssafn	29	36	15	1
Mynddiskar keyptir fyrir HÍ fræðasvið og deildir	15	0	0	0
Mynddiskar, gjafir	159	55	7	7
Hljóðbækur, gjafir	42	24	10	14
Prentaðar nótur, gjafir	58	46	4	89
Ársskýrslur, gjafir	2	86	0	Ekki talið
Tölvugögn, gjafir	43	18	1	1
Gagnagrunnar, keyptir fyrir Lbs.-Hbs., HÍ o.fl. ²³	23	25	25	23

¹⁹ Talin eru þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Lbs.-Hbs. af bókum, dagblöðum, hljóðbókum og margmiðlunardiskum en tvö eintök eru varðveitt af smælki og veggspjöldum. Tölur um smælki eru áætlaðar.

²⁰ Talin eru eintök af útgefnum hljóðritum sem varðveitt eru í Lbs.-Hbs. Einnig eiginútgáfa einstaklinga, kóra og hljómsveita.

²¹ Þ.e. titlar.

²² Mikil aukning varð árið 2020 í skilum í Rafhlöðuna, en margar stofnanir nýttu ástandið í Covid-19 til að senda inn efni.

²³ Safnið greiddi fyrir eða tók þátt í kaupum á 8 gagnasöfnum og svið og deildir HÍ greiddu fyrir önnur gagnasöfn.

Aðföng handritasafns (einingar)	76	83	136	79
Aðföng kvennasögusafns (einingar)	14	29	22	22
Aðföng miðstöðvar munnlegar sögu (einingar)	7	7	2	11
Aðföng tónlistarsafns (einingar)	13	19	34	27
Frumupptökur íslenskrar tónlistar - einingar	360	17	857	248
Aðföng leikminjasafns - afhendingar	1	17	11	14

3.2.3 Afskráning – Unnið úr Gegni (skýrsla E08) – Ekki unnið vegna kerfisskipta 2022-23.

Fjöldi afskráðra eintaka	2020	2021	2022	2023
Handritasafn	0	4	-	-
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	24.280	15.222	-	-
Íslandssafn	1.003	1.638	-	-
Lögberg	616	28	-	-
VR II	0	0	-	-
Varaeintakasafn	647	1.301	-	-
Rannsóknasetur HÍ	14	3	-	-
Alls	26.560	18.196	-	-

4. AÐGANGUR OG AÐSTAÐA

Vetrartími - afgreiðslutími í klukkustundum pr. viku	80
Sumartími - afgreiðslutími í klukkustundum pr. viku	40-44
Prófatími – afgreiðslutími lengist í sex vikur	86
Fjöldi daga sem er opið í venjulegu árferði	320
Sæti	700
Lesherbergi fyrir einstaklinga	26
Hópvinnuherbergi	4
Hópvinnuborð	17
Fjöldi tölva fyrir notendur - tölvur og kiosk þjónustur	24
Fjöldi eintaka í samskrá – Gegnir	5.829.591
Fjöldi útlána – Gegnir	2.279.376
Fjöldi lánþega – Gegnir	161.966
Ljósritunarvélar, prentarar og skannar	14
Rými í fermetrum	
- Þjóðarbókhlaða	13.000.00
- Reykholt	851.40
- Geymsla í Mjódd	428.00

5. STJÓRNUN OG REKSTUR

5.1 Skjalastjórn

	2020	2021	2022	2023
Fjöldi nýrra mála í skjalakerfi	150	371	297	474

5.3 Útgáfa

	2020	2021	2022	2023
Endurútgáfa bæklinga	8	8	8	8
Nýir leiðarvísar á Leiðarvísar.is ²⁴	12	37	10	6
Sýningarskrár	2	1	3	3
Bæklingar	3	4	2	2
Samtals	25	50	23	19

²⁴ 21 leiðarvísir kom frá bókasafni Menntavísindasviðs HÍ.

5.4 Forvarsla og bókband

	2020	2021	2022	2023
Bókbandsverk - einingar	16.100	16.078	9.938	16.131

5.5 Stafræn endurgerð

Prentað efni (fjöldi blaðsíðna)	2020	2021	2022	2023
Blöð og tímarit	115.323	100.969	129.000	149.078
Bækur	28.941	30.488	22.974	32.601
Handrit	31.235	39.436	62.681	12.859
Íslandskort	0	0	3	0
Fylgiefni fyrir Hljóðsafn	999	1.223	3.663	5.289
Einkaskjöl	200	624	296	0
Samtals fjöldi blaðsíðna	176.698	172.740	218.617	199.827
Hljóðefni (fjöldi hljóðskráa)				
Tónlist	3.400	5.815	10.389	9.261
Hljóðbækur	153	94	226	288
Hljóðskrár – miðstöð munnlegrar sögu	14	0	0	82
Hljóðskrár – frumupptökur íslenskrar tónlistar	-	-	621	2.206
Hljóðskrár – leikminjasafn	-	239	175	0
Samtals fjöldi hljóðskráa	3.400	6.054	11.217	11.837

5.6 Alþjóðleg númer

ISSN - tímaritsnúmer	2020	2021	2022	2023
Fjöldi stakra númera	202	134	54	239
ISBN - bóknúmer				
Fjöldi forlagsraða	74	81	68	69
Fjöldi stakra númera	222	219	213	188
ISMN - nótunúmer				
Fjöldi númeraraða	2	5	2	1
Fjöldi stakra númera	7	14	7	6
DOI - númer fyrir tímaritsgreinar				
Fjöldi stakra númera	494	279	254	201

6. TEKJUR OG GJÖLD

6.2 Rekstrargjöld (í þús. króna)

	2020	2021	2022	2023
Laun	708.962	726.517	783.318	824.133
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	345.283	361.024	339.034	363.244
Önnur gjöld	376.887	379.589	373.805	410.821
Samtals	1.431.132	1.467.130	1.496.157	1.598.198
Hlutfallsleg skipting %	2020	2021	2022	2023
Laun	49.6	49.5	52.5	51,6
Ritakaup	24.1	24.5	22.7	22,7
Önnur gjöld	26.3	25.9	24.8	25,7

6.2 Skipting útgjalda milli sviða

Svið	2020	2021	2022	2023
Aðföng og skráning	15.5%	20.1%	20.8%	19.7%
Rekstur og upplýsingatækni	33.2%	31.7%	32.5%	34.4%
Varðveisla og stafræn endurgerð	16.5%	16.1%	16.2%	15.2%
Þjónusta og miðlun	34.8%	32.1%	30.5%	30.7%
Samtals	100%	100%	100%	100%

6.3 Rekstrarreikningur (í þús. króna)

Tekjur	2020	2021	2022	2023
Framlag Háskóla Íslands til ritakaupa	34.969	39.281	38.179	39.687
Innheimt vegna Landsaðgangs	145.644	134.049	131.931	150.093
Aðrar tekjur	141.301	155.498	141.157	148.033
Af fjárlögum	1.070.900	1.070.700	1.119.100	1.156.500
Samtals	1.392.805	1.399.528	1.430.367	1.494.312
Gjöld				
Laun	708.962	726.517	783.318	824.133
Rekstur húsnæðis	182.997	188.563	203.106	243.798
Ritakaup og aðgangur að rafrænu efni	103.290	106.198	101.948	105.976
Landsaðgangur að rafrænum áskriftum	241.992	254.826	237.086	257.269
Kostnaður vegna bókasafnskerfa (Landskerfi)	29.500	30.658	32.612	35.826
Rekstur tölvu- og tækjabúnaðar	46.840	44.120	44.455	54.572
Önnur gjöld	117.551	116.248	93.632	76.626
Samtals	1.431.132	1.467.130	1.496.157	1.598.198
Rekstrarafgangur / - halli	-23.294	-67.602	-65.790	-103.886

7. STARFSFÓLK

7.2 Yfirlit yfir ársverk skipt á svið og eftir menntun

Ársverk skipt á starfseiningar	2020	2021	2022	2023
Aðföng og skráning	20.35	20.65	19.90	17.45
Rekstur og upplýsingatækni	12.80	12.80	12.80	12.80
Varðveisla og stafræn endurgerð	18.33	19.52	19.02	18.02
Þjónusta og miðlun	18.10	19.04	19.04	19.24
Samtals ársverk	69.58	72.01	70.76	67.51
Flokkun starfsmanna (ársverk)				
Bókasafnsfræðingar	26.90	26.90	27.10	27.45
Aðrir háskólamenntaðir	23.95	24.80	23.80	20.30
Aðrir bókaverðir	9.50	10.58	10.60	9.56
Aðstoðar- og skrifstofufólk	3.08	3.58	3.60	3.50
Iðnmenntaðir	6.15	6.15	5.70	6.70
Samtals ársverk	69.58	72.01	70.76	67.51

Kynbundin tölfraði

Starfsfólk	2020	2021	2022	2023
Karlar	28	30	27	27
Konur	49	49	50	46
Samtals	77	79	77	73
Starfsfólk - ársverk				
Karlar	26.65	27.87	25.42	25.42
Konur	42.93	44.14	45.34	42.09
Samtals	69.58	72.01	70.76	67.51
Starfsfólk – greidd námskeið / ráðstefnur				
Karlar	2	1	1	2
Konur	16	3	8	6
Samtals	18	4	9	8
Skráðir lánþegarⁱ				
Karlar	6.618	4.944	-	-
Konur	13.149	10.122	-	-
Ótilgreint, stofnanir, fyrirtæki	130	105	-	-
Samtals²⁵	19.897	15.171	-	-
Millisafnalán og greinabjónusta				
Karlar	512	515	493	468
Konur	559	561	467	493
Ótilgreint, stofnanir, fyrirtæki	136	112	0	0
Samtals	1.207	1.188	960	961
Gestir á lestrarsal 1.h.				
Karlar	1.473	1.997	1.896	1.871
Konur	529	814	689	907
Samtals	2.002	2.811	2.585	2.778
Leiga lesherbergja (mánuðir)				
Karlar	65	100	98	98
Konur	128	174	194	194
Samtals	193	274	292	292
Umfjöllunarefni sýninga				
Karlar	3	4	4	4
Konur	3	2	1	1
Ótilgreint, hlutir, stofnanir, almennt	4	5	4	4
Samtals	10	11	9	9
Erindi á málþingum og fundum				
Karlar	3	8	10	10
Konur	7	8	10	18
Samtals	10	16	20	28
Kjörgripur mánaðarins				
Karlar	7	6	8	8
Konur	3	4	3	3
Ótilgreint	1	2	1	1
Samtals	11	12	12	12

²⁵ Ekki var hægt að fá áreiðanlegar tölur vegna innleiðingar nýs bókasafnskerfis.

